

MANNRÉTTINDADÓMSTÓLL

EVROPU 2014

Dómareifanir

2. hefti 2014 (júlí–desember)

Mannréttindastofnun Háskóla Íslands

Ritstjóri: Björg Thorarensen
Ritnefnd: Ásgerður Ragnarsdóttir
Hrafn Bragason

Mannréttindadómstóll Evrópu
Dómareifanir
2. hefti 2014 (júlí–desember)

© Mannréttindastofnun Háskóla Íslands
ISSN 1670-6145



Prentun: Oddi umhverfissvottuð prentsmiðja

Útgáfan er styrkt af innanríkisráðuneytinu

Frá ritstjóra

Skipulagsbreytingar sem gerðar voru á Mannréttindadómstól Evrópu með 14. viðauka við Mannréttindasáttmála Evrópu sem tók gildi 2010 eru nú farnar að skila áþreifanlegum árangri í vinnuafköstum dómstólsins. Í ársskýrslu hans fyrir árið 2014 kemur fram að í lok ársins biðu 69.900 kærumál afgreiðslu hjá dómstólnum en í árslok 2013 voru þau 99.900. Sem fyrr er yfirgnæfandi meiri hluta kærumála sem honum berast vísað frá þar sem kæruskilyrði samkvæmt sáttmálanum eru ekki uppfyllt. Þegar uppsöfnuð mál urðu flest yfir 150 þúsund fyrir nokkrum árum gátu mörg ár liðið frá því að kæranda var tilkynnt um frávísun og enn fleiri ár þar til efnisdómur gekk í máli.

Með breyttu vinnulagi og uppstokkun á deildaskipan Mannréttindadómstólsins, þar sem einum dómara er falið ákvörðunarvald til að lýsa kæru ótæka í stað þriggja dómara áður, hefur aukist mjög skilvirkni dómstólsins í að vísa frá uppsöfnuðum málum. Það vekur hins vegar upp spurningu um hvort slík skilvirkni er á kostnað vandaðrar skoðunar á hverju máli. Auk þess hefur nýtt kæruskilyrði um að vísa skuli frá málum sem ekki hafa valdið kæranda umtalsverðu óhagræði og eru ekki um grundvallarspurningar haft áhrif í þá átt að dómstóllinn getur beint kröftum sínum að mikilvægari málum.

Þá er víst að Mannréttindadómstóllinn hefur í úrlausnum sínum eftir gildistöku 14. viðauka lagt æ meiri áherslu á að það sé frumskylda aðildarríkja að Mannréttindasáttmálanum að tryggja mannréttindi á yfirráðasvæði þeirra en ekki hlutverk Mannréttindadómstólsins sem alþjóðlegs dómstóls. Í þessu sambandi hefur dómstóllinn lagt áherslu á nálægðarregluna (*principle of subsidiarity*) en með 15. viðauka við sáttmálann sem var samþykktur árið 2013 en hefur ekki tekið gildi, var tilvísun til frumábyrgðar aðildarríkjanna og nálægðarreglunnar bætt í inn ingangsorð sáttmálans.

Þetta þýðir að Mannréttindadómstóllinn leggur æ meiri áherslu á að kanna hvort þau viðmið sem hann hefur mótað um túlkun ákvæða sáttmálans eru nægilega lögð til grundvallar í störfum innanlandsstofnana sem þurfa að beita þeim við úrlausn mála, í ljósi þess að þau bera frumábyrgðina á því að tryggja mannréttindi. Sjái dómstóllinn ekki merki um að leyst hafi verið úr máli innanlands á grundvelli þeirra viðmiða, eru líkur fyrir því að sú staðreynd ein leiði til þess að aðildarríki hafi brotið gegn ákvæðum sáttmálans. Gott dæmi um þetta má sjá í dómi hans í máli *Erlu Hlynisdóttur II gegn Íslandi* frá 21. október en íslensk þýðing dómsins birtist í heild sinni í þessu hefti. Þar var íslenska ríkið talið hafa brotið gegn tjáningarfrelsi kæranda samkvæmt 10. gr. sáttmálans þegar hún var dæmd til greiðslu bóta vegna ummæla sem höfð voru eftir viðmælenda hennar í blaðagrein sem kærandi ritaði sem blaðamaður. Í dómi Mannréttindadómstólsins koma fram athyglisverð ummæli um hvað dómstóllinn leggur til grundvallar við skoðun sína á málinu, en þar segir m.a. í 54. mgr.: „Við mat á því hvort niðurstöður innlendra dómstóla séu viðeigandi og fullnægjandi tekur Mannréttindadómstóllinn þannig mið af því, í samræmi

við nálægðarregluna, að hvaða marki landsdómstólar gættu jafnvægis milli réttinda sem stangast á í málinu, með hliðsjón af dómaframkvæmd Mannréttindadómstólsins á viðkomandi sviði. Beri rökstuðningur landsdómstóls þess merki að hann hafi ekki haft nægjanlega hliðsjón af almennum meginreglum Mannréttindadómstólsins samkvæmt 10. gr. sáttmálans verður ofangreint svigrúm yfirvalda til mats óhjákvæmilega þrengra.“

Dómurinn vekur athygli á því að íslenskir dómstólar þurfa að endurskoða aðferðir sínar við úrlausn um hvort nauðsyn ber til að skerða tjáningarfrelsi vegna réttinda annarra. Verði sýnt fram á með skýrum hætti í dómsúrlausn að réttum viðmiðum hafi verið beitt eru minni líkur á að Mannréttindadómstóllinn endurskoði það mat.

Á síðustu árum hafa óvenju mörg meiðyrðamál komið til úrlausnar hjá íslenskum dómstólum og þrír áfellisdómar gengið hjá Mannréttindadómstólnum gegn íslenska ríkinu vegna brota á 10. gr. sáttmálans. Það er ekki ásættanleg staða. Reyndar hafa verið felld niður ákvæði eldri prentлага sem voru til skoðunar í öllum dómunum um ábyrgð blaðamanna á ummælum viðmælenda. Þótt lagaumhverfið nú virðist ekki skapa sérstök vandamál gagnvart tjáningarfrelsinu skiptir höfuðmáli hvernig takmörkunum er beitt af dómstólum í hverju einstöku máli. Í ljósi síðustu dóma í málum gegn íslenska ríkinu er víst að dómstólar hér á landi þurfa að breyta vinnuaðferðum sínum til að uppfylla kröfur sem Mannréttindadómstóllinn hefur þróað um hvað felst í skyldum aðildarríkja samkvæmt 10. gr. sáttmálans.

Laganemarnir Aron Freyr Jóhannsson, Ágústa Flosadóttir og Halldór Hrnann Halldórsson unnu reifanirnar sem hér eru birtar.

Björg Thorarensen

Efnisyfirlit

2. hefti 2014 (júlí – desember)

2. gr. Réttur til lífs

Bljakaj o.fl. gegn Króatíu. Dómur frá 18. september 2014	
<i>Manndráp. Athafnaleyssi lögreglu. Jákvæðar skyldur.</i>	9
Jaloud gegn Hollandi. Dómur frá 20. nóvember 2014 - Yfirdeild	
<i>Lögsaga. Yfirráðasvæði. Hernaðaráttök. Rannsókn í kjölfar manndráps</i>	10

3. gr. Bann við pyndingum

Husayn og Al Nashiri gegn Póllandi. Dómur frá 24. júlí 2014	
<i>Ólöglegir fangaflutningar. Lögsaga. Ábyrgð á aðgerðum bandarísku leyniþjónustunnar</i>	13
Anzhelo Georgiev o.fl. gegn Búlgaríu. Dómur frá 30. september 2014	
<i>Lögreglurannsókn. Valdbeiting. Reglur um vopnanotkun. Meðalhóf.</i>	17
Tarakhel gegn Sviss. Dómur frá 4. nóvember 2014	
<i>Útlendingar. Hælisleitendur. Dyflinnarreglugerð.</i>	18
Dvoracek gegn Tékklandi. Dómur frá 6. nóvember 2014	
<i>Vistun á geðsjúkrahúsi. Frelsisskerðing. Lyfjameðferð.</i>	19
Bodein gegn Frakklandi. Dómur frá 13. nóvember 2014 (sjá reifun undir 6. gr.)	
Senchishak gegn Finnlandi. Dómur frá 18. nóvember 2014 (sjá reifun undir 8. gr.)	
Vasilescu gegn Belgíu. Dómur frá 25. nóvember 2014	
<i>Útlendingar. Varðhald. Aðbúnaður í fangelsi.</i>	21

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

Husayn og Al Nashiri gegn Póllandi. Dómur frá 24. júlí 2014 (sjá reifun undir 3. gr.)	
Hassan gegn Bretlandi. Dómur frá 16. september 2014	
<i>Frelsissvipting. Lögsaga. Yfirráðasvæði. Hernaðaraðgerðir. Mannúðarlög.</i>	24
Göthlin gegn Svíþjóð. Dómur frá 16. október 2014	
<i>Fullnusta á skattskuld. Varðhald til að tryggja efndir lögmæltrar skyldu.</i>	26
Ereren gegn Þýskalandi. Dómur frá 6. nóvember 2014	
<i>Gæsluvarðhald. Lengd varðhalds. Meðalhóf.</i>	27

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Husayn og Al Nashiri gegn Póllandi. Dómur frá 24. júlí 2014 (sjá reifun undir 3. gr.)	
Hansen gegn Noregi. Dómur frá 2. október 2014	
<i>Réttindi og skyldur að einkamálarétti. Áfrýjunarleyfi í einkamáli.</i>	29

Efnisyfirlit

Bodein gegn Frakklandi. Dómur frá 13. nóvember 2014 <i>Meðferð sakamáls. Réttur til að færa fram varnir. Lifstíðarfangelsi. Möguleiki á endurskoðun.</i>	30
Urechean og Pavlicenco gegn Moldóvu. Dómur frá 2. desember 2014 <i>Réttur til aðgangs að dómstólum. Ærumeiðingar. Friðhelgi forseta.</i>	32
Emel Boyraz gegn Tyrklandi. Dómur frá 2. desember 2014 (sjá reifun undir 14. gr.)	
Peter Armstrong gegn Bretlandi. Dómur frá 9. desember 2014 <i>Sakamál. Kviðdómur. Óhlutdrægur dómstóll.</i>	33
Ibrahim o.fl. gegn Bretlandi. Dómur frá 16. desember 2014 <i>Hryðjuverk. Staða sakborninga. Réttur til aðgangs að lögmanni.</i>	34
Horncastle o.fl. gegn Bretlandi. Dómur frá 16. desember 2014 <i>Sakamál. Réttur til að leiða fram vitni.</i>	36
 8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu	
M.P.E.V. o.fl. gegn Sviss. Dómur frá 8. júlí 2014 <i>Brottvísun. Rof á fjölskyldutengslum.</i>	38
Hämäläinen gegn Finnlandi. Dómur frá 16. júlí 2014 - Yfirdeild <i>Réttaráhrif aðgerðar til að skipta um kyn. Skráning persónuupp- lýsinga. Jákvæðar skyldur.</i>	39
Kaplan o.fl. gegn Noregi. Dómur frá 24. júlí 2014 <i>Brottvísun. Rof á fjölskyldutengslum.</i>	41
Dzemyuk gegn Úkraínu. Dómur frá 4. september 2014 <i>Skipulagsreglur. Áhrif mengunar á heimili. Fullnusta dóma.</i>	43
Jeunesse gegn Hollandi. Dómur frá 3. október 2014 - Yfirdeild <i>Útlendingar. Dvalarleyfi. Fjölskyldulíf. Brottvísun.</i>	44
Konovalova gegn Rússlandi. Dómur frá 9. október 2014 <i>Réttindi sjúklinga. Heimild læknanema til að vera viðstaddir lækni- aðgerðir.</i>	45
Vintman gegn Úkraínu. Dómur frá 23. október 2014 <i>Afplánun í fangelsi. Afplánunarstaður. Réttur til fjölskyldulífs.</i>	46
Gough gegn Bretlandi. Dómur frá 28. október 2014 <i>Kærufrestur. Réttur til að vera nakinn á almannafæri. Takmörkun tjóningarfrelsis til verndar siðgæði.</i>	47
Senchishak gegn Finnlandi. Dómur frá 18. nóvember 2014 <i>Útlendingar. Brottvísun. Heilsufarsástæður. Kostur á lækni meðferð.</i>	49
Emel Boyraz gegn Tyrklandi. Dómur frá 2. desember 2014 (sjá reifun undir 14. gr.)	
Dubská og Krejzová gegn Tékklandi. Dómur frá 11. desember 2014 <i>Heimafæðingar. Réttur til heilbrigðisaðstoðar. Hagsmunir barna.</i>	50

10. gr. Tjáningarfrelsi

A.B. gegn Sviss. Dómur frá 1. júlí 2014

Birting einkalífssupplýsinga. Umfjöllun um sakamál. Fjölmíðlar. 52

Karácsony o.fl. gegn Ungverjalandi. Dómur frá 16. september 2014

Þingmenn. Stjórn málaumræða. Þingsköp. Agaviðurlög...... 54

Erla Hlynsdóttir gegn Íslandi (nr. 2). Dómur frá 21. október 2014

Hlutverk fjölmíðla. Blaðamenn. Ábyrgð á ummælum. Grundvöllur takmörkunar á tjáningarfrelsi. 55

Matúz gegn Ungverjalandi. Dómur frá 21. október 2014

Blaðamenn. Starfsskyldur. Trúnaðarupplýsingar. Efni sem varðar almenning. 74

Gough gegn Bretlandi. Dómur frá 28. október 2014 (sjá reifun undir 8. gr.)

Braun gegn Póllandi. Dómur frá 4. nóvember 2014

Blaðamenn. Umræða um málefni sem varðar almenning. Sannleiksgildi ummæla. 76

14. gr. Bann við mismunun

Emel Boyraz gegn Tyrklandi. Dómur frá 2. desember 2014

Opinbert starf. Mismunun á grundvelli kynferðis. Málsmeðferðartími fyrir dómstól...... 78

35. gr. Skilyrði þess að mál sé tækt

Gough gegn Bretlandi. Dómur frá 28. október 2014

(sjá reifun undir 8. gr.) 80

38. gr. Skoðun máls

Husayn og Al Nashiri gegn Póllandi (sjá reifun undir 3. gr.) 80

46. gr. Bindandi áhrif dóma og fullnusta þeirra

Husayn og Al Nashiri gegn Póllandi (sjá reifun undir 3. gr.) 80

1. gr. 6. viðauka. Afnáam dauðarefsingar

Husayn og Al Nashiri gegn Póllandi (sjá reifun undir 3. gr.) 80

4. gr. 7. viðauka. Réttur til að vera ekki saksóttur eða refsað tvívegis

Lucky Dev gegn Svíþjóð. Dómur frá 27. nóvember 2014

Viðurlög vegna skattalagabrota. Tvöföld málsmeðferð...... 81

Efnisyfirlit

2. gr. Réttur til lífs

Bljakaj o.fl. gegn Króatíu

Dómur frá 18. september 2014

Mál nr. 74448/12

2. gr. Réttur til lífs

Manndráp. Athafnaleysi lögreglu. Jákvæðar skyldur.

1. Málsatvik

Kærendur eru nánir ættingjar lögmanns sem var myrt árið 2002 af A.N. sem var eiginmaður umbjóðanda hennar. A.N. var haldinn alvarlegum geðsjúkdómum og hafði m.a. gerst sekur um heimilisofbeldi, haft ólögmat skotvopn í fórum sínum og átti við áfengisvandamál að stríða. Daginn fyrir morðið hafði eiginkona A.N. tilkynnt lögreglu um að hann hefði hótad að myrða hana, en lögreglan gerði engar ráðstafanir vegna hótana mannsins. Daginn eftir að hafa reynt að myrða eiginkonu sína fór A.N. á skrifstofu lögmannsins, skaut hana og framdi sjálfsvíg. Stuttu fyrir morðið hafði A.N. verið í haldi lögreglu, en þá var hann sjáanlega óstöðugur og hættulegur. Lögreglumenn létu þó nægja að tilkynna ástand mannsins til heilbrigðis-isyfirvalda, en létu hann lausan. Eftir skotárásina voru aðgerðir umræddra lögreglumanna og yfirmanna þeirra rannsakaðar. Þeir voru sakfelldir fyrir að hafa falsað lögregluskýrslur til að hylma yfir mistök sín í málinu og fyrir að hafa ekki gert skýrslu um afskipti sín af A.N. daginn fyrir morðið.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur töldu að athafnaleysi yfirvalda í aðdraganda morðárásarinnar hafi brotið gegn 2. gr. mannréttindasáttmálans, þar sem yfirvöld hafi ekki veitt fórnarlambinu viðeigandi vernd.

Niðurstaða

Dómstóllinn taldi við mat á málsatvikum og aðdraganda árásarinnar að málið varðaði skyldur aðildarríkjanna samkvæmt sáttmálanum til þess að vernda borgara fyrir þeirri hættu sem stafaði af hættulegum einstaklingum. Í málinu hafi verið um raunverulega og sýnilega ógn að ræða sem beindist gegn lífi borgaranna og að yfirvöld hefðu haft fulla vitneskju um ógnina. Gerandinn í málinu hafi verið alvarlega geðsjúkur og hættulegur enda hafi yfirvöld talið að hann ætti að fá viðeigandi læknisáðstoð. Þá hafi lögregla tvisvar sinnum haft afskipti af manninum að morgni árásarinnar, en ekki hafi verið gripið til ráðstafana til að koma í veg fyrir frekari hættu af háttsemi hans. Í slíkum tilvikum legði 2. gr. sáttmálans jákvæðar skyldur á herðar aðildarríkjanna til þess að gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að draga úr hættu sem stafaði að borgurunum. Dómstóllinn tók fram að króatískir dómstólar hafi talið allmarga annmarka verið á málsmeðferð lögreglunnar og bent

2. gr. Réttur til lífs

á aðgerðir sem grípa hefði mátt til. Þó taldi dómstóllinn sig ekki geta lagt mat á það hvort mál hefðu farið á annan veg ef yfirvöld hefðu staðið öðruvísi að málum, en taldi þó að skynsamlegar aðgerðir hefðu getað haft mikil áhrif til þess að koma í veg fyrir þau voðaverk sem maðurinn framdi. Því hafi aðgerðarleysi lögreglunnar í málinu falið í sér brot gegn þeim jákvæðu skyldum sem 2. gr. sáttmálans legði á aðildarríkin.

Dómstóllinn dæmdi króatíska ríkið til að greiða kæranda 20.000 evrur í miskabætur.

Jaloud gegn Hollandi

Dómur frá 20. nóvember 2014 - Yfirdeild

Mál nr. 47708/08

2. gr. Réttur til lífs

Lögsaga. Yfirráðasvæði. Hernaðarátök. Rannsókn í kjölfar manndráps.

1. Málsatvik

Kærandi, Sabah Jaloud, er íraskur ríkisborgari, fæddur árið 1943 og býr í Írak. Hann er faðir Azhar Sabah Jaloud, sem lést 21. apríl 2004 af völdum skotsára sem hann hlaut í átökum í Írak þar sem liðsmenn hollenska hersins komu við sögu. Í kjölfar innrásarinnar í Írak í mars 2003 tóku hollenskir hermenn þátt í aðgerðum til að tryggja stöðugleika í landinu. Hollenskir herflokkar voru á árunum 2003-2005 staðsettir í Al-Muthanna héraðinu í suðvestur Írak og var æðsti yfirmaður þeirra á svæðinu foringi í breska hernum. Vera hollenska hersins á svæðinu var byggð á samningi ríkisstjórnar Hollands og Bretlands, en samningurinn er ekki opinber þar sem hann telst hernaðarleyndarmál. Þann 21. apríl 2004 var sveit sex manna úr hollenska hernum send að varðstöð sem var mönnuð af liðsmönnum varnarliðs Íraks. Þeir höfðu verið sendir á vettvang vegna skotárásar á varðstöðina. 15 mínútum eftir að þeir komu á staðinn keyrði svört Benz bifreið á miklum hraða í átt að varðstöðinni og virtist ökumaður hennar ekki ætla að stöðva hana. Hermennirnir skutu á bifreiðina, hollenskur liðsforingi skaut 28 skotum að bifreiðinni, en íraskir hermenn skutu einnig fjölda skota að henni. Þegar bifreiðin stöðvaðist kom í ljós að Azhar Sabah Jaloud var í farþegasæti bifreiðarinnar og hafði hlotið skotsár á mörgum stöðum líkamans. Hann var dreginn út úr bílnum og lífgunartilraunir gerðar á honum, en var úrskurðaður látinn um klukkustund síðar. Hollenski herinn setti af stað rannsókn á árásinni og var lagt hald á vopn þeirra sem komu að árásinni sem og bifreiðina sem skotið hafði verið á. Skýrsla var tekin af öllum viðstöddum og krufning á líki Azhar fór fram. Krufningin leiddi ekki í ljós með afgerandi hætti hvaðan skotin höfðu komið sem bönuðu honum, en fjöldi byssukúlna fannst í líkinu. Rannsókn á bifreiðinni leiddi í ljós að skotið hafi verið að henni úr tveimur áttum. Árið 2007 skrifaði lögmáður kæranda hollenskum yfirvöldum bréf og bað um upplýsingar um hvort liðsmenn hollenska hersins hefðu verið saksóttir fyrir hlut sinn í skotárásinni. Saksóknari svaraði bréfunum á þá leið að liðsforinginn hefði skotið á bifreiðina í sjálfsvörn. Í bréfinu var tekið fram að íraskir hermenn

2. gr. Réttur til lífs

hinumegin götunnar hafi skotið á bifreiðina, en hollenski hermaðurinn hafi fyrir mistök talið að skothríðin kæmi frá bifreiðinni. Þá var tekið fram í bréfinu að Azhar hefði látið lífið vegna skota frá fröskum hermönnum. Í október 2007 sendi lögmaður kæranda bréf til hollensks herdomstóls og krafðist þess að höfðað yrði mál á hendur liðþjálfanum sem tók þátt í skotárásinni fyrir óþarfa valdbeitingu. Í apríl 2008 komst herdomstóll að þeirri niðurstöðu að liðþjálfinn hefði brugðist við í sjálfsvörn og hefði verið að bregðast við skothríð sem hann taldi stafa frá bifreiðinni. Hann hafi því ekki gerst sekur um brot sem varðaði refsingu.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að rannsóknin á skotárásinni hafi ekki verið fullnægjandi og hún hafi ekki verið framkvæmd af sjálfstæðum aðila. Hann taldi því að um brot gegn 2. gr. sáttmálans væri að ræða.

Niðurstaða

Um lögsögu dómstólsins: Dómstóllinn tók fyrst til umfjöllunar röksemdir hollenska ríkisins um að málið félli ekki undir lögsögu dómstólsins. Dómstóllinn tók fram að hollenska ríkið hefði ekki afsalað sér lögsögu þó að herdeildir þess hefðu starfað undir stjórn yfirmanns breska hersins. Dómstóllinn taldi skýrt koma fram í bréfi utanríkisráðuneytis Hollands til hollenska þingsins um þátttöku landsins í varnarsveitum Íraks, að hollensk yfirvöld héldu fullri stjórn yfir eigin hermönnum. Það sama kæmi einnig fram í samningi hollenska hersins og breska hersins um samstarf á svæðinu, en dómstóllinn hafi fengið aðgang að þeim samningi. Þá taldi dómstóllinn að það skipti ekki máli að varðstöðin sem hollensku herdeildinni var ætlað að verja hafi verið undir stjórn íraska hersins. Því taldi dómstóllinn að hollenskir hermenn hefðu ekki starfað í skjóli annars ríkis þegar atvik málsins gerðust. Dómstóllinn taldi, miðað við að Azhar hafi látið lífið í hernaðaraðgerð hollenska hersins, að atvik málsins féllu undir lögsögu hollenska ríkisins og því innan lögsögu dómstólsins sjálfs.

Um 2. gr.: Dómstóllinn gat ekki tekið undir staðhæfingar kæranda um að rannsóknin á dauða sonar hans hafi ekki verið framkvæmd af sjálfstæðum aðila. Kærandi taldi að sjálfstæði rannsóknardeildar hersins, sem sá um rannsókn málsins, hafi ekki verið tryggt og vísaði til þess að rannsakenndur hafi m.a. deilt vistarverum með þeim hermönnum sem hafi átt þátt í dauða Azhar. Dómstóllinn taldi þó ekkert fram komið sem drægi sjálfstæði rannsákanda í efa. Þá yrði ekki gerð athugasemd við að saksóknari hafi byggt niðurstöðu sína um saksókn á þeim gögnum sem rannsóknardeildin aflaði, enda byggi saksóknari jafnan mál sín á rannsóknargögnum frá lögreglu. Dómstóllinn taldi ennfremur að óhlutdrægni dómara herréttarins yrði ekki dregin í efa, þó að hann hefði sjálfur þjónað í hernum, enda væri hann líkt og almennir dómarar sjálfstæður í störfum sínum.

Hvað varðaði staðhæfingar kæranda um að rannsóknin á dauða sonar hans hafi ekki verið fullnægjandi, þá féllst dómstóllinn á að ýmsir annmarkar hefðu verið á

2. gr. Réttur til lífs

rannsókninni. Hún hefði eingöngu beinst að því hvort liðþjálfinn hefði brugðist réttilega við þegar hann skaut á bíl Azhar, en ekki fjallað um hvort hann hafi beitt óhóflegu valdi og skotið fleiri skotum en nauðsynlegt hafi verið. Dómstóllinn tók fram að skjöl sem veittu einhver svör við þessum spurningum hafi verið lögð fram við málsmeðferð dómstólsins, en hafi ekki verið aðgengileg þeim aðilum sem rannsökuðu málið af hálfu hollenskra yfirvalda. Sérstaklega hefði þar mikið vægi vitnisburður þeirra hermanna sem viðstaddir voru skotárásina. Þá tók dómstóllinn ennfremur fram að liðþjálfinn hafi ekki verið yfirheyrður fyrir en 6 klukkustundum eftir atburðinn, og því hefði verið möguleiki á að hann og aðrir liðsmenn hans hafi getað samræmt framburð sinn fyrir yfirheyrsluna. Dómstóllinn taldi einnig að krufningin á líki Azhar hafi ekki verið framkvæmd af hollenskum lækni og krufningarskýrslan hafi verið mjög takmörkuð. Þá hefðu sönnunargögn sem aflað var í krufningunni glatast á rannsóknarstigi. Dómstóllinn tók fram að hann hefði fullan skilning á því að rannsakendur hefðu starfað við erfiðar aðstæður í ókunnu landi. Þó yrði ekki litið fram hjá þeim ágöllum sem hefðu verið á rannsókninni á dauða Azhar og því taldi dómstóllinn að rannsóknin hefði ekki fullnægt skilyrðum 2. gr. sáttmálans, og því yrði talið að um brot gegn 2. gr. hafi verið að ræða.

Dómstóllinn dæmdi hollenska ríkið til að greiða kæranda miskabætur að fjárhæð 25.000 evrum og 1.732 evrur í málskostnað.

Tíu dómáramur skiluðu þremur sérálitum.

3. gr. Bann við pyndingum

Husayn og Al Nashiri gegn Póllandi

Dómur frá 24. júlí 2014

Mál nr. 7511/13 og 28761/11

3. gr. Bann við pyndingum

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

13. gr. Réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns

38. gr. Skoðun máls

46. gr. Bindandi áhrif dóma og fullnusta þeirra

1. gr. 6. viðauka. Afnáam dauðarefsingar

Ólöglegir fangaflutningar. Lögsaga. Ábyrgð á aðgerðum bandarísku leyniþjónustunnar.

1. Málsatvik

Kærandi annars málsins er Zayn Al-Abidin Muhammad Husayn, einnig nefndur Abu Zubaydah, ríkisfangslaus Palestínamaður. Kærandi hins málsins er Abd Al Rahim Hussayn Muhammad Al Nashiri, sádi-arabískur ríkisborgari af jemenskum uppruna.

Báðir kærendur kváðust hafa sætt ólögmætum fangaflutningi (e. *extraordinary rendition*) af hálfu bandarísku leyniþjónustunnar (CIA) þ.e.a.s. handtöku og flutningi án dóms og laga til yfirheyrslu í leynilegu fangelsi í Póllandi með vitund pólskra yfirvalda. Hefðu þeir komið til Póllands með sama fangaflutningaflugi í desember 2002 og verið í haldi á varðhaldsstöð sem bandaríska leyniþjónustan starfrækti. Þar hefðu þeir sætt svokallaðri hertri yfirheyrslutækni og óheimiluðum yfirheyrsluáðferðum, þ. á m. sviðsettum aftökum, langvarandi óþægilegum líkamsstillingum og hótunum um að fjölskyldumeðlimir þeirra yrðu teknir höndum og látnir sæta illri meðferð. Þeir hefðu síðar verið fluttir með leynd frá Póllandi með fangaflutningaflugi og loks verið fluttir til flotastöðvar Bandaríkjanna við Guantanamoflóa.

Árið 2011 var Al Nashiri ákærður fyrir bandarískri herforingjanefnd og borinn sökum sem dauðarefsing lá við. Herforingjanefndirnar voru settar á fót í mars 2002 í því skyni að rétta yfir „vissum útlendingum í stríðinu gegn hryðjuverkum“. Dómendur voru allir yfirmenn í her Bandaríkjanna. Reglur nefndanna útilokuðu engin sönnunargögn, ekki heldur sönnunargögn fengin með pyndingum, ef skynsamlegt mætti telja að þau hefðu sönnunargildi. Þann 29. júní 2006 úrskurðaði Hæstiréttur Bandaríkjanna að herforingjanefndina skorti valdheimildir til málsmeðferðar og að fyrirkomulagið hefði brotið gegn bandarískum lögum auk sameiginlegrar 3. gr. Genfarsáttmálanna.

Um kringumstæður fangaflutnings kærenda hefur verið fjallað í ýmsum skýrslum og rannsóknnum, þ. á m. á vegum þings Evrópuráðsins. Í bandarískri skýrslu frá 2004, sem þarlend yfirvöld létu af hendi í mikilvægri mynd árið 2009, kom fram að kærendur hefðu fallið í flokk svokallaðra mikilvægra fanga

3. gr. Bann við pyndingum

sem hertri yfirheyrslutækni var beitt gegn, m.a. vatnsbrettistækni, innilokun í kassa, veggjarstöðu og öðrum óþægilegum líkamsstillingum.

Pólsk sakamálarannsókn á leynilegum fangelsum bandarísku leyniþjónustunnar á pólsku yfirráðasvæði hófst í mars 2008 og stóð enn þegar dómur þessi var kveðinn upp.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Niðurstaða

Um 38. gr.: Pólska ríkið hafði neitað á grundvelli þagnarskyldu og yfirstandandi sakamálarannsóknar að verða við ítrekuðum beiðnum dómstólsins um skjallæg sönnunargögn. Dómstóllinn hafði lagt þagnarskyldu á greinargerðir aðila og fjallað sérstaklega fyrir luktum dyrum um sönnunargögn. Hann féllst ekki á þá skoðun ríkisins að réttarfarsreglur dómstólsins tryggðu ekki næga leynd. Reglur réttarins væru ekki eingöngu innanhússreglur, heldur stöfuðu þær frá valdi dómstólsins samkvæmt d-lið 25. gr. sáttmálans til að samþykkja eigin reglur um framkvæmd málsmeðferðar. Þótt ekki hefðu verið settar ítarlegar reglur meðferð trúnaðarmála og annarra viðkvæmra upplýsinga, hefði hann komið sér upp verklagsreglum og skilvirkri framkvæmd um meðferð mjög viðkvæmra upplýsinga og þjóðaröryggismála. Væri hann vel í stakk búinn til að takast á viðunandi hátt á við hvers kyns áhyggjum um meðferð trúnaðargagna og gæti aðlagð fyrirkomulag sitt aðstæðum hvers máls. Ekki gæti ríkið heldur réttlætt synjun sína á beiðnum dómstólsins með því að bera fyrir sig innlend lög eða lagalegar hindranir. Það var því einróma niðurstaða dómstólsins að ríkið hefði hindrað störf dómstólsins og þar með brotið gegn 38. gr. sáttmálans.

Sönnun málsatvika: Með tilliti til fyrirliggjandi gagna, m.a. vitnisburðar sérfræðinga og vitna auk alþjóðlegra rannsókna og skýrslna, taldi dómstóllinn hafið yfir skynsamlegan vafa að kærundur hefðu verið fluttir til Póllands með fangaflutningavél bandarísku leyniþjónustunnar þann 5. desember 2002, verið í haldi á varðhaldsstöð á vegum hennar, látnir þar sæta óheimilaðri yfirheyrslutækni og síðan verið fluttir frá Póllandi með fangaflutningavélum leyniþjónustunnar, annar í júní og hinn í september 2003.

Einnig hefði pólska ríkinu hefði verið kunnugt um eðli og tilgang umsvifa bandarísku leyniþjónustunnar á yfirráðasvæði sínu á þeim tíma sem máli skipti. Pólland hefði átt í samstarfi um undirbúning umsvifa leyniþjónustunnar á yfirráðasvæði sínu með því að heimila umferð hennar um lofthelgi sína og flugvöll, tekið þátt í að leyna ferðum fangaflutningavéla og sjá fyrir aðföngum og þjónustu, þ. á m. sérstökum öryggisráðstöfunum, landflutningum leyniþjónustunnar á föngum og hefði lagt til aðstöðu fyrir leynilegu varðhaldsstöðina. Með tilliti til hinnar útbreiddu almennu vitneskju um illa meðferð á meintum hryðjuverkamönnum í haldi bandarískra yfirvalda hefði ríkið mátt vita að með því að gera bandarísku leyniþjónustunni kleift að hafa slíka menn í haldi á yfirráðasvæði sínu hefði það stofnað þeim í alvarlega hættu á meðferð sem bryti gegn sáttmálanum.

Um 3. gr.: (a) Réttarfarsliðin – Rannsókn pólskra yfirvalda hófst ekki fyrir

3. gr. Bann við pyndingum

en í mars 2008, um sex árum eftir fangavist og illa meðferð kæranda, þrátt fyrir vitneskju pólskra yfirvalda um eðli og tilgang umsvifa leyniþjónustunnar á yfirráðasvæði sínu á tímabilinu frá desember 2002 til september 2003. Á þeim tíma hefðu pólsk yfirvöld ekkert gert til að koma í veg fyrir umsvifin, hvað þá að spyrja út í hvort þau samrýmdust landslögum og alþjóðlegum skuldbindingum ríkisins. Meira en sex árum síðar stæði rannsóknin – á hendur óþekktum aðilum – enn yfir og engin opinber staðfesting lægi fyrir um að kærur hefðu verið lagðar fram. Skýringin gæti engin önnur verið en sú að til stæði að umsvifin yrðu áfram leyndarmál sem leyniþjónustur Bandaríkjanna og Póllands sætu einar að.

Mikilvægi og sérstakur alvarleiki þessara mála hefði krafist þess að almenn-ingur gæti fylgst grannt með rannsókninni. Það að tryggja að þeir sem hefðu staðið að hinum meintu lögbrotum væru dregnir til tilhlýðilegrar ábyrgðar skipti máli til að viðhalda trausti á að stofnanir pólska ríkisins hlíttu reglum réttarríkisins. Pólskur almenn-ingur hefði og lögmeata hagsmuni af upplýsingum um rannsóknina og niður-stöður hennar. Málið varpaði einnig ljósi á vandamál við lýðræðislegt eftirlit með leyniþjónustum og þörfina á öryggisráðstöfunum, bæði að lögum og í framkvæmd, gegn brotum leyniþjónusta á sáttmálatryggðum réttindum. Kringumstæður málsins vektu áhyggjur um hvort lögskipan Póllands uppfyllti þær kröfur.

Í ljósi alls þessa taldi dómstóllinn einróma að málsmeðferðin hefði ekki staðist kröfur um tafarlausa, ítarlega og skilvirka rannsókn í skilningi 3. gr. sáttmálans.

(b) Efnislega hliðin – Meðferðin sem kærundur hefðu sætt meðan þeir voru í haldi í Póllandi teldist pyndingar. Vissulega hefðu yfirheyrslurnar og ill meðferð kæranda á varðhaldsstöðinni verið alfarið á hendi bandarísku leyniþjónustunnar og ólíklegt að pólsk yfirvöld hefðu orðið vitni að eða vitað nákvæmlega hvað fór fram innan stöðvarinnar. Hins vegar hefði Póllandi borið samkvæmt 1. gr. sáttmálans ásamt 3. gr. hans að gera ráðstafanir til að tryggja að einstaklingar innan lögsögu þess sættu hvorki pyndingum né ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu. Pólland hefði greitt fyrir öllu ferlinu, skapað aðstæðurnar sem gerðu það mögulegt og enga tilraun gert til að koma í veg fyrir það. Pólska ríkið hefði veitt þegjandi samþykki sitt og lokað augunum fyrir fangaflutningaáætlun leyniþjónustunnar. Því yrði að telja ríkið ábyrgt á brotunum sem voru framin gegn réttindum kæranda á pólsku yfirráðasvæði.

Enn fremur hefði ríkinu verið kunnugt um flutning kæranda inn á yfirráðasvæði sitt og burt þaðan aftur með ólögmeatum fangaflutningum. Með því að gera CIA kleift að flytja fangana til annarra leynilegra varðhaldsstöðva hefðu pólsk yfirvöld gert þá berskjaldaða fyrir fyrirsjáanlegri og alvarlegri hættu á frekari illri meðferð og fangelsisaðstæðum sem brytu gegn 3. gr. sáttmálans. Dómstóllinn taldi því einróma brotið gegn 3. gr. sáttmálans.

Um 5. gr.: Dómstóllinn taldi leynilegt varðhald meintra hryðjuverkamanna grundvallareinkenni fangaflutningaáætlunar bandarísku leyniþjónustunnar. Flutningarnir hefðu að miklu leyti verið háðir samstarfi, aðstoð og virkri þátttöku þeirra landa sem veittu Bandaríkjunum aðgang að lofthelgi sinni, flugvöllum og húsakosti. Samvinnan og aðstoðin við að aðlaga húsnaði þörfum leyniþjónust-

3. gr. Bann við pyndingum

unnar, tryggja öryggi og sjá um aðdrætti hefði verið nauðsynleg forsenda þess að hún gæti starfrækt leynifangelsin. Sú niðurstaða um 3. gr. sáttmálans að með því að gera leyniþjónustunni kleift að flytja kærendur í leynifangelsi utan Póllands hefði þeim verið stofnað í fyrirsjáanlega og alvarlega hættu á skilyrðum sem brytu gegn sáttmálanum ætti einnig við um 5. gr. hans. Pólland bæri þannig ábyrgð bæði hvað snerti fangavist kæranda á yferráðasvæði ríkisins og flutning þeirra frá Póllandi. Taldi því dómstóllinn einróma brotið gegn 5. gr. sáttmálans.

Um 1. mgr. 6. gr.: Þegar kærandi var fluttur frá Póllandi var raunveruleg hættu á að réttarhaldið yfir honum fyrir bandarísku herforingjanefndinni fæli í sér hróplega synjun réttlætis. Í fyrsta lagi veitti herforingjanefndin engar tryggingar fyrir að hún væri óvilhöll eða sjálfstæð, eins og dómaframkvæmd dómstólsins krefðist af „dómstól“. Í öðru lagi skorti hana lögmæti að bandarískum lögum og þjóðarétti. Í þriðja lagi væru nægjanlegar líkur á að gögn fengin með pyndingum yrðu leyfð sem sönnunargögn gegn meintum hryðjuverkamönnum. Pólskum yfirvöldum hlyti að hafa verið kunnugt á sínum tíma að yfir grunuðum hryðjuverkamönnum yrði réttað fyrir herforingjanefndinni og um kringumstæðurnar sem hefðu leitt til þess að alvarlegar áhyggjur af henni hefðu verið látnar í ljós víða um heim, sér í lagi í ályktun þings Evrópuráðsins frá 26. júní 2003. Það var því einróma niðurstaða dómstólsins að með samvinnu sinni og aðstoð við flutning kæranda af yferráðasvæði sínu þrátt fyrir raunverulega og fyrirsjáanlega hættu á hróplegri synjun réttlætis hefði Pólland bakað sér ábyrgð samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sáttmálans.

Um 2. og 3. gr. í tengslum við 1. gr. 6. viðauka (Al Nashiri):

Þegar Al Nashiri var fluttur frá Póllandi var veruleg og fyrirsjáanleg hættu á að hann yrði látinn sæta dauðarefsingu í kjölfar réttarhaldsins fyrir herforingjanefndinni. Með tilliti til þess að hann hefði verið ákærður 20. apríl 2011 fyrir brot sem dauðarefsing lægi við hefði sú hættu ekki minnkað. Var því einróma talið brotið gegn þessum greinum.

Um aðrar greinar: Það var einnig einróma niðurstaða dómstólsins að brotið hefði verið gegn 8. gr. sáttmálans, enda hefði skerðing réttar kæranda til virðingar fyrir friðhelgi einkalífs síns og fjölskyldu hvorki samrýmt lögum né átt sér nokkra réttlættingu. Einnig hefði verið brotið gegn 13. gr. í tengslum við 3. gr., enda hefði sakamálarannsókninni verið ábótavant og kærendur því verið sviptir raunhæfu úrræði.

Um 46. gr. í tilviki Al Nashiri: Til að hlíta skuldbindingum sínum samkvæmt 2. og 3. gr. sáttmálans ásamt 1. gr. 6. viðauka hans var Póllandi gert að reyna eins fljótt og unnt væri að eyða hættu á að kærandinn Al Nashiri yrði látinn sæta dauðarefsingu með því leita eftir því við bandarísk yfirvöld að þau fullvissi sig um að henni yrði ekki beitt.

Á grundvelli 41. gr. sáttmálans voru kærendum dæmdar 100.000 evrur hvorum í miskabætur.

3. gr. Bann við pyndingum

Anzhelo Georgiev o.fl. gegn Búlgaríu

Dómur frá 30. september 2014

Mál nr. 51284/09

3. gr. Bann við pyndingum

Lögreglurannsókn. Valdbeiting. Reglur um vopnanotkun. Meðalhóf.

1. Málsatvik

Kærandur störfuðu hjá einkafyrirtæki í Varna, en fyrirtækið veitti netþjónustu. Í júní 2008 hóf lögregla rannsókn á meintum höfundarréttarbrotum þar sem ólöglega fengin gögn höfðu verið vistuð á vefþjónum fyrirtækisins. Við rannsókn málsins var gerð húsleit lögreglu í höfuðstöðvum fyrirtækisins sem kærandur störfuðu hjá. Húsleitin var framkvæmd með þeim hætti að grímuklæddir lögreglumenn réðust til inngöngu í fyrirtækið vopnaðir rafbyssum. Var rafbyssum beitt gegn starfsmönnum fyrirtækisins til þess að yfirbuga mótþróa þeirra og koma í veg fyrir að þeir eyddu sönnunargögnum. Nokkrir starfsmenn hlutu brunasár af þessum völdum. Starfsmennirnir, þ. á m. kærandur, lögðu fram kvörtun til yfirvalda vegna málsins, en eftir rannsókn saksóknara var ákveðið að mál yrði ekki höfðað gegn lögreglumönnum vegna brota í starfi. Saksóknari tók fram að starfsmennirnir hefðu óhlýðnast fyrirmælum lögreglu og því hefði valdbeiting verið nauðsynleg til að tryggja að þeir spilltu ekki sönnunargögnum.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandur töldu að notkun rafbyssu við þessar aðstæður hafi falið í sér brot gegn 3. gr. sáttmálans um bann við ómannlegri eða vanvirðandi meðferð.

Niðurstaða

Dómstóllinn leit til þeirra gagna sem lágu fyrir um áverka kæranda vegna valdbeitingar lögreglu. Áverkar þeirra fólust m.a. í brunasárum og marblettum. Búlgörsk yfirvöld höfðu ekki mótmælt staðhæfingum kæranda um þessa áverka og dómstóllinn taldi að áverkarnir væru nægjanlega alvarlegir til þess að falla undir ákvæði 3. gr. sáttmálans.

Þá tók dómstóllinn fram að rannsókn yfirvalda á húsleitinni hafi verið ófullnægjandi, þar sem hvorki hafi verið rannsakað hvaða lögreglumenn beittu rafbyssum í árásinni, né hvers konar rafbyssum var beitt og hve lengi. Dómstóllinn tók fram að engar reglur hafi verið í gildi um notkun slíkra rafbyssu þegar húsleitin fór fram, en slík vopn yllu jafnan þeim sem þeim er beitt gegn miklum sársauka. Óháð því hvort um rafbyssur eða önnur úrræði lögreglu væri að ræða, þá setti 3. gr. sáttmálans það skilyrði að valdbeiting væri aðeins heimil í tilvikum þegar hún er algjörlega nauðsynleg. Dómstóllinn taldi að þjálfaðir lögreglumenn hefðu jafnan önnur vægari úrræði til valdbeitingar þegar þeir væru í seilingarfjarlægð frá þeim aðila sem þyrfti að hafa afskipti af. Þar sem kærandur hefðu hlotið áverka af hendi lögreglunnar yrði að leggja sönnunarbyrðina á ríkið fyrir því að valdbeitingin hafi

3. gr. Bann við pyndingum

talist nauðsynleg. Í rannsókninni vegna húsleitarinnar hafi ekki verið sýnt fram á að nauðsynlegt hafi verið að beita svo róttækum aðferðum. Búlgarska ríkið hafi því ekki sýnt fram á að valdbeitingin hafi verið réttlæt看leg og því yrði talið að um brot gegn 3. gr. sáttmálans væri að ræða.

Dómurinn dæmdi búlgarska ríkið til að greiða hverjum kæranda 2.500 evrur í miskabætur.

Tarakhel gegn Sviss

Dómur frá 4. nóvember 2014

Mál nr. 29217/12

3. gr. Bann við pyndingum

Útlendingar. Hælisleitendur. Dyflinnarreglugerð.

1. Málsatvik

Kærendur eru Golajan Tarakhel, fæddur 1971, kona hans Maryam Habibi, fædd 1981 og sex börn þeirra fædd á árunum 1999 til 2012. Þau eru öll afganskir ríkisborgarar og búsett í Lausanne í Sviss.

Fjölskyldan var búsett í Íran, en flúðu þaðan til Tyrklands og svo með báti til Ítalíu. Þau komu til Ítalíu 16. júlí 2011 á fölsuðum vegabréfum. Eftir að hafa verið skráð inn í EURODAC upplýsingakerfi lögreglu var þeim komið fyrir í flóttamannabúðum í Bari á Ítalíu. Þann 28. júlí 2011 yfirgáfu kærendur búðirnar í Bari án leyfis og ferðuðust til Austurríkis, en Austurríki tók formlega við þeim sem flóttamönnum 17. ágúst 2011. Kærendur fóru svo til Sviss og sóttu um hæli þar 3. nóvember 2011 og voru þau í kjölfarið boðuð til viðtals hjá yfirvöldum innflytjendamála í Sviss. Þann 24. janúar 2012 vísuðu yfirvöld hælisúmsókn kæranda frá og vísuðu til ákvæða Dyflinnarreglugerðar Evrópusambandsins, sem Sviss var einnig aðili að á grundvelli samnings við ESB. Samkvæmt reglugerðinni var svissneskum stjórnvöldum heimilt að senda flóttamenn aftur til þess Schengen-ríkis sem þeir komu fyrst til og ættu því ítölsk yfirvöld að taka hælisúmsókn þeirra til efnismeðferðar. Því var kærendum vísað úr landi til Ítalíu. Kærendur skutu þessari niðurstöðu til dómstóla, en án árangurs. Eftir að hafa fullreynt þau réttarúræði sem þeim stóðu til boða í Sviss leituðu kærendur til Mannréttindadómstólsins og kröfðust þess að lagt yrði tímabundið bann við brottvísun þeirra þangað til úrlausn fengist í mál þeirra. Dómstóllinn féllst á kröfu þeirra og því var brottvísun þeirra frestað tímabundið.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur töldu að brottvísun þeirra til Ítalíu fæli í sér brot gegn 3. gr. sáttmálans, þar sem líkur væru á að þau þyrftu að sæta ómannlegri og vanvirðandi meðferð í ítölskum flóttamannabúðum, þar sem mikil kerfislæg vandamál væru í móttöku og vistun flóttamanna á Ítalíu. Þá hefðu svissnesk yfirvöld ekki gert ráðstafanir til þess að tryggja að komið yrði í veg fyrir að kærendur sættu slíkra

3. gr. Bann við pyndingum

meðferð. Þá töldu kærendur einnig að brottvísun þeirra fæli í sér brot gegn 8. gr. sáttmálans og 13. gr. sáttmálans í tengslum við 3. gr.

Niðurstaða

Dómstóllinn taldi að meta þyrfti aðstæður flóttamanna á Ítalíu út frá ákvæðum 3. gr. sáttmálans. Dómstóllinn tók fram að hann hefði í fyrri málum fjallað almennt um aðstæður flóttamanna þar í landi og að Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNCHR) og Evrópuráðið hefðu bæði gert athugasemdir við aðstöðu flóttamanna og vistun þeirra í ítölskum flóttamannabúðum. Þá tók dómstóllinn fram að fjöldi flóttamanna sem kæmi á hverju ári til Ítalíu væri langt umfram það svigrúm sem ítölsk yfirvöld hefðu til þess að taka á móti flóttamönnum. Dómstóllinn tók þó fram að þrátt fyrir að Flóttamannastofnunin hafi gert fjölmargar athugasemdir við aðbúnað flóttamanna, hafi ekki verið talið að fólk þyrfti að sæta ofbeldi eða að aðstæður væru hættulegar heilsu þeirra. Dómstóllinn ítrekaði að hælisleitendur væru almennt í viðkvæmri aðstöðu og þyrftu aukna vernd umfram venjulega borgara. Þetta ætti sérstaklega við þegar um börn væri að ræða þótt þau væru í fylgd foreldra sinna. Þegar litið væri til aðstæðna flóttamanna á Ítalíu væru miklar líkur á að flóttamenn ættu í vandræðum með að fá húsaskjól þar eða yrðu að deila herbergi með fjölda annarra hælisleitenda við erfiðar aðstæður. Dómstóllinn taldi að svissneskum stjórnvöldum bæri skylda til að fá tryggingar frá ítölskum yfirvöldum um að kærendum yrði boðið upp á aðstæður sem tækju mið af fjölskyldustærð þeirra og aldri barna. Þó viðurkenndi dómstóllinn að samkvæmt reglum yfirvalda innflytjendamála á Ítalíu fengju barnafjölskyldur sérstaka meðferð innan kerfisins. Þó lögju engin gögn fyrir um hvaða aðstæður barnafjölskyldum væri boðið upp á og hvar þeim yrði komið fyrir. Því taldi dómstóllinn að svissnesk yfirvöld hefðu ekki fullnægjandi upplýsingar eða tryggingar um að kærendum yrðu tryggð þau mannréttindi sem 3. gr. sáttmálans stendur vörð um. Því myndi brottrekstur þeirra, án þess að aflað yrði betri gagna og tryggt að mannréttindi þeirra yrðu virt, fela í sér brot gegn 3. gr. sáttmálans.

Dómstóllinn dæmdi svissneska ríkið til þess að greiða kærendum 7.000 evrur í málskostnað.

Prír dómarrar skiluðu sameiginlegu séráliti.

Dvoracek gegn Tékklandi

Dómur frá 6. nóvember 2014

Mál nr. 12927/13

3. gr. Bann við pyndingum

Vistun á geðsjúkrahúsi. Frelsissskerðing. Lyfjameðferð.

1. Málsatvik

Kærandi er tékkneskur ríkisborgari, fæddur árið 1971. Árið 1999 var hann greindur með Wilsons-veiki, erfðasjúkdóm sem hefur í för með sér uppsöfnun kopars í vefjum líkamans og leiðir m.a. til lifrabólgu, taugaskaða og andlegra

3. gr. Bann við pyndingum

einkenna. Þegar kærandi greindist með sjúkdóminn hafði hann þegar einkenni hans svo sem talörðugleika og skerta hreyfigetu. Hann er haldinn barnagirnd (hebep-hilia) og hefur hlotið allmarga dóma vegna kynferðisbrota gegn börnum. Árið 2002 var hann dæmdur til skilorðsbundinnar fangelsisvistar vegna kynferðisbrota og gert að sækja sér meðferð vegna barnagirndar. Hann var í kjölfar þess lagður nokkrum sinnum inn á geðdeild vegna þessa. Þann 30. ágúst 2008 dæmdi dómstóll hann til meðferðar á geðsjúkrahúsi, þar sem fyrri meðferðin skilaði ekki árangri. Hann var því vistaður á geðsjúkrahúsi frá 13. nóvember 2007 til 4. september 2008. Samkvæmt sjúkraskrá samþykkti kærandi að undirgangast lyfjameðferð á sjúkrahúsinu, en honum voru gefin lyf til að lækka testósterónmagn í líkamanum. Hann skipti fljótlega um skoðun og krafðist þess að fyrra fyrirkomulag yrði tekið upp á ný og meðferðin sem hann sótti sér utan sjúkrahússins hentaði betur. Hann hélt því fram að andlegt ástand hans hefði versnað á sjúkrahúsinu, hann hafi óttast afleiðingar lyfjameðferðarinnar og talið að hún hefði neikvæð áhrif á sjálfsálit hans, auk þess að hafa verið niðurlægjandi og valdið honum vandræðum í kynferðislegum samskiptum við kærustu sína. Hann taldi því að sálfræðimeðferð hentaði betur. Eftir nokkur viðtöl og rannsóknir samþykktu dómstólar beiðni hans. Árið 2008 lagði kærandi fram kvörtun vegna aðbúnaðar hans á sjúkrahúsinu og taldi að sálfræðimeðferðarúrræði innan sjúkrahússins væru ófullnægjandi. Hann tók fram að hann hafi á endanum samþykkt að undirgangast lyfjameðferð vegna barnagirndar, en í raun ekki haft aðra kosti, og hafi óttast að honum yrði ekki sleppt út af sjúkrahúsinu, nema hann undirgengist slíka meðferð. Hann taldi einnig að hann hefði sætt andlegum þrýstingi af hálfu lækna um að hann samþykkti að fara í vönunaraðgerð. Hann fór með mál sitt fyrir dómstóla, en án árangurs.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að vistun og meðferð hans á geðsjúkrahúsinu, og skortur á viðeigandi úrræðum vegna veikinda hans, hafi falið í sér ómannlega og vanvirðandi meðferð og brotið gegn 3. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn taldi að sú frelsisskerðing sem kærandi þurfti að sæta á geðsjúkrahúsinu hefði verið ætluð honum til verndar og því ekki talin refsing í skilningi 3. gr. sáttmálans. Dómstóllinn tók þá til skoðunar hvort aðstæður á geðsjúkrahúsinu hafi verið með þeim hætti að það teldist ómannleg eða vanvirðandi meðferð. Dómstóllinn taldi að flestar kvartanir kæranda hafi snúið að ráðstöfunum sem vissulega hafi valdið honum óþægindum en þó hafi þær ráðstafanir verið réttlættar á grundvelli andlegs ástands hans og hegðunar. Því taldi dómstóllinn að aðstæðurnar hafi ekki falið í sér brot gegn 3. gr. sáttmálans.

Því næst tók dómstóllinn til skoðunar hvort kæranda hafi verið neitað um nauðsynlega lækniþjónustu innan sjúkrahússins og hvort hann hafi verið að óþörfu neyddur til lyfjameðferðar. Þar kom helst til skoðunar hvort kærandi hafi sjálf-

3. gr. Bann við pyndingum

viljugur undirgengist lyfjameðferð, eða verið neyddur til hennar. Dómstóllinn benti á, líkt og Nefnd Evrópuráðsins um varnir gegn pyndingum hafði áður gert, að lagaákvæði í tékkneskum lögum um málefnið væru mjög óskýr og mætti túlka á þann hátt að ekki væri gerð krafa um samþykki í tilvikum þar sem dómstólar hefðu dæmt menn til að sæta slíkri meðferð. Þó væri ekkert sem benti til þess að þrýst hafi verið á kæranda að þiggja lyfjameðferðina, þvert á móti hafi læknar lagt sig fram um að laga meðferðina að aðstæðum hans. Dómstóllinn viðurkenndi að kærandi hafi átt erfitt val, þar sem lyfjameðferðin var líkleg til þess að flýta fyrir því að hann yrði útskrifaður af sjúkrahúsinu. Þó hafi lyfjameðferðin verið nauðsynlegur hluti meðferðar hans og ekki yrði séð að hann hafi verið neyddur til hennar. Þá dró dómstóllinn ekki í efa framburð starfsmanna sjúkrahússins um að kærandi hafi verið upplýstur um mögulegar aukaverkanir lyfjameðferðarinnar, en taldi þó að skýrara hafi verið að fá skriflegt samþykki hans fyrir meðferðinni, þar sem honum væri gerð skýrlega grein fyrir öllum mögulegum aukaverkunum vegna hennar. Slíkt fyrirkomulag yrði öllum til hagsbóta. Það eitt og sér teldist þó ekki brot gegn 3. gr. sáttmálans. Þá taldi dómstóllinn að yfirvöld hafi staðið rétt að rannsókn vegna umkvartana kæranda um aðbúnað á sjúkrahúsinu og að hann hafi haft tækifæri til að kynna sér gögn og komið sínum sjónarmiðum að í málinu. Því taldi dómstóllinn samkvæmt því sem áður hafði komið fram að ekki hafi verið brotið gegn 3. gr. sáttmálans.

Bodein gegn Frakklandi

Dómur frá 13. nóvember 2014

Mál nr. 40014/10

Sjá reifun dómsins undir 6. gr.

Meðferð sakamáls. Réttur til að færa fram varnir. Lífstíðarfangelsi. Möguleiki á endurskoðun.

Senchishak gegn Finnlandi

Dómur frá 18. nóvember 2014

Mál nr. 5049/12

Sjá reifun dómsins undir 8. gr.

Útlendingar. Brottvísun. Heilsufarsástæður. Kostur á lækningameðferð.

Vasilescu gegn Belgíu

Dómur frá 25. nóvember 2014

Mál nr. 64682/12

3. gr. Bann við pyndingum

Útlendingar. Varðhald. Aðbúnaður í fangelsi.

1. Málsatvik

Kærandi, Marin Vasilescu, er rúmenskur ríkisborgari, fæddur árið 1970 og býr í Rúmeníu. Þann 10. október 2011 var hann handtekinn í Antwerpen í Belgíu

3. gr. Bann við pyndingum

og var í kjölfar þess úrskurðaður í varðhald þar sem hann hafði ekki leyfi til að dvelja í landinu. Hann var vistaður ásamt tveimur öðrum mönnum í 8 fermetra klefa og þurfti að sofa á dýnu á gólfinu. Þá reyktu samfangar hans mikið og neyttu eiturlyfja í klefanum. 23. nóvember 2011 var kærandi fluttur í annað gæsluvarðhaldsfangelsi. Hann taldi sig hafa þurft að dvelja níu vikur í klefa án rennandi vatns eða klósettaðstöðu og hafi þurft að deila klefanum með öðrum fanga sem reykti í klefanum. Hann hafi því næst verið fluttur í 16 fermetra fangaklefa sem hann hafi þurft að deila með þremur öðrum föngum. Þrátt fyrir að hafa beðið sérstaklega um að verða vistaður í klefa þar sem reykingar væru bannaðar var hann vistaður með föngum sem allir reyktu. Hann kvartaði ítrekað við fangelsislækni og krafðist þess að vera lagður inn á sjúkrahús en læknirinn ávísaði honum eingöngu verkjalyfjum. Kærandi krafðist þess fyrir dómstólum að vera látinn laus úr gæsluvarðhaldi en dómstólar höfnuðu beiðnum hans. Hann var loks látinn laus 22. október 2012 og vísað úr landi til Rúmeníu.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að aðstæður í gæsluvarðhaldsvistinni hafi falið í sér ómannlega og vanvirðandi meðferð og hafi þannig brotið gegn 3. gr. sáttmálans. Hann taldi einnig að honum hafi verið neitað um viðeigandi lækni meðferð í fangelsinu. Hann taldi að meðferð erlendra fanga í belgískum fangelsum fæli í sér mismunun sem bryti gegn 14. gr. sáttmálans. Þá taldi kærandi að meðferð hans hafi einnig brotið gegn 6. gr., 5. gr. og 8. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Um 3. gr. Belgíska ríkið færði rök fyrir því að kærandi hefði ekki fullreynt þau úrræði sem honum hefði staðið til boða að landsrétti, þar sem hann hafi ekki reynt að fá leiðréttingu mála sinna fyrir dómstólum eða yfirvöldum. Dómstóllinn taldi víst að þessi úrræði hefðu staðið kæranda til boða, en belgíska ríkið hafi ekki sýnt fram á að þessi úrræði hefðu orðið til þess að bæta aðstæður hans í fangelsinu. Því yrði kæru hans ekki vísað frá á þeim grundvelli.

Dómstóllinn tók fram að offjölgun í belgískum fangelsum væri þekkt vandamál og staðhæfingar kæranda um skort á hreinlætisaðstöðu í fangaklefum væru trúverðugar og í samræmi við þær athugasemdir sem nefnd Evrópuráðsins um varnir gegn pyndingum (CPT) hefði gert í skýrslu sinni eftir heimsókn í belgísk fangelsi. Dómstóllinn tók einnig fram að kærandi hafi í margar vikur verið vistaður í fangaklefa þar sem hann hafði 4 fermetra pláss til afnota, en það væri minna pláss en gert væri ráð fyrir í viðmiðum CPT nefndarinnar. Hann hafi ennfremur verið vistaður í 15 vikur í klefa þar sem hann hafi haft minna en 3 fermetra til afnota, sem eitt og sér fæli í sér brot gegn 3. gr. sáttmálans. Þá hafi verið sérstaklega ámælisvert að kærandi hafi þurft að sofa á dýnu á gólfi fangaklefans í nokkrar vikur, en það væri ekki í samræmi við reglur CPT nefndarinnar um að hver fangi hefði aðgang að eigin rúmi. Dómstóllinn sá ekki ástæðu til þess að draga staðhæfingar kæranda

3. gr. Bann við pyndingum

í efa, enda hafi belgíska ríkið ekki sýnt fram á að staðhæfingar hans væru ósannar.

Dómstóllinn tók því næst til skoðunar hvernig aðbúnaður fanga samræmdist þeim kröfum um hreinlæti sem gerðar væru í viðmiðum CPT nefndarinnar. Dómstóllinn tók fram að kærandi hafi ekki haft aðgang að rennandi vatni og salernisaðstöðu, en CPT nefndin gerði athugasemdir við þetta fyrirkomulag í belgískum fangelsum árið 1998. Að mati dómstólsins höfðu belgísk yfirvöld ekki gert bragarbót í þeim málum þó liðin væru 16 ár frá því að athugasemdirnar hafi verið gerðar. Þá taldi dómstóllinn að óbeinar reykingar kæranda, vegna þess að honum hafi verið komið fyrir í klefa með föngum sem reyktu, hafi ekki orðið til þess að bæta aðstæður hans. Dómstóllinn taldi því að aðstæður kæranda í gæsluvarðhaldsvistinni hefðu verið svo slæmar að það hafi falið í sér ómannlega og vanvirðandi meðferð og því brotið gegn 3. gr. sáttmálans.

Hvað varðaði aðgang kæranda að lækniástoð innan fangelsisveggjanna, þá taldi dómstóllinn að kærandi hafi ekki fullreynt þau úrræði sem honum hefðu staðið til boða til að fá viðeigandi lækniástoð. Því yrði kæra hans ekki tekin til frekari skoðunar varðandi aðgang að lækniástoð. Þá taldi dómstóllinn að kærur kæranda á grundvelli 6. gr., 5. gr. og 8. gr. væru ekki nægjanlega rökstuddar og þeim því vísað frá.

Á grundvelli 46. gr. sáttmálans mælti dómstóllinn fyrir um að belgíska ríkið gerði ráðstafanir til þess að aðbúnaður í þarlendum fangelsum fullnægði ákvæðum 3. gr. sáttmálans.

Dómstóllinn dæmdi belgíska ríkið til þess að greiða kæranda 10.000. evrur í miskabætur og 800 evrur í málskostnað.

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

Husayn og Al Nashiri gegn Póllandi

Dómur frá 24. júlí 2014

Mál nr. 7511/13 og 28761/11

Sjá reifun dómsins undir 3. gr.

Ólöglegir fangaflutningar. Lögsaga. Ábyrgð á aðgerðum bandarísku leyniþjónustunnar.

Hassan gegn Bretlandi

Dómur frá 16. september 2014

Mál nr. 29750/09

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

Frelsisvipting. Lögsaga. Yfirráðasvæði. Hernaðaraðgerðir. Mannúðarlög.

1. Málsatvik

Í kjölfar innrásarinnar í Írak árið 2003 hóf breski herinn að leita að háttsettum meðlimum Bath flokksins og handtaka þá. Kærandi, sem var einn af meðlimum flokksins, fór í felur til þess að komast hjá handtöku, en lét bróðir sinn Tarek um að líta eftir húsi sínu í Umm Qasr. Að morgni 23. apríl 2003 réðst bresk hersveit til inngöngu í húsið í leit að kæranda. Tarek var handtekinn í húsinu, vopnaður hríðskotabyssu. Hann var fluttur í fangabúðir Bandaríkjahers, Camp Bucca, grunaður um að hafa tengsl við hryðjuverkastarfsemi. Eftir að hafa verið yfirheyrður bæði af breskum og bandarískum hermönnum var ekki talið að ógn stafaði af honum, og var hann því látinn laus 2. maí 2003. Hann fannst látinn í byrjun september 2003 í 700 km fjarlægð frá þeim stað sem honum hafði verið sleppt. Lík hans bar með sér að hann hefði þurft að þola pyndingar og hafi verið tekinn af lífi. Kærandi höfðaði mál vegna dauða bróður síns fyrir breskum dómstóli árið 2007, en máli hans var vísað frá dómi þar sem talið var að Camp Bucca hafi verið herstöð undir stjórn bandaríkjahers en ekki breska hersins.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að handtaka og meðferð bróður hans í Írak hafi brotið gegn 5. gr. sáttmálans þar sem handtakan hafi verið ólögum og byggst á geðþóttaákvörðun. Þá hefði bróðir hans ekki fengið tækifæri til þess að bera handtökuna undir dómstól eða annað yfirvald. Kærandi taldi einnig að bresk yfirvöld hafi brugðist skyldum sínum skv. 2. gr. og 3. gr. sáttmálans með því að láta undir höfuð leggjast að rannsaka dauða bróður hans og hvort hann hafi mátt sæta pyndingum fyrir dauða sinn.

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

Niðurstaða

Um 2. gr. og 3. gr.: Dómstóllinn taldi að engin sönnunargögn bentu til þess að Tarek hafi hlotið illa meðferð í haldi breskra yfirvalda. Þá væru heldur ekki fyrir hendi sönnunargögn um að dauða hans mætti rekja á einhvern hátt til handtöku hans og yfirheyrslu í Camp Bucca fangabúðunum. Því ættu 2. gr. og 3. gr. sáttmálans ekki við í þessu tilvik.

Um 5. gr.: Dómstóllinn tók fyrst til athugunar hvort málið teldist falla undir breska lögsögu og þar með undir lögsögu dómstólsins. Hann tók fram að Tarek hafi verið í haldi breskra hermanna og þeir hafi haft ákvörðunarvald yfir örlögum hans. Því yrði að telja að mál hans félli undir breska lögsögu. Dómstóllinn hafnaði rökum breska ríkisins um að reglur um lögsögu ættu ekki við í tilvikum þar sem ríki væri í hernaðaraðgerðum í landi sem það hefði ekki hernumið og að alþjóðleg mannúðarlög giltu eingöngu í slíkum tilvikum. Dómstóllinn taldi að sú skoðun væri ekki í samræmi við fyrri fordæmi dómstólsins og dóma Alþjóðadómstólsins um að bæði alþjóðlegir mannréttinasáttmálar og alþjóðleg mannúðarlög teldust gild á sama tíma. Dómstóllinn taldi að Tarek hafi verið í umráðum breska hersins þann tíma sem hann var vistaður í Camp Bucca, þó að fangabúðirnar hafi verið undir beinni stjórn bandaríska hersins. Hann hafi því verið undir breskri lögsögu allt frá handtöku hans þar til að honum var sleppt 2. maí 2003 og því félli mál hans undir lögsögu dómstólsins.

Dómstóllinn tók fram að gera verði skýran greinarmun á handtöku á friðartímum og handtöku í stríði. Handtaka í stríði, sem félli undir ákvæði Genfarsáttmálans, félli ekki innan þeirra tilvika sem teldust réttlæt看leg frelsissvipting skv. a-f lið 1. mgr. 5. gr. mannréttinasáttmálans. Breska ríkið bar ekki fyrir sig ákvæði 15. gr. sáttmálans um skerðingu réttinda á hættutímum og því taldi dómstóllinn að ríkið gæti ekki, á þeim grundvelli, skotið sér undan þeim skyldum sem 5. gr. legði á herðar þess. Breska ríkið taldi að á stríðstímum yrði að túlka ákvæði 5. gr. sáttmálans til samræmis við ákvæði alþjóðlegra mannúðarlaga þannig að það legði ekki eins ríkar skyldur á aðildarríkin í slíkum aðstæðum. Dómstóllinn tók fram að við túlkun ákvæða mannréttinasáttmálans yrði að líta til 31. gr. Vínarsáttmálans sem fjallar um túlkun alþjóðasamninga. Dómstóllinn taldi að ekkert samkomulag væri milli aðildarríkja sáttmálans um hvernig 5. gr. hans skyldi túlkuð, en þó yrði að líta til þess hvernig aðildarríki hans hefðu túlkað hana í framkvæmd. Ekki yrði séð að aðildarríkin hafi í framkvæmd reynt að skjóta sér undan skyldum 5. gr. sáttmálans á stríðstímum með því að vísa til Genfarsáttmálans. Þó yrði samkvæmt 31. gr. Vínarsáttmálans að túlka ákvæði sáttmálans til samræmis við aðra alþjóðasamninga, þ. á m. alþjóðleg mannúðarlög, óháð því hvort ríki hafi borið því við að 15. gr. sáttmálans ætti við í málinu.

Dómstóllinn tók fram að ákvæði sáttmálans héldu fyllilega gildi sínu á stríðstímum, þó ljóst væri að þau ætti að túlka til samræmis við ákvæði mannúðarlaga í slíkum tilvikum. Því ætti eins og kostur er hverju sinni að taka mið af ákvæðum a-f liða 1. mgr. 5. gr. sáttmálans þegar menn væru handteknir á stríðstímum skv. ákvæðum Genfarsáttmálans, en slík handtaka yrði sem slík ekki talin brjóta beint

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

gegn ákvæðum 5. gr. sáttmálans. Þetta ætti þó aðeins við á stríðstímum og þegar handtaka manna samræmdist ákvæðum alþjóðlegra mannúðarlaga. Slík handtaka yrði alltaf að vera lögmæt samkvæmt ákvæðum mannúðarlaga til þess að teljast samræmast ákvæðum 5. gr. sáttmálans. Þá teldust handtökur vegna geðþóttaákvæðana aldrei samræmast markmiðum 5. gr. sáttmálans.

Dómstóllinn tók fram að í þessu máli hefðu breskir hermenn verið í góðri trú um að nauðsynlegt hafi verið að handtaka og yfirheyra Tarek. Sú ákvörðun hafi verið gerð í þeim tilgangi að tryggja öryggi á svæðinu. Hann hafi í kjölfarið verið yfirheyrður í tvö skipti af yfirmönnum hersins og síðan látinn laus, þar sem hann var talinn almennur borgari sem engin hættu stafaði af. Því yrði ekki annað séð en að handtaka hans og varðhald hafi verið í samræmi við ákvæði Genfarsáttmálans og að ekki hafi verið um geðþóttaákvörðun að ræða. Þá hafi hann verið látinn laus eftir nokkurra daga varðhald og því komi ekki til skoðunar hvort honum hafi staðið til boða úrræði til að bera mál sitt undir herra sett yfirvald. Hann hafi ennfremur verið upplýstur um ástæður handtökunnar við yfirheyrslur.

Dómstóllinn taldi því að ekki hafi verið brotið gegn 5. gr. sáttmálans

Göthlin gegn Svíþjóð

Dómur frá 16. október 2014

Mál nr. 8307/11

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

Fullnusta á skattskuld. Varðhald til að tryggja efndir lögmæltrar skyldu.

1. Málsatvik

Kærandi er sænskur ríkisborgari fæddur 1943 og búsettur í Sandborn. Kærandi skuldaði 246.199 sænskar krónur í skatt. Sænsk skattayfirvöld gerðu fjárnám í færarlegru sögunarverksmiðju kæranda sem var metin á 300.000 sænskar krónur en kærandi hélt umráðum yfir söginni. Þegar kom til að selja sögina hafði kærandi flutt hana af lóð sinni og falið og neitaði að upplýsa um hvar mætti finna hana. Vegna þessarar neitunar var hann vistaður í varðhaldi samkvæmt dómsúrskurði í 42 daga á grundvelli heimildar í aðfararlögum.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kæran byggðist á því að frelsissviptingin sem hann var látinn sæta hafi verið ólögmæt í skilningi 1. mgr. 5. gr. sáttmálans

Niðurstaða

Dómstóllinn áréttaði að frelsissvipting er heimiluð í b lið 1. mgr. 5. gr. sáttmálans einungis til að tryggja efndir lögmæltrar skyldu. Af þessu leiðir að í það minnsta þarf að vera til staðar úppfyllt skylda sem varðar þann sem svipta á frelsi. Frelsisviptingin verður svo að vera liður í uppfyllingu skyldunnar en ekki viðurlög

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

í refsiskyni. Um leið og skyldan er uppfyllt brestur skilyrði fyrir frelsissviptingunni.

Ljóst er að frelsissviptingin í máli þessu var í þeim tilgangi að knýja kæranda til að uppfylla þá skyldu sína að greina frá staðsetningu sögunarverksmiðjunnar. Aðstæður málsins báru engan veginn með sér að úrræðið hafi falið í sér refsikennð viðurlög heldur lá fyrir að kærandi var látinn laus um leið og hann greindi frá staðsetningu verksmiðjunnar.

Dómstóllinn tók til skoðunar hvort meðalhófs hafi verið gætt við frelsissviptinguna. Í því skyni leit dómstóllinn til þriggja sjónarmiða. Eðli skyldunnar sem tryggja átti að væri uppfyllt, hver sætti frelsisskerðingunni, aðstæður sem leiddu til hennar og að lokum lengd frelsisskerðingarinnar. Eðli skyldunnar væri upplýsingagjöf til að tryggja greiðslu skattskuldar. Hagsmunir þeir sem fælust í réttum greiðslum skatta væru verulegir og væri því upplýsingaskylda af þessum toga mikilvæg, sérstaklega þegar fyrir lægi að skuldari ætti eignir sem stæðu til fullnustu á skuldinni. Ekkert lá fyrir í málinu sem gaf til kynna að frelsissviptingin hafi verið kæranda sérstaklega bagaleg eða hættuleg. Gat kærandi bundið enda á hana jafnskjótt og hann greindi frá staðsetningu verksmiðjunnar. Lengd frelsissviptingarinnar var talsverð en í ljósi þess að kærandi var meðvitaður um hættuna sem því fylgdi að fela verksmiðjuna ásamt því að hann gat losnað um leið og hann greindi frá staðsetningu hennar réttlætti að tilteknu leyti lengdina. Því til viðbótar var frelsisskerðingin endurskoðuð á tveggja vikna fresti þar sem kærandi sjálfur mætti fyrir dómara og fékk að koma sjónarmiðum sínum að.

Að öllu þessu skoðuðu komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að frelsisskerðing kæranda hafi verið réttlætanleg og að meðalhófs hafi verið gætt, var því ekki brotið gegn sáttmálanum í þessu máli.

Ereren gegn Þýskalandi

Dómur frá 6. nóvember 2014

Mál nr. 67522/09

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

Gæsluvarðhald. Lengd varðhalds. Meðalhóf.

1. Málsatvik

Kærandi var handtekinn í Þýskalandi í apríl 2007 fyrir að hafa framvísað fölsuðum skilríkjum. Hann var úrskurðaður í gæsluvarðhald vegna gruns um aðild að hryðjuverkaárásum í Tyrklandi. Gæsluvarðhald hans var ítrekað framlengt á grundvelli þess að hætta væri á að hann flýði land ef hann yrði látinn laus, þar sem hann var ekki búsettur í Þýskalandi. Í september 2011 sakfelldi áfrýjunardómstóll hann fyrir tvö manndráp og dæmdi hann til lífstíðarfangelsisvistar, en dómurinn var seinna felldur úr gildi og mál hans tekið upp að nýju fyrir áfrýjunardómstólnum. Ekki hafði fallið dómur í málinu gegn honum í Þýskalandi þegar Mannréttindadómstóllinn kvað upp dóm sinn. Alls hafði kærandi setið í 5 ár og átta mánuði í gæsluvarðhaldi þegar hann var látinn laus í febrúar 2014. Þá var talið

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

að áframhaldandi gæsluvarðhald yfir honum samræmdist ekki sjónarmiðum um meðalhóf þar sem það hefði staðið yfir í óhóflegan langan tíma, þrátt fyrir að mál hans væri enn til úrlausnar fyrir dómstólum.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að óhóflega löng gæsluvarðhaldsvist hans hafi falið í sér brot gegn 5. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn taldi að þýsk yfirvöld hefðu haft rökstuddan grun um að kærandi hefði framið mjög alvarleg afbrot og hefðu einnig talið að mikil hætta væri á að hann reyndi að flýja land. Dómstóllinn taldi því að nægjanleg rök hefðu verið fyrir því að framlengja gæsluvarðhaldið yfir honum ítrekað, en þó yrði að meta hvort yfirvöld hefðu sýnt þá kostgæfni sem nauðsynleg væri við þessar aðstæður. Algengt væri að rannsókn mála drægist við þessar aðstæður, enda hefði þurft að bíða lengi eftir gögnum frá tyrknesku lögreglunni. Í því samhengi tók dómstóllinn hins vegar fram að yfirvöld þyrftu sérstaklega að leggja sig fram við að hraða málsmeðferð í tilvikum sem fælu í sér milliríkjasamstarf, enda væri líklegt að málsmeðferð drægist í slíkum málum. Í tilviki kæranda hefðu rannsakendur ferðast í fjögur skipti til Tyrklands til þess að greiða fyrir því að gögn í málinu yrðu send og því yrði ekki annað séð en allt kapp hefði verið lagt á að flýta framgangi málsins. Þá hefði kærandi sjálfur átt nokkra sök á því að mál hans hafi tafist með því að gera athugasemdir við öflun sönnunargagna og krefjast endurskoðunar á ákvörðunum um öflun gagna. Þó hann hefði verið í fullum rétti til þess að leita réttar síns með þessum hætti, þá væri seinkun á málsmeðferðinni sem af þessu hlaust ekki talin á ábyrgð yfirvalda. Dómstóllinn tók einnig fram að skilyrði gæsluvarðhaldsvistar kæranda hafi sætt endurskoðun dómstóla í fjölmörg skipti, í ljósi allra fyrirbyggjandi sönnunargagna. Þá hafi verið komist að þeirri niðurstöðu í febrúar 2014 að áframhaldandi gæsluvarðhald yfir kæranda væri ekki réttlæt看legt. Því yrði talið að yfirvöld hefðu gætt meðalhófs við meðferð á máli hans. Þannig væri mál kæranda ólíkt öðrum sambærilegum málum sem komið hefðu inn á borð dómstólsins, þar sem talið var að lengd gæsluvarðhaldsvistar hefði ekki verið réttlæt看leg, enda hefðu þýsk yfirvöld gert viðeigandi ráðstafanir til þess að flýta gangi málsins eins og kostur var. Því taldi dómstóllinn að ekki hafi verið brotið gegn 5. gr. sáttmálans.

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Husayn og Al Nashiri gegn Póllandi

Dómur frá 24. júlí 2014

Mál nr. 7511/13 og 28761/11

Sjá reifun dómsins undir 3. gr.

Ólöglegir fangaflutningar. Lögsaga. Ábyrgð á aðgerðum bandarísku leyniþjónustunnar.

Hansen gegn Noregi

Dómur frá 2. október 2014

Mál nr. 15319/09

6.gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Réttindi og skyldur að einkamálarétti. Áfrýjunarleyfi í einkamáli.

1. Málsatvik

Kærandi er norskur ríkisborgari. Árið 1989 keypti þáverandi eiginkona hans af honum fasteign á 6,4 milljón norskra króna. Fasteignin var í kaupmála sögð séreign konu kæranda. Árið 1995 gerðu þau með sér samning um að hvort um sig ætti 50% í fasteigninni. Eftir skilnað þeirra höfðaði kærandi dómsmál og vildi fá viðurkenndan rétt sinn til helmings fasteignarinnar samkvæmt samningnum. Á það var ekki fallist og kaupmálinn hélt gildi. Kærandi áfrýjaði ekki þessari niðurstöðu. Árið 2005 seldi fyrrverandi eiginkona kæranda fasteignina til félagsins Ekeim Invest. Kærandi stefndi þá félaginu og vildi fá viðurkenndan rétt sinn til helmings eignarinnar. Undirréttur (tingrett) sýknaði félagið af kröfum hans. Áfrýjun kæranda til millidómsstigs (lagmannsrett) var hafnað einróma af dómurunum þar sem dómarnir töldu augljóst að áfrýjun myndi ekki bera árangur. Er slíkt heimilt samkvæmt grein 29-13(2) norsku einkamálalaganna. Kærandi kærði þessa ákvörðun til Hæstaréttar Noregs á grundvelli þess að rökstuðning skorti fyrir ákvörðuninni um að synja honum um áfrýjun. Nefnd Hæstaréttar um áfrýjunarleyfi komst einróma að því að áfrýjun myndi ekki bera árangur og synjaði því kæranda um leyfi til áfrýjunar.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi byggði mál sitt á að rökstuðningur fyrir þeirri ákvörðun um að hafna leyfi til áfrýjunar hafi ekki verið nægilega ítarlegur og þar með hafi verið brotið gegn 1. mgr. 6. gr. sáttmálans um réttláta málsmeðferð.

Niðurstaða

Í fyrsta lagi tók dómstóllinn til skoðunar hvort málið væri tækt til efnismeðferðar. Þrátt fyrir að í ýmsum málum hafi dómstóllinn talið að mál sem varði leyfi

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

til áfrýjunar í einkamálum feli ekki í sér ákvörðun um rétt eða skyldu að einkamálarétti samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sáttmálans þá þurfi að skoða hvert mál fyrir sig. Var því tekin til skoðunar þýðing þessarar ákvörðunar og aðkoma dómstóla að því. Þegar málið var skoðað í heild sinni hafði sú ákvörðun norskra dómstóla að hafna leyfi til áfrýjunar úrslitavald um niðurstöðu málsins og varðaði málið því réttindi samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sáttmálanum. Var málið því tækt til efnismeðferðar.

Kærandi hafði áfrýjað bæði mati undirréttar á gögnum málsins og ákvörðun hans að stytta málsmeðferðina í fimm klukkustundir úr þrem dögum eins og upphaflega stóð til. Þessi styttri málsmeðferðartími minnkaði edli málsins samkvæmt þann tíma sem hægt var að nota til að leiða fyrir dóminn vitni og leggja fram önnur sönnunargögn. Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að millidómstigið sem neitaði kæranda um áfrýjun með einfaldri tilvísun til lagaákvæðisins án frekari skýringa hefði ekki nægjanlega sinnt hlutverki sínu sem dómstig sem endurskoðar ákvarðanir lægra dómstigs. Ennfremur hafði hagsmunum kæranda ekki verið veitt nægileg athygli við ákvarðanatökuna.

Dómstóllinn tók til skoðunar að ákvörðun millidómsstigsins hafi verið þess edlis að mögulegt hafi verið að óska eftir leyfi til áfrýjunar til Hæstaréttar á grundvelli forms og beitingar laganna. Hins vegar gaf rökstuðningur millidómsins ekki tilefni til slíkrar áfrýjunar og þar af leiðandi var kæranda ekki kleift að leita réttar síns til fullnustu.

Komst dómstóllinn því að þeirri niðurstöðu að brotið hafi verið gegn réttindum kæranda samkvæmt 1. mgr. 6. gr. Var niðurstaðan um að brotið hefði verið gegn réttindum kæranda, auk þess sem norskum landslögum hefði nú verið breytt í þessu tilliti talið fela í sér nægilegar úrbætur til kæranda og voru honum því ekki dæmdar bætur.

Bodein gegn Frakklandi

Dómur frá 13. nóvember 2014

Mál nr. 40014/10

3. gr. Bann við pyndingum

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Meðferð sakamáls. Réttur til að færa fram varnir. Lífstíðarfangelsi. Möguleiki á endurskoðun.

1. Málsatvik

Kærandi, Pierre Bodein, er franskur ríkisborgari, fæddur árið 1947 og afplánar dóm í fangelsi í Moulins í Frakklandi. 11. júlí 2007 var hann dæmdur í lífstíðarfangelsi fyrir að hafa nauðgað og myrt þrjá einstaklinga, þar af 2 unglinga. Í dóminum yfir honum var tekið fram að hann ætti enga möguleika á að fá dóminn mildaðan, eða refsivistina stytta. Kærandi áfrýjaði dóminum, sem var staðfestur á æðri dómstigum.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að lífstíðardómurinn yfir honum hafi ekki verið nægjanlega rökstuddur og hafi falið í sér brot gegn 1. mgr. 6. gr. sáttmálans um réttláta málsmeðferð. Þá taldi hann einnig að lífstíðardómurinn yfir honum fæli í sér brot gegn 3. gr. sáttmálans sem ómannleg og vanvirðandi meðferð.

Niðurstaða

Um 6. gr.: Dómstóllinn vísaði til fyrri fordæma sinna og tók til skoðunar hvort málsmeðferðarreglur við réttarhöldin yfir kæranda hafi tryggt með fullnægjandi hætti að dómurinn væri ekki byggður á geðþóttaákvörðun og að kærandi gæti hafa skilið til fullnustu niðurstöðu dómsins.

Dómstóllinn tók fram að kærandi hafi, líkt og sakborningar fyrir frönskum dómstólum almennt, verið upplýstur um málsatvik og ákæru með margs konar hætti. Niðurstöður rannsóknar lögreglu hafi verið lesnar upp í heyranda hljóði, ákæran hafi verið lesin upp og lögmaður hans hafi haft tækifæri til þess að gera athugasemdir við ákærana. Þá væri tryggt að dómurinn yrði eingöngu byggður á þeim gögnum og vitnisburði sem fram kæmi fyrir dómi, og niðurstöður dómstóla sættu endurskoðunar áfrýjunardómstóls ef svo bæri undir. Dómurinn mat þá sérstaklega hvaða áhrif ákæran og þær spurningar sem lagðar voru fyrir kviðdóminn höfðu á gang málaferlanna. Dómstóllinn taldi að ákæran sem slík hafi verið grundvöllur málatilbúnaðarins, enda fjallaði hún á ítarlegan hátt um atvik málsins og tiltók hvaða sönnunargögn bentu eindregið til sektar kæranda í málinu. Þá stóð meðferð sakamálsins fyrir dómi í 24 daga. Varðandi þær spurningar sem lagðar voru fyrir kviðdóm í málinu, taldi dómstóllinn að allar 27 spurningarnar sem lagðar hafi verið fyrir kviðdóminn hafi fjallað um meint afbrot kærða í málinu og aðstæður fórnarlamba hans. Kærandi hefði á engan hátt getað misskilið svörin við þessum spurningum, en þau svör voru grundvöllur sakfellingar hans. Því taldi dómstóllinn að málsmeðferðarreglur dómstóla hafi tryggt að kærandi hafi mátt gera sér fulla grein fyrir rökstuðningi kviðdómsins fyrir sakfellingunni og refsí-ákvörðuninni. Dómurinn tók einnig fram að margvíslegar endurbætur hefðu verið gerðar á franskrí réttarfarslöggjöf eftir að dómurinn féll í máli kæranda. Því væri nú lögbundið að rökstuðningur kviðdómsins væri ítarlegri þegar um sakfellingardóma væri að ræða, sérstaklega hvað varðaði gildi sönnunargagna. Dómstóllinn taldi því að réttarfarslögjöfin tryggði nú enn betur að málsmeðferðin samræmdest 1. mgr. 6. gr. sáttmálans. Dómstóllinn taldi því ekki um brot gegn 1. mgr. 6. gr. að ræða.

Um 3. gr.: Dómstóllinn ítrekaði fyrri afstöðu sína, sem birtist m.a. í dómi Vinter o.fl. gegn Bretlandi, að lífstíðardómur sem slíkur teldist ekki brjóta gegn ákvæðum 3. gr. sáttmálans, ef tryggt væri að sá dómfelldi hefði tækifæri á að fá lífstíðardóminn endurskoðaðan og þau skilyrði sem refsingin hefði grundvallast á. Aðildarríkjunum sjálfum yrði þó eftirlátið að útfæra með hvaða hætti slík endurskoðun færi fram, eða við hvaða tímamark. Þó væri algengt í aðildarríkjum Evrópuráðsins að endurskoðun lífstíðardóma færi fram að 25 árum liðnum. Dómstóllinn tók þá til skoðunar

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

hvaða möguleika fangar sem aflána lífstíðardóma í Frakklandi hefðu til þess að fá dóma sína endurskoðaða í von um að aflánun þeirra yrði stytta að einhverju leyti. Dómstóllinn taldi að náðun af hendi forseta landsins eða möguleiki á náðun vegna heilsufarsástæðna teldist ekki úrræði sem fullnægðu kröfum um að dómur sættu endurskoðun á einhverjum tímamarki. Þó væru ákvæði í frönskum lögum sem gerðu ráð fyrir endurskoðun lífstíðardóma að liðnum 30 árum frá dómssupsögu. Í slíkum tilvikum skipaði dómari sérstaka nefnd þriggja manna sem meta ætti hvort samfélaginu stafaði hættu af lífstíðarföngum, yrðu þeir látnir lausir. Dómari mæti svo í ljósi álits nefndarinnar hvort breyta ætti skilyrðum lífstíðardómsins. Að mati dómstólsins leiddi þetta fyrirkomulag til þess að lífstíðarfangar ættu möguleika á að fá endurskoðun dóma sinna. Í máli kæranda, eftir að gæsluvarðhaldstími hefði verið dreginn frá, ætti hann því möguleika á að fá endurskoðun á lífstíðardómi sínum árið 2034 eða 26 árum eftir að dómur féll í máli hans. Í ljósi þess svigrúms sem ljá yrði aðildarríkjunum taldi dómstóllinn að þetta fyrirkomulag bryti ekki gegn ákvæðum 3. gr. sáttmálans. Því væri ekki um brot gegn 3. gr. sáttmálans að ræða.

Einn dómari skilaði séráliti.

Urechean og Pavlicenco gegn Moldóvu

Dómur frá 2. desember 2014

Mál nr. 27756/05 og 41219/07

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Réttur til aðgangs að dómstólum. Ærumeiðingar. Friðhelgi forseta.

1. Málsatvik

Kærendur eru fæddir árin 1950 og 1953 og eru moldóvskir ríkisborgarar. Þeir voru báðir stjórnálamenn þegar atvik þessa máls áttu sér stað. Í tveimur viðtölum á árunum 2004 til 2007 hélt forseti Moldóvu því fram að annar kæranda hefði engu öðru áorðað sem borgarstjóri moldóvsku borgarinnar Chisinau en að auka spillingu og skipulagða glæpastarfsemi. Hinn kæranda sakaði forsetinn um að koma beinustu leið úr KGB, en báðir kærendur tilheyrðu öðrum stjórnámaflokki en forsetinn. Kærendur höfðuðu ærumeiðingarmál á hendur forsetanum á grundvelli ummællanna en forsetinn naut friðhelgi fyrir slíkum málshöfðunum samkvæmt landsrétti. Málin náðu þar af leiðandi ekki fram að ganga. Áfrýjanir kæranda fyrir dómstólum innanlands báru engan árangur.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólum

Kæran

Kærendur byggðu á því að alger friðhelgi forsetans fyrir málshöfðun hafi girt fyrir aðgang þeirra að réttlátri málsmeðferð fyrir dómi um réttindi sín. Með því töldu þeir brotið gegn réttindum sínum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sáttmálans.

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Niðurstaða

Málið var hið fyrsta sinnar tegundar fyrir Mannréttindadómstólnum um friðhelgi málsóknar gegn forseta, en áður hafði dómstóllinn tekið fyrir mál um svipaða friðhelgi þingmanna. Dómstóllinn tók fram að í þessu máli líkt og þeim málum sem reynir á friðhelgi þingmanna gæti slík friðhelgi stefnt að lögmætu markmiði og verið heimil. Þó gildi sú regla að þeim mun víðtækari sem friðhelgin væri þeim mun strangari kröfur væru gerðar til heimildarinnar.

Dómstóllinn taldi að ekki hafi verið gætt að jafnvægi milli hagsmuna sem uppi voru í máli þessu, þ.e.a.s. hagsmunum almennings af því að vernda málfrelsi forsetans og hagsmunum kæranda að geta leitað til dómstóls til að fá úrlausn um réttindi sín.

Þessi niðurstaða dómstólsins var studd því að moldóvskir dómstólar höfðu ekki metið hvort forsetinn hafi viðhaft ummælin í krafti stöðu sinnar. Höfðu þeir látið staðar numið við að beita stjórnarskrárákvæðinu sem tryggði friðhelgina og komist að því að hún fæli ekki í sér neinar takmarkanir á friðhelginni. Var ákvæðinu því ætlað að veita forseta algera friðhelgi gagnvart málsóknum meðan hann gegndi embætti. Dómstóllinn tók fram að svo algildar takmarkanir á réttinum til aðgangs að dómstólum bæri að fordást.

Dómstóllinn tók að lokum fram að ekki væru neinar aðrar leiðir mögulegar kærendum til að fá úrlausn mála sinna. Þrátt fyrir að stjórnmalamenn útkljái mál sem þessi almennt séð í fjölmiðlum eða á opinberum vettvangi gat það ekki átt við í þessu máli enda ritskodaði moldóvska ríkið útsendingar sjónvarps. Gat dómstóllinn því ekki séð að til staðar væri raunhæft úrræði fyrir kærundur til að gæta réttar síns, var háttsemin því brot á 1. mgr. 6. gr. sáttmálans.

Síðari kæranda voru dæmdar 3600 evrur í miskabætur og 5289,6 evrur í málskostnað.

Peter Armstrong gegn Bretlandi

Dómur frá 9. desember 2014

Mál nr. 65282/09

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Sakamál. Kviðdómur. Óhlutdrægur dómstóll.

1. Málsatvik

Kærandi var sakfelldur fyrir morð af kviðdómi. Í kviðdóminum áttu sæti einn lögreglu maður sem kominn var á eftirlaun og annar sem enn starfaði sem slíkur. Báðir höfðu gert dómara grein fyrir þessari aðstöðu sinni. Sá sem kominn var á eftirlaun hafði gert grein fyrir að hann hafi sest í helgan stein fyrir mörgum árum og þekkti ekki nöfn neinna lögreglumanna sem komið hefðu að málinu. Sá sem enn var að störfum sagðist kannast við lögreglumann sem sat aftarlega í dómsalnum. Saksóknari greindi þá frá því að hann væri ekki kallaður til sem vitni í málinu. Verjandi kæranda gerði ekki athugasemd við að þessir menn tæku sæti í kviðdóminum.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi reisti kæru sína á að staða lögreglumanna í kviðdóminum hafi komið í veg fyrir að hann fengi réttláta og óvilhalla meðferð fyrir dómi í skilningi 1. mgr. 6. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að kviðdómendur eru taldir vera óhlutdrægir þar til annað er leitt í ljós. Því tók dómstóllinn til skoðunar hvort skipun kviðdómsins hafi farið fram með þeim hætti að ekki væri hægt að efast um óhlutdrægni þeirra. Báðir kviðdómendur vöktu athygli á aðstöðu sinni snemma í ferlinu. Verjanda og saksóknara var boðið að koma að spurningum um tengsl þeirra við lögreglumenn er unnu við málið. Kærandi var einnig viðstaddur og gat komið sínum skoðunum að. Verjandi gat jafnframt kannað tengslin frekar og andmælt áframhaldandi þátttöku lögreglumannanna. Það gerði verjandi þó ekki.

Dómstóllinn tók þá fram að málið væri ekki sambærilegt Hanif og Khan gegn Bretlandi að því leiti að lögreglumaðurinn hér þekkti ekki vitni sem veitti mikilvægan vitnisburð í máli. Kærandi hafði jafnframt ekki reynt að draga sönnunargildi vitnisburðar lögreglumanna í málinu í efa. Hann hafði játað að hafa orðið manni að bana en reiddi sig á að það hafi verið í sjálfsvörn. Ferill málsins var því slíkur að hægt var að treysta óhlutdrægni dómsins.

Var því ekki brotið gegn rétti kæranda samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sáttmálans.

Ibrahim o.fl. gegn Bretlandi

Dómur frá 16. desember 2014

Mál nr. 50541/08, 50571/08, 50573/08 og 40351/09

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Hryðjuverk. Staða sakborninga. Réttur til aðgangs að lögmanni.

1. Málsatvik

21. júlí 2005, tveim vikum eftir að 52 létust í sjálfsmorðsárásum í London, voru gerðar tilraunir til að sprengja fleiri sprengjur í almenningsamgöngum þar. Sprengjurnar sprungu þó ekki. Gerendurnir flúðu af vettvangi. Fyrstu þrír kærendurnir voru handteknir en neitað um verjanda allt frá 4 og upp í 8 klukkustundir svo lögreglan gæti tekið þá í svokallaðar öryggisýfirheyrslur. Í þeim viðtölum neituðu þeir allri sök. Fyrir rétti viðurkenndu þeir þó að hafa komið sprengjunum fyrir en sögðu þær hafa verið gabb og aldrei átt að springa. Endurrit úr öryggisviðtölunum voru lögð fram gegn þeim og þeir sakfelldir fyrir tilraun til manndráps. Áfrýjun bar ekki árangur.

Fjórdi kærandi var upphaflega yfirheyrður sem vitni. Hins vegar byrjaði hann að láta upplýsingar í ljós sem felldu sök á hann eftir því sem viðtalið þróaðist. Þá byrjaði hann að lýsa samskiptum sínum við einn hinna grunuðu og hvernig hann hafði aðstoðað hann. Lögreglan gerði þeim kæranda ekki grein fyrir því

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Þegar hann hlaut réttarstöðu grunaðs manns. Nokkru síðar var hann handtekinn og gerð grein fyrir réttindum sínum og boðin lagaleg aðstoð verjanda. Hann var á endanum sakfelldur fyrir að aðstoða einn tilræðismannanna og fyrir að gefa ekki upp nauðsynlegar upplýsingar um sprengjuárásina. Áfrýjun bar ekki árangur.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur byggðu allir á því að biðin við að tilnefna þeim verjanda hafi brotið réttindi þeirra skv. 1. mgr. 6. gr. og c. lið 3. mgr. 6. gr. sáttmálan

Niðurstaða

Dómstóllinn tók í upphafi fram að til þess að rétturinn til réttlátrar málsmeðferðar væri virkur þyrfti grunaður maður að njóta aðstoðar lögfræðings frá því hann fer fyrst í viðtal hjá lögreglu nema sérstök rök og aðstæður mæli með öðru. Jafnvel þegar slíkar aðstæður eru til staðar beri að gæta að því að frestun á aðstoð verjanda skerði ekki vörn sakbornings. Dómstóllinn tók sem dæmi um of mikla skerðingu að upplýsingar úr yfirheyrslu án verjanda væru notaðar sem grunnur til sakfellingar.

Dómstóllinn lagði því næst mat á hvort knýjandi rök hafi verið fyrir skerðingu á aðgangi að verjanda í tilviki kærenda. Atvikin í máli þessu voru þess eðlis að lögreglunni bar að líta til þess að árásirnar væru raunverulegar og sama gilti um ógn um fleiri árásir. Því væru ótal líf í hugsanlegri hættu. Hefði verið afar brýnt að upplýsa hverjir voru viðriðnir málið og hvort hætta væri á frekari árásum. Þessar aðstæður ásamt mikilvægi þess að tryggja að engar upplýsingar lækju út um rannsóknina hefðu haft afar mikla þýðingu. Yfirheyrsla þriggja fyrstu kærenda hefði ekki verið liður í því að afla sönnunargagna um sekt þeirra heldur að gæta öryggis almennings. Sú hætta var til staðar að fengju þeir aðgang að lögmanni gætu þeir mögulega varað aðra tilræðismenn við. Þótt aðstaðan væri aðeins frábrugðin í máli fjórða kærenda voru rök hin sömu, ef honum yrði gerð grein fyrir að hann nyti réttarstöðu sakbornings væri hann líklegur til að hætta að aðstoða lögreglu. Aðstoð hans var að mati lögreglu mikilvæg fyrir öryggi almennings á þeim tíma sem ákvörðunin var tekin. Komst dómstóllinn því að þeirri niðurstöðu að veigamikil rök og sérstakar aðstæður hafi leitt til þess að skerðing á rétti kærenda var nauðsynleg.

Því næst tók dómstóllinn til skoðunar hvort skerðingin hafi skaðað vörn kærenda með afgerandi hætti. Í málinu var kærendum ekki kerfisbundið neitað um aðstoð verjanda heldur var það tímabundið úrræði sem beitt var á hófsaman hátt, mest 8 klukkustundir, þrátt fyrir að löggjöfin hafi heimilað 48 klst. Skilyrði laga í þessum efnum væru ströng og tæmandi talin. Um leið og nægilegar upplýsingar lágu fyrir bar að hætta yfirheyrslu þar til sakborningur hafði fengið aðstoð verjanda. Var því vel gætt að jafnvægi hagsmuna kærenda og almennings. Yfirmaður hafði samþykkt í öllum tilvikum að skerða rétt kærenda tímabundið.

Enginn kærenda vísaði til þess að hafa verið beittur þrýstingi við yfirheyrslur eða þvingaður til að sakfella sjálfan sig. Í tilviki þriggja fyrri kærendanna var

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

meginmarkmið lögreglunnar að ná öðrum sakborningum. Í tilviki fjórða kæranda þá dró hann ekki ummæli sín til baka sem gátu varpað á hann sök eftir að hafa notið aðstoðar lögmanns og byggði raunar á þeim alveg fram að réttarhöldunum er hann óskaði eftir að þau kæmust ekki að fyrir dómi.

Að lokum tók dómstóllinn fram að dómari í máli kæranda hafði tekið skýrslurnar úr yfirheyrslunum til ítarlegrar skoðunar og veitt kviðdómendum ítarlegar leiðbeiningar um það hvernig mætti líta til þeirra. Enn fremur gaf hann langa og ítarlega útskýringu á því af hverju hann leyfði framlagningu skýrslanna. Í tilviki fjórða kæranda útskýrði dómari svo ítarlega hví hann teldi það ekki skerða réttindi hans að skýrslan væri lögð fram í heild sinni.

Þessi atvik ásamt því að skýrslur af yfirheyrslum kæranda án verjenda voru ekki einu gögnin í málinu sem leiddu til sakfellingar heldur einungis hluti af mun fleiri gögnum leiddi til þess að dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að engin réttindi kæranda hefðu verið brotin í málinu.

Horncastle o.fl. gegn Bretlandi

Dómur frá 16. desember 2014

Mál nr. 4184/10

6.gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Sakamá. Réttur til að leiða fram vitni.

1. Málsatvik

Kærendur eru breskir ríkisborgarar fæddir 1980, 1981, 1978 og 1981. Þeir eru allir í fangelsi. Í nóvember árið 2007 voru Horncastle(H) og Blackmore(B) sakfelldir fyrir stórfellda líkamsárás. Brotapóli, sem hafði gefið skýrslu hjá lögreglu þar sem hann bar kennsl á árásarmennina, lést rétt fyrir réttarhöldin af ótengdum orsökum. Skýrslan var lögð fyrir sem sönnunargagn í máli gegn H og B

Tólftha maí 2008 voru Marquis (M) og Graham(G) sakfelldir fyrir frelsis-sviptingu. Þeir höfðu numið konu á brott af heimili hennar. Meðan á frelsis-sviptingunni stóð hótuðu þeir að skaða hana líkamlega. Brotapóli og eiginmaður hennar gáfu skýrslu hjá lögreglu en neituðu síðar að mæta fyrir dóminn sem vitni þar sem þau óttuðust um öryggi fjölskyldna sinna. Dómari heimilaði að skýrsla brotþola væri lögð fyrir í málinu en hafnaði skýrslu eiginmannsins.

Kærendur áfrýjuðu bæði til áfrýjunardómstóls og Hæstaréttar en án árangurs.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur byggðu á að með því að leyfa að skýrslur vitna væru lagðar fram án þess að vitnin væru leidd fyrir dóminn hefði verið brotið á rétti þeirra til að spyrja vitnin spurninga samkvæmt 1. mgr. 6. gr. og d. lið 3. mgr. 6. gr. sáttmálans

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að mat á því hvaða sönnunargögn megi leggja fram í málum sé í eðli sínu á forræði innlendra dómstóla. Dómstóllinn meti aðeins hvort réttarhöldin í heild séu sanngjörn. Hann áréttaði einnig að d. liður 3. mgr. 6. gr. feli í sér meginregluna að sönnunargögn skuli lögð fram þannig að sakborningur geti komið að vörnum og spurt vitni. Dómstóllinn hefur sett fram tvær reglur út frá þessari meginreglu eins og fram kom í dómum hans í málum Al Khawaja og Tahery gegn Bretlandi. Samkvæmt þeim þarf rík ástæða að vera fyrir því ef vitni mætir ekki fyrir dóm. Sakfelling manns sem studd er að mestu eða einungis við skýrslu fjarverandi vitnis geti einungis talist vera í samræmi við regluna um réttláta málsmeðferð ef slíkum gögnum er veitt nægilegt mótvægi svo sem í formi reglna um sönnunarmat eða formreglna.

Kærendur byggðu ekki á því að lögin sem slík færu gegn ákvæðum sáttmálans heldur að beitingu þessarar heimildar hafi verið ábótavant í málum þeirra.

Um Horncastle og Blackmore: Dómstóllinn féllst á að andlát brotaþola og meginvitnis í málinu leiddi til þess að nauðsynlegt hefði verið að leggja skýrslu hans fram ef taka átti tillit til vitnisburðar hans. Dómstóllinn skoðaði því næst hvort skýrsla brotaþola hafi ráðið úrslitum fyrir niðurstöðu málsins. Dómarar töldu að vitnisburður kæranda í málinu ásamt öðrum gögnum hefði verið með slíkum hætti að nægileg sönnunargögn væru til staðar gegn þeim.

Pótt svo hefði ekki verið þá voru reglur um mat sönnunargagna, tækifæri kæranda til að andmæla framlagningu gagnanna, beitingu þessara reglna og leiðbeiningar dómarans til kviðdómsins slíkar að nægilegir varnaglar voru til staðar til að tryggja að matið væri lögmætt.

Um Marquis og Graham: Dómstóllinn mat ástæðuna fyrir því að vitnið mætti ekki fyrir dóm nægilega í ljósi hótana gegn henni, mats dómarans á ótta hennar og þeirri staðreynd að hún vildi frekar sitja fangelsi en að mæta fyrir dóm. Það mat styrktist enn frekar við að dómarinn neitaði að hleypa skýrslu eiginmannsins að í málinu.

Gögnin í málinu voru þess eðlis að skýrsla brotaþola bætti einungis við sönnun, en réði ekki úrslitum. Þar á meðal voru myndbandsupptaka af Graham fyrir utan hús brotaþola, gögn sem sýndu að Marquis hringdi í eiginmann brotaþola sama kvöld og hún var svipt frelsi og gögn sem sýndu að kærendur höfðu skráð sig inn á hótél á bíl sem þeir stálu frá brotaþola. Þar sem skýrslan gat undir engum kringumstæðum talist ákvarðandi í málinu var óþarft að meta mótvægi hennar við mat á vægi annarra sönnunargagna.

Komst dómstóllinn því að þeirri niðurstöðu að ekki hafi verið brotið á rétti kæranda í málunum.

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

M.P.E.V. o.fl. gegn Sviss

Dómur frá 8. júlí 2014

Mál nr. 3910/13

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Brottvísun. Rof á fjölskyldutengslum.

1. Málsatvik

Kærandur eru fjórir ríkisborgarar Ekvador, hjón fædd árið 1969, dóttir þeirra, fædd 1999, og dóttir konunnar, sem er fædd 1986 og fékk svissneskan ríkisborgararétt árið 2012. Þau búa í Genf. Kærandur komu aftur til Sviss eftir að hafa áður reynt að fá þar hæli og lögðu fram nýja hælisleiðni árið 2002. Var hjónunum og dóttur þeirra synjað um hæli árið 2012. Í september 2012 staðfesti svissneskur stjórnsludómstóll brottvísun föðurins, en móðirin og ólöggráða dóttir hjónanna fengu tímabundið dvalarleyfi. Tók dómstóllinn sérstaklega fram að hjónin hefðu slitið samvistir. Dóttir þeirra, sem byggði að mestu hjá móður sinni, hefði fullkomlega aðlagast Sviss og talaði nánast enga spænsku. Faðirinn væri á sakaskrá og hefði m.a. verið sakfelldur fyrir að kaupa og selja þýfi. Stjórnsludómstóllinn gat þess einnig að faðirinn þjáðist af áfallastreituröskun og hefði oftast en einu sinni reynt sjálfsvíg, en taldi að honum myndi standa til boða lækniþjónusta sérfræðinga í helstu borgum Ekvadors. Enda þótt læknar hans hefðu talið brottvísun hans til Ekvador líklega til að stofna heilsu hans í hættu var sakaferill hans talinn útiloka tímabundið dvalarleyfi í Sviss.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandur héldu því fram að brottvísun föðurins til Ekvador myndi rjúfa varanlega tengsl hans við fjölskyldu sína og brjóta þannig gegn 8. gr. sáttmálans. Enn fremur töldu þau brotið gegn 13. gr. í tengslum við 8. gr., þar sem stæði ekki til boða neitt raunhæft réttarúrræði.

Niðurstaða

Mannréttindadómstóllinn hafnaði þeirri vörn svissneska ríkisins að kærandur hefðu ekki tæmt innlend réttarúrræði. Ríkið hefði ekki sýnt fram á að þau hefðu getað fengið hlut sinn réttan með því að skjóta málinu til almennra dómstóla. Hefði stjórnsludómstóllinn tekið fram berum orðum að úrskurður hans væri endanlegur. Taldi dómstóllinn kærnu mannsins, konu hans og dóttur þeirra meðferðarhæfa. Óumdeilt væri að samband mannsins og dóttur hans félli undir fjölskyldulíf í skilningi 8. gr. sáttmálans. Enn fremur væru hjónin ekki skilin þótt þau hefðu slitið samvistum. Þau hefðu reglulegan samgang og í greinargerðum þeirra kæmi fram að konan styddi hann í veikindum sínum. Nægðu þau atriði til að samband þeirra félli undir 8. gr. sáttmálans. Hins vegar taldi dómstóllinn kærnu hinnar uppkomnu

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

stjúpdóttur mannsins, sem átti sér eigin fjölskyldu, ómeðferðarhæfa, enda hefði ekki verið sýnt fram á að 8. gr. sáttmálans næði yfir samband þeirra.

Til að komast að niðurstöðu um hvort eðlilegs jafnvægis hefði verið gætt milli þeirra hagsmuna sem máli skiptu, þ.e.a.s. annars vegar réttar kærendanna þriggja til friðhelgi einka- og fjölskyldulífs og hins vegar hagsmuna samfélagsins, leit dómstóllinn til þess að afbrot mannsins hefðu í eðli sínu ekki verið nema miðlungi alvarleg. Milli 2005 og 2009 hefði hann verið sakfelldur fjórum sinnum, þrisvar fyrir auðgunarbrot og einu sinni fyrir umferðarlagabrot, og alvarlegustu viðurlögin verið níu mánaða skilorðsbundin fangavist. Þá hefði málsmeðferð hælisleiðni fjölskyldunnar tekið meira en tíu ár.

Um fjölskylduáðstæður mannsins ítrekaði dómstóllinn að hann ætti enn í sambandi við eiginkonu sína, sem hjálpaði honum að takast á við veikindi sín. Svissneski dómstóllinn hefði berum orðum viðurkennt að heilsufar mannsins væri áhyggjuefni og lækni hans teldi brottvísun til Ekvador líklega til að stofna heilsu hans í hættu. Loks hefðu svissnesk yfirvöld látið undir höfuð leggjast að líta til sameiginlegra hagsmuna mannsins og ólögráða dóttur hans af áframhaldandi nánun persónulegu sambandi. Maðurinn tæki enn þátt í uppeldi dóttur sinnar, sem hefði fyllilega aðlagast Sviss og ætti að vera þar áfram, enda hefði svissneski dómstóllinn komist að þeirri niðurstöðu að brottvísun til Ekvador yrði henni skaðleg. Yrði að ætla að persónulegt samneyti feðginanna yrði a.m.k. alvarlega skert, yrði faðirinn sendur aftur til Ekvador. Svissneski dómstóllinn hefði hvergi vísað til þess sem barninu væri fyrir bestu. Í ljósi ofangreinds taldi dómstóllinn ákvörðun svissneskra yfirvalda hafa brotið gegn meðalhófi með því að gæta ekki eðlilegs jafnvægis milli þeirra hagsmuna sem máli skiptu. Það bryti því gegn 8. gr. sáttmálans að vísa föðurnum til Ekvador. Í ljósi þeirrar niðurstöðu taldi dómstóllinn óþarft að fjalla um meint brot á 13. gr. í tengslum við 8. gr. sáttmálans. Ekki voru dæmdar miskabætur, þar eð kærandur féllust á að í áfellisdomi fælust hæfilegar bætur fyrir miska. Svissneska ríkinu var gert að greiða eiginmanninum, konu hans og ólögráða dóttur 4500 evrur í málskostnað.

Hämäläinen gegn Finnlandi

Dómur frá 16. júlí 2014 - Yfirdeild

Mál nr. 37359/09

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Réttaráhrif aðgerðar til að skipta um kyn. Skráning persónuupplýsinga.

Jákvæðar skyldur.

1. Málsatvik

Kærandi er finnskur ríkisborgari, fædd 1963 og búsett í Helsinki. Hún fæddist karlkyns og kvæntist árið 1996. Eignuðust hjónin barn árið 2002. Árið 2009 gekkst kærandi undir aðgerð til að skipt um kyn. Þótt hún hefði breytt eiginnöfnum sínum gat hún ekki fengið kennitölu sinni breytt í kennitölu fyrir konu nema eiginkona

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

hennar samþykkti breytingu hjónabandsins í staðfesta samvist eða þær skildu. Báðar vildu vera áfram í hjónabandi, enda stríddi skilnaður gegn trúarsannfæringu þeirra auk þess að þær töldu staðfesta samvist hvorki veita sér né barninu sama öryggi og hjónaband.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi það m.a. brjóta gegn rétti sínum til friðhelgi einkalífs og fjölskyldu að full viðurkenning nýs kyns síns væri háð umbreytingu hjónabands hennar í staðfesta samvist.

Niðurstaða

Dómstóllinn kvað álitamálið vera það hvort friðhelgi einkalífs og fjölskyldu kæranda útheimti jákvæða skyldu ríkisins til að bjóða upp á raunhæft og aðgengilegt ferli til að fá breytt kyn viðurkennt að lögum án þess að haggja hjónabandinu.

Dómstóllinn ítrekaði að sáttmálinn skuldbynda ekki aðildarríkin til að leyfa hjónaband fólks af sama kyni. Reglur um áhrif aðgerða af þessu tagi á hjónabönd féllu að miklu leyti, en þó ekki algjörlega, innan svigrúms aðildarríkjanna til mats. Enn fremur útheimti sáttmálinn ekki að tekin væri upp nein sérstök tilhögun í tilvikum eins og kæranda. Enn væri hvorki samstaða innan Evrópu um að leyfa hjónabönd fólks af sama kyni né um það hvernig fara skyldi um viðurkenningu kyns fólks sem fyrir væri í hjónabandi. Raunar hefðu fæst ríkjanna neina löggjöf um viðurkenningu kyns. Án samstöðu og að gefnum hinum viðkvæmu siðgæðis- og siðferðilegu álitæfnum sem um væri að tefla yrði að veita Finnlandi víðtækt svigrúm til mats, bæði til að ákveða hvort lög yrðu sett um lagalega viðurkenningu nýs kyns í kjölfar kynskiptaaðgerða og þá hvaða reglur yrðu settar til að gæta jafnvægis milli stríðandi almanna- og einkahagsmuna.

Núgildandi finnsk lög gæfu kæranda þrjá kosti. Að frátöldum þeim kosti að halda óbreyttri stöðu eða fá hjónaskilnað beindist kvörtun kæranda fyrst og fremst að þeim kosti að umbreyta hjónabandinu í staðfesta samvist með samþykki eigin-konunnar. Fengist samþykki maka veitti löggjöfin bæði lagalega viðurkenningu nýs kyns og lögvernd sambandsins. Dómstóllinn taldi að þar sem umbreyting hjónabands í staðfesta samvist í finnska kerfinu væri sjálfkrafa væri samþykki makans á skráningu kynskiptanna frumskilyrði, sem ætlað væri að vernda maka gagnvart áhrifum einhliða ákvarðana hins.

Auk þess myndu kærandi og eiginkona hennar engum öðrum réttindum glata yrði hjónabandi þeirra breytt í staðfesta samvist. Við útreikning lífeyrisréttinda yrði þannig t.d. lengd samvistarinnar reiknuð frá stofnun hjónabandsins, en ekki frá umbreytingunni.

Hvað fjölskyldulíf snerti tók dómstóllinn fram að staðfest samvist haggði ekki faðerni dóttur kæranda, sem hefði verið fedruð meðan á hjónabandinu stóð. Kynskiptin hefðu heldur engin lagaleg áhrif á ábyrgð fyrir umönnun, forsjá eða framfærslu barnsins, sem hvíldi á foreldrum í Finnlandi óháð kyni eða sambúðar-

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

formi. Umbreytingin í staðfesta samvist hefði því engar afleiðingar fyrir fjölskyldulíf kæranda.

Pótt kærandi yrði fyrir óþægindum vegna kennitölu sinnar, gæti hún hvenær sem er með samþykki eiginkonu sinnar umbreytt hjónabandinu í staðfesta samvist. Dómstóllinn áleit ekki ganga fram úr hófi að slík umbreyting væri gerð að skilyrði lagalegrar viðurkenningar vegna breytingar á kyni, enda um að ræða raunverulegan valkost sem veitti samkynja þörum nánast sömu vernd og hjónaband. Kerfið í heild bryti ekki gegn meðalhófi gagnvart kæranda og eðlilegs jafnvægis hefði verið gætt milli stríðandi hagsmuna í málinu. Niðurstaða yfirdeildarinnar var því sú að ekki hefði verið brotið gegn 8. gr. sáttmálans.

Prír dómarrar af sautján skiluðu sératkvæði.

Dómstóllinn taldi ekki hafa verið brotið gegn 14. gr. sáttmálans í tengslum við 8. gr. hans og einróma að óþarft væri að skoða kærana um 12. gr., þar sem hún hefði þegar verið skoðuð í ljósi 8. gr. sáttmálans.

Kaplan o.fl. gegn Noregi

Dómur frá 24. júlí 2014

Mál nr. 32504/11

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Brottvísun. Rof á fjölskyldutengslum.

1. Málsatvik

Kærandur eru hjónin Kamran og Naime Kaplan og börn þeirra, Azat, Cemsit og Rojin Kaplan. Kamran er tyrkneskur ríkisborgari, en kona hans og börn, sem voru einnig tyrkneskir ríkisborgarar, fengu norskan ríkisborgararétt árið 2012. Kamran býr nú í Tyrklandi, en Naime og börn þeirra í Stafangri í Noregi.

Kamran er af kúrdískum ættum og er frá suðausturhluta Tyrklands. Hafði hann liðsinn PKK-samtökunum (kúrdíska verkamannaflokknum) og kvaðst oft hafa fundið fyrir ofsóknum tyrkneskra yfirvalda. Óttaðist hann um líf sitt, flúði frá Sirkak í Tyrklandi árið 1993 og bjó á ýmsum stöðum í Tyrklandi og Evrópulöndum áður en hann sótti um hæli í Noregi. Í október 1998 var hæliseiðni hans hafnað. Í kjölfar sakfellingar fyrir grófa líkamsárás í Noregi í desember 1999 fól dómsmálaráðherra Útlendingastofnun Noregs að meta hvort efni stæðu til þess að vísa honum úr landi. Yfirvöld gerðu engar ráðstafanir til að vísa honum úr landi fyrr en honum barst viðvörðun þess efnis, útgefin 31. október 2006. Þann 2. nóvember 2006 var honum vísað úr landi og bönnuð endurkoma til Noregs um ótiltekinn tíma.

Eftir að hafa dvalist um tíma sem flóttamenn í Írak höfðu eiginkona Kamrans og synirnir Azat og Cemsit komið til Noregs í maí 2003 og sótt þar um hæli. Þriðja barnið, Rojin, fæddist árið 2005. Veitti áfrýjunarnefnd innflytjendamála þeim dvalar- og atvinnuleyfi árið 2008. Réði þar úrslitum alvarleg einhverfa Rojin ásamt því að Azat og Cemsit höfðu þegar dvalið í Noregi í tæp fimm ár. Nefndin takmarkaði síðar endurkomubann föður þeirra við fimm ár. Áfrýjunum hans var vísað frá og Hæstiréttur Noregs komst að þeirri niðurstöðu þann 26. nóvember

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

2010 að brottvísun hans gengi ekki úr hófi fram gagnvart hinum fjölskyldumeðlimunum. Var hann sendur úr landi til Tyrklands 16. júlí 2011. Hinir fjölskyldumeðlimirnir fengu norskan ríkisborgararétt í janúar 2012.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandur töldu brotið gegn rétti sínum til friðhelgi einkalífs og fjölskyldu, enda hefði fjölskyldunni verið stíað í sundur með brottvísun föðurins til Tyrklands. Sérstaklega héldu þau því fram að í dómnum frá nóvember 2010 hefði ekki nægilegt tillit verið tekið til þess sem yngsta barninu væri fyrir bestu vegna sérstakra umönnunarþarfa þess.

Niðurstaða

Dómstóllinn vitnaði í fyrri dóma sína í málum Nunez gegn Noregi og Antwi o.fl. gegn Noregi, m.a. um að sáttmálinn skuldbyndi ríki hvorki til að virða val innflytjenda á landi til búsetu né til að heimila ávallt fjölskyldum að sameinast á yfirráðasvæði sínu. Við slíka ákvarðanatöku bæri þó að taka mið af aðstæðum hverju sinni. Bæri m.a. að líta til þess að hve miklu leyti fjölskyldu yrði í raun sundrað, hversu sterk tengslin væru í aðildarríkinu, hvort óyfírstíganlegar hindranir stæðu í vegi fyrir því að fjölskyldan gæti búið í upprunalandi einhvers meðlima sinna og hvort til kæmu einhver sjónarmið um útlendingaeftirlit (t.d. fyrri brot gegn innflytjendalöggjöf) eða allsherjarreglu sem mæltu gegn landvist. Einnig væri mikilvægt að líta til þess hvort stofnast hefði til fjölskyldunnar á tíma þegar viðkomandi einstaklingar hefðu gert sér grein fyrir að fjölskyldulíf þeirra innan ríkisins yrði ævinlega ótryggt, en þegar svo háttaði til bryti brottvísun ekki gegn 8. gr. sáttmálans nema í undatekningaraðstæðum.

Í tilviki kærenda tók dómstóllinn til skoðunar undantekningaraðstæður tengdar því sem yngsta barninu væri fyrir bestu. Fram hefði komið að barnið væri mjög alvarlega einhverft og yrði ávallt háð foreldrum sínum. Móðirin væri örmagna og á mörkum þess að geta gegnt hlutverki sínu. Það væri faðirinn sem héldi dóttur sinni virkri frá degi til dags og barnið væri honum sérstaklega tengt. Yrði honum vísað úr landi væri þroskatruflun hennar líkleg til að versnað og íþyngja móður hennar og bræðrum frekar. Í ljósi þessa taldi dómstóllinn brottvísun föðurins með fimm ára endurkomubanni ganga mjög langt, sérstaklega gagnvart barninu.

Þótt faðirinn hefði verið sakfelldur fyrir grófa líkamsárás, í eðli sínu alvarlegt brot, hefðu ekki orðið alvarleg meiðsl og refsingin verið milduð vegna háttsemi brotþola sjálfs. Ekki hefði verið gerð gangskör að því að vísa föðurnum úr landi í u.þ.b. sex ár. Taldi dómstóllinn, einnig með það í huga að kærandi hafði ekki brotið af sér aftur, að frátöldum nokkrum minni háttar umferðarlagabrotum, að sakfell-ingin ætti því ekki að vega verulega þungt í málinu.

Loks hefðu foreldrarnir í máli þessu stofnað til fjölskyldu sinnar í heima-landinu, ólíkt sumum öðrum málum sem hefðu komið til kasta dómstólsins.

Í ljósi alls þessa varð það niðurstaða dómstólsins að ríkið hefði farið út fyrir

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

svigrúm sitt til mats. Ekki hefði verið gætt eðlilegs jafnvægis milli þarfar föðurins til að halda sambandi við dóttur sína, því sem henni væri fyrir bestu, og almanna-hagsmuna tengdum útlendingaeftirliti, efnalegri farsæld þjóðarinnar og því að firra glundroða eða glæpum. Hefði því verið brotið gegn 8. gr. sáttmálans.

Rákinu var gert að greiða kærendum sameiginlega 12.000 evrur í miskabætur og 8000 evrur í málskostnað.

Dzemyuk gegn Úkraínu

Dómur frá 4. september 2014

Mál nr. 42488/02

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Skipulagsreglur. Áhrif mengunar á heimili. Fullnusta dóma.

1. Málsatvik

Kærandi bjó í þorpi í Úkraínu þar sem aðgangur að hreinu drykkjarvatni var takmarkaður og þurfti fjölskylda hans að reiða sig á að sækja vatn í brunn nálægt heimilinu. Árið 2000 ákváðu skipulagsyfirvöld að byggður yrði kirkjugarður á lóð sem stóð aðeins 40 m frá húsi kæranda. Kærandi kærði ákvörðunina og krafðist þess að ákvörðunin yrði ógilt og kirkjugarðinum lokað. Dómstóll dæmdi honum í vil árið 2003 og taldi að kirkjugarðurinn hefði verið staðsettur of nærri íbúabyggð og nálægum vatnsbólum og að staðsetning hans fæli í sér brot á lögum og reglugerðum. Dómstóllinn ákvað að kirkjugarðinum skyldi lokað, en yfirvöld framfylgdu ekki fyrirmælum hans. Árið 2008 voru sýni tekin úr drykkjarvatni í brunni kæranda og sýndu þau hærra magn e-kóli gerla en leyfilegt var samkvæmt lögum.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að málsmeðferð yfirvalda í máli hans hefði falið í sér brot gegn 8. gr. sáttmálans um friðhelgi einkalífs og fjölskyldu.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að 8. gr. sáttmálans ætti við í tilvikum þar sem skerðingar á réttindum manna beindust sérstaklega að heimili, fjölskyldu þeirra eða einkalífi og væri skilyrði að þessar takmarkanir teldust verulegar. Í þessu tilviki yrði að telja að sú mengun á drykkjarvatni sem staðsetning kirkjugarðsins hafði í för með sér og þau brot á lögum og reglugerðum um umhverfisvernd sem fólst í byggingu hans hafi falið í sér veruleg áhrif á lífsgæði fjölskyldu kæranda og því talist veruleg röskun á réttindum hans samkvæmt 8. gr. sáttmálans.

Þá tók dómstóllinn fram að ólögmati ákvörðunar yfirvalda um að byggja kirkjugarðinn á þessum stað hafi komið ítrekað fram við meðferð málsins, bæði hjá heilbrigðisyfirvöldum og dómstólum. Þó hafi yfirvöld ekki fylgt eftir ákvörðunum dómstóla um að loka kirkjugarðinum og því teldust þau hafa brotið gegn réttindum

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

kæranda um friðhelgi heimilis hans og fjölskyldu, enda hafi takmörkunin á réttindum hans ekki verið lögmæt. Dómstóllinn taldi því að um brot gegn 8. gr. sáttmálans væri að ræða.

Dómstóllinn dæmdi úkraínska ríkið til að greiða kæranda 6.000 evrur í miskabætur.

Jeunesse gegn Hollandi

Dómur frá 3. október 2014 - Yfirdeild

Mál nr. 12738/10

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Útlendingar. Dvalarleyfi. Fjölskyldulíf. Brottvísun.

1. Málsatvik

Kærandi er súrínamskur ríkisborgari fædd árið 1967. Hún kom til Hollands á vegabréfsáritun fyrir ferðamann árið 1997 og yfirgaf ekki landið eftir að gildistími hennar rann út. Hún giftist hollenskum ríkisborgara og eiga þau nú þrjú börn saman. Kærandi sótti ítrekað um dvalarleyfi en var hafnað á þeim grundvelli að hún hefði ekki tilskilin leyfi frá hollenska sendiráðinu í Súrínam. Árið 2010 var hún í varðhaldi í 4 mánuði á meðan hún beið brottvísunar úr landi. Á endanum var hún látin laus þar sem hún var barnshafandi að þriðja barni þeirra hjóna.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kæran byggðist á því að hollenska ríkinu bæri að taka tillit til sérstakra aðstæðna kæranda og veita henni dvalarleyfi á grundvelli fjölskyldulífs. Þar sem það hafi ekki verið gert hafi verið brotið gegn 8. gr. sáttmálans

Niðurstaða

Dómstóllinn ítrekaði skýra réttarframkvæmd sína um að stofnist til fjölskyldulífs á tíma þar sem einstaklingarnir eru meðvitaðir um vafasama stöðu sína innan ríkisins þá sé það einungis brot á 8. gr. að vísa þeim einstaklingi úr landi við afar sérstakar aðstæður. Aðstaða kæranda var með þeim hætti í ljósi ítrekaðra umsókna hennar að hún og eiginmaður hennar voru meðvituð um að vafi léki á heimild hennar til að dveljast í landinu.

Var því tekið til skoðunar hvort aðstaða kæranda hafi verið mjög sérstök. Allir meðlimir fjölskyldu hennar voru hollenskir ríkisborgarar sem höfðu dvalarleyfi í Hollandi. Aðstaða kæranda var einnig sérstök fyrir það leyti að hún hafði fæðst með hollenskan ríkisborgararétt en misst hann árið 1975 þegar Súrínam öðlaðist sjálfstæði frá Hollandi. Hollenska ríkið var meðvitað um heimilisfang hennar frá því hún kom til landsins en hafði umborið veru hennar í landinu um 16 ára skeið. Svo löng dvöl hafði gert henni mögulegt að mynda sterk menningarleg, félagsleg og fjölskyldutengsl við Holland. Kærandi var enn fremur ekki á sakaskrá og brottvísun hennar til Súrínam myndi hafa mikla erfiðleika fyrir hana í för með sér. Hollensk

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

stjórnvöld höfðu því til viðbótar ekki tekið nægilegt tillit til þess hvaða áhrif það myndi hafa á börn hennar að henni yrði vísað úr landi. Að þessu öllu skoðuðu, auk þess að ekki var kannað hvort meðalhófs væri gætt, komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að aðstæður kæranda hafi verið afar sérstæðar. Hollenska ríkið hafði því ekki gætt meðalhófs milli fjölskyldulífs kæranda og hagsmuna hollenska ríkisins að stjórna innflytjendamálum. Var því talið brotið gegn 8. gr. sáttmálans.

Voru kæranda dæmdar 1714 evrur í miskabætur og 564,5 evrur í málskostnað.

Konovalova gegn Rússlandi

Dómur frá 9. október 2014

Mál nr. 37873/04

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Réttindi sjúklinga. Heimild læknanema til að vera viðstaddir lækniáðgerðir.

1. Málsatvik

Kærandi er rússneskur ríkisborgari fædd árið 1980 og búsett í St. Pétursborg. Þann 23. apríl 1999 var hún lögð inn á fæðingardeild á ríkisreikum spítala. Við innlögn var henni afhentur bæklingur sem upplýsti sjúklinga um mögulega viðveru læknanema við meðferð þeirra. Kærandi þjáðist af kvillum tengdum meðgöngunni og var tvisvar svæfð með lyfjagjöf svo hún fengi hvíld. Áður en hún var svæfð var henni tilkynnt að fæðingin myndi eiga sér stað daginn eftir og að læknanemar myndu vera viðstaddir fæðinguna. Fæðingin fór fram á tilsettum tíma í viðveru lækna og læknanema sem allir höfðu fengið kynningu á sjúkrasögu kæranda ásamt þeirri meðferð sem til stóð að veita í þetta sinn. Kærandi heldur því fram að hún hafi andmælt viðveru læknanemanna við fæðinguna.

Rússneskir dómstólar höfðu kröfu kæranda þar sem ekki var krafist skriflegs samþykkis samkvæmt landsrétti. Enn fremur hafi kæranda verið afhentur bæklingur þar sem möguleg þátttaka læknanema var skýrð út og ekki var sannað að hún hafi andmælt því.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi byggði á því að viðvera læknanema við fæðingu barns hennar og upplýsingar sem þeir hlutu um sjúkrasögu hennar hafi verið brot á friðhelgi einkalífs hennar í skilningi 8. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að viðvera læknanema sem höfðu aðgang að sjúkrasögu kæranda fæli í sér skerðingu á réttindum hennar til friðhelgi einkalífs. Sú skerðing átti sér stöð í ákvæði 54. gr. rússneskra heilbrigðislaganna sem kvað á um að læknanemar í starfsþjálfun gætu fylgst með lækniáðgerð sjúklinga í samræmi við námskrá þeirra undir eftirliti heilbrigðisstarfsmanna sem ábyrgð báru á sjúklingunum. Reglan í 54. gr. væri almenns eðlis en hefði það markmið að tryggja rétt læknanema

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

til að fylgjast með meðferð sjúklinga sem þætti í námi sínu. Reglurnar gerðu ekki ráð fyrir neinum rétti sjúklinga til friðhelgi einkalífs í þessu tilliti eða möguleikum þeirra á að neita því að læknanemar væru viðstaddir.

Framkvæmd ríkisins á þessum rétti bætti ekki úr þessum skorti, því fremur varð skerðingin alvarlegri þar sem kynningin á hugsanlegri þátttöku nemanna var með þeim hætti að ekki var gerð grein fyrir umfangi þátttökunnar né hvers eðlis hún væri. Kynningin var einnig sett fram þannig að hún væri skyldubundin og sjúklingurinn hefði ekkert val.

Þegar kröfu kæranda var hafnað fyrir innlendum dómstólum tóku dómstólar ekki nægilegt tillit til formgalla á kynningu fyrir kæranda, viðkvæms ástands kæranda sem komin var með hríðir þegar henni er tilkynnt um þátttöku læknanema ásamt því að vera nývöknud úr svæfingu. Þá var talið að úrræði hefði skort til að hún gæti andmælt viðveru nemanna. Var talið að með þessu hefði rússneska ríkið brotið gegn rétti kæranda til friðhelgi einkalífs samkvæmt 8. gr. sáttmálans.

Kæranda voru dæmdar 3000 evrur í miskabætur og 200 evrur í málskostnað.

Vintman gegn Úkraínu

Dómur frá 23. október 2014

Mál nr. 28403/05

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

13. gr. Réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns

Afplánun í fangelsi. Afplánunarstaður. Réttur til fjölskyldulífs.

1. Málsatvik

Kærandi er úkraínskur ríkisborgari fæddur árið 1968. Árið 2000 var hann ákærður fyrir rán og manndráp. Hann var sakfelldur og dæmdur í ævilangt fangelsi. Sá dómur var þó stytur í 15 ár af Hæstarétti landsins sem taldi ekki stoð fyrir ævilangri refsivist í lögunum á þeim tíma sem dómurinn var kveðinn upp. Kærandi afplánar refsidóm sinn í fangelsi um 700 km frá æskulóðum sínum og heimili. Móðir kæranda hefur ekki getað heimsótt hann meðan hann afplánar refsivistina vegna heilsubrests. Fangelsisýfirvöld hafa ítrekað hafnað beiðnum kæranda um flutning í fangelsi nær heimili hans, í fyrstu á grundvelli plássleysis en um 2010 var farið að vísa til hegðunar kæranda sem ástæðu.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi byggði á því að vistun hans svo langt frá heimili sínu og móður sinnar ásamt ítrekuðum synjunum um flutning í fangelsi nær heimili sínu hafi falið í sér brot á friðhelgi fjölskyldu hans þar sem það hafi gert honum ókleift að hitta móður sína. Hafi því verið brotið gegn 8. gr. sáttmálans.

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Niðurstaða

Um 8. gr.: Dómstóllinn tók fram að neitun um að flytja kæranda í fangelsi nær heimili hans hafi skert rétt hans til sambands við móður sína og þar af leiðandi skert rétt hans til friðhelgi fjölskyldulífs. Sú skerðing var í samræmi við úkraínsk lög og stefndi að því lögmæta markmiði að koma í veg fyrir offjölgun í tilteknum fangelsum. Dómstóllinn féllst þó ekki á að gætt hafi verið meðalhófs.

Þrátt fyrir að ákvörðunin hafi verið byggð á því að engin pláss hafi verið laus í fangelsi nær heimili hans lágu engin gögn fyrir um að kannað hafi verið hvort mögulegt væri að flytja kæranda í eitthvert þeirra fangelsa er voru staðsett nær heimili hans. Enn fremur var ekki sýnt fram á að ekki hafi verið laus pláss eins og haldið var fram.

Hegðun kæranda kom ekki fram í synjunum fyrr en 2010 þrátt fyrir að kærandi hafi fyrst sótt um flutning árið 2001. Enn fremur var ekki að sjá að gerður hafi verið greinarmunur á mati við ósk hans að vera fluttur í fangelsi af sama öryggisstigi nær heimili sínu annars vegar eða flutning í fangelsi af minna öryggisstigi enn nær heimili hans hins vegar.

Dómstóllinn tók að lokum fram að ekkert væri fram komið sem sýndi að nokkurt tillit hafi verið tekið til fjölskylduástöðu kæranda eða hagsmuna hans af því að halda fjölskyldutengslum. Hafði því verið brotið gegn 8. gr. í máli kæranda.

Um 13. gr. sbr. 8. gr.: Dómstóllinn taldi einnig að brotið hafi verið gegn 13. gr. þar sem kærandi hafði ekkert raunhæft úrræði til að frá frekari skoðun á ítrekuðum synjunum við flutningi hans.

Kæranda voru dæmdar 12.000 evrur í miskabætur og 2.556 evrur í málskostnað.

Gough gegn Bretlandi

Dómur frá 28. október 2014

Mál nr. 49327/11

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

10. gr. Tjáningarfrelsi

35. gr. Skilyrði þess að mál sé tækt

Kærufrestur. Réttur til að vera nakinn á almannafæri. Takmörkun tjáningarfrelsis til verndar siðgæði.

1. Málsatvik

Kærandi er breskur ríkisborgari fæddur árið 1959 og búsettur í Eastleigh. Hann aðhyllist þá skoðun að ekkert sé móðgandi eða særandi við að sýna mannslíkamann. Hann stundar það því að vera nakinn á almannafæri. Árið 2003 ákvað hann að ganga nakinn um Bretland. Síðan þá hefur hann ítrekað verið handtekinn og ýmist dæmdur til refsingar eða sleppt á reynslulausn.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að ítrekaðar handtökur og fangelsisvist hafi skert rétt hans til tjáningar og friðhelgi einkalífs hans. Væri því brotið bæði gegn 8. og 10. gr. í máli hans.

Niðurstaða

Um 35. gr.: Þrátt fyrir að kæran lyti að ítrekuðum handtökum og vistun í fangelsi mörg ár aftur í tímann fælu þau atvik ekki í sér viðvarandi ástand í skilningi 1. mgr. 35. gr. þannig að sex mánaða kærufrestur ætti ekki við. Hins vegar tók dómstóllinn til skoðunar mynstur framkvæmdarinnar gagnvart kæranda um árabíl við meðferð málsins þótt efnislega lyti kæran aðeins að handtöku hans árið 2011.

Par sem ákvörðun kæranda að vera nakinn á almannafæri var liður í lýsa þeirri skoðun að mannslíkaminn væri ekki særandi eða móðgandi var háttsemin talin falla undir tjáningu. Því var skerðing á frelsi hans til að ganga nakinn takmörkun á réttindum sem nutu verndar 10. gr. og var kæran því tæk til efnismeðferðar.

Um 10. gr.: Dómstóllinn féllst á að skerðingin hvíldi á lagaheimild og stefndi að því lögmeða markmiði að auka löghlýðni og vernda almenning. Nekt á almannafæri er ekki heimil í öllum tilvikum. Umfang heimildarinnar væri mál sem ætti erindi við almenning. Örfáir deildu skoðun kæranda í þessu máli en það fyrirgerði ekki öllum rétti hans. Par sem markmið hans væri að breiða út þessa skoðun sína væri honum heimilt að hefja slíka umræðu. Í ljósi þess að nekt varðar ýmis siðferðisleg álitaeftni og almannaöryggi væri meira svigrúm til skerðingar á slíkri tjáningu en annarri.

Aðgerðir gegn kæranda voru byggðar á mati í hvert sinn. Ítrekunaráhrif leiddu svo til þess að kærandi hlaut þyngri refsingar en jafnvel þá var meðalhöfs gætt og vægari úrræði þrautreynd. Þrátt fyrir lengd refsingar á tímabilinu 2003-2011 fyrir jafn vægt brot bar að taka tillit til ítrekaðs eðlis brotanna og að háttsemi kæranda og áhugaleysi hans á að verða við fyrirmælum yfirvalda. Bar einnig að líta til skyldu kæranda að reyna að koma við breytingum í þjóðfélaginu innan þess lagaramma sem þar gildi. Þegar háttsemi kæranda var skoðuð sem röð atvika fól skerðing á frelsi hans að teknu tilliti til blygðunarsemi almennings og siðferðislegra sjónarmiða ekki í sér brot á 10. gr.

Um 8. gr.: Þrátt fyrir að dómstóllinn teldi að ákvörðun einstaklinga um hvernig þeir vilji líta út á almannafæri falli undir friðhelgi einkalífs gæti 8. gr. ekki leitt til þess að slíku vali væru engar skordur settar. Setja mætti ákveðinn lágmarksþröskuld við heimild manna til að vera sjálfráðir um útlit sitt áður en hún nyti slíkrar verndar. Réttur manns til að ganga um klæðalaus náði að mati dómstólsins ekki þeim þröskuldi. Var því ekki talið brotið gegn réttindum kæranda samkvæmt 8. gr. sáttmálans.

Senchishak gegn Finnlandi

Dómur frá 18. nóvember 2014

Mál nr. 5049/12

3. gr. Bann við pyndingum

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Útlendingar. Brottvísun. Heilsufarsástæður. Kostur á lækni meðferð.

1. Málsatvik

Kærandi, Marina Senchishak, er rússneskur ríkisborgari, fædd árið 1942 og býr í Espoo í Finnlandi. Hún kom til Finnlands árið 2008 sem ferðamaður og ætlaði að dveljast hjá dóttur sinni, sem er finnskur ríkisborgari. Fljótlega eftir komuna sótti kærandi um búsetuleyfi í landinu og vísaði til fjölskyldutengsla sinna. Í umsókn sinni vísaði hún til þess að hún væri heilsuveil eftir að hafa fengið heila-blóðfall árið 2006 og ætti ekki kost á videigandi lækni meðferð í heimalandi sínu, Rússlandi. Hún taldi einnig að hún væri háð umönnun dóttur sinnar, þar sem hún ætti enga ættingja á lífi í Rússlandi. Yfirvöld innflytjendamála í Finnlandi höfnuðu umsókn hennar og vísuðu henni aftur til Rússlands. Hún kærði ákvörðun yfirvalda til dómstóla en kæru hennar var hafnað í september 2011. Í dóminum var tekið fram að kærandi ætti völ á videigandi lækni meðferð í Rússlandi og væri því ekki háð því að dvelja hjá dóttur sinni. Þá gæti dóttir hennar veitt henni fjárhagslegan stuðning og heimsótt hana reglulega til Rússlands, enda væri heimabær kæranda stutt frá finnsku landamærunum. Kærandi áfrýjaði þessari niðurstöðu til æðri dómstóls en án árangurs. Kærandi krafðist þess að brottvísun hennar til Rússlands yrði frestað á grundvelli 39. gr. sáttmálans. Dómstóllinn féllst á frestunina í janúar 2012.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að brottvísun hennar fæli í sér brot gegn 3. gr. sáttmálans sem ómannleg eða vanvirðandi meðferð og einnig gegn 8. gr. sáttmálans um friðhelgi einkalífs og fjölskyldu. Hún vísaði til þess að hún hefði ekki aðgang að nauðsynlegri lækniþjónustu í heimalandi sínu og brottvísunin ylli því að hún yrði aðskilin frá dóttur sinni sem væri eini eftirlifandi fjölskyldumeðlimur hennar.

Niðurstaða

Um 3. gr.: Dómstóllinn tók fyrst til skoðunar hvort hætta væri á að kærandi sætti illri meðferð ef henni yrði vísað til Rússlands, sérstaklega þegar lítið væri til ástands heilbrigðismála í landinu og fjölskyldu kæranda. Dómstóllinn taldi ekki að ástand í mannréttindamálum í Rússlandi væri það slæmt að brottvísun þangað ein og sér teldist brjóta gegn ákvæðum sáttmálans. Þá taldi dómstóllinn að fjölskylduáðstæður kæranda yllu því ekki að brottvísun hennar til Rússlands teldist brot gegn 3. gr. sáttmálans. Dómstóllinn taldi, líkt og finnsk yfirvöld, að kærandi hafi ekki sýnt fram á að hún gæti ekki haft aðgang að nauðsynlegri lækniástoð í

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Rússlandi, enda væri fjöldi heilbrigðisstofnana í landinu þar sem hún gæti sótt sér meðferð. Því taldi dómstóllinn að brottvísun kæranda fæli ekki í sér brot gegn 3. gr. sáttmálans.

Um 8. gr.: Dómstóllinn ítrekaði, í samræmi við fyrri fordæmi, að hugtakið fjölskyldulíf samkvæmt 8. gr. sáttmálans ætti almennt við í tilvikum þar sem um væri að ræða samband foreldra og uppvaxinna barna þeirra, nema sýnt væri fram á að foreldrarnir væru upp á börn sín komnir. Dómstóllinn taldi að í tilviki kæranda væru aðstæður ekki á þann veg að þær féllu undir 8. g sáttmálans. Því ætti 8. gr. sáttmálans ekki við í máli hennar.

Tveir dómarmarar skiluðu sameiginlegu séráliti.

Dubská og Krejzová gegn Tékklandi

Dómur frá 11. desember 2014

Mál nr. 28859/11 og 28473/12

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Heimafæðingar. Réttur til heilbrigðisaðstoðar. Hagsmunir barna.

1. Málsatvik

Kærandur eru tékkneskir ríkisborgarar búsettar í Tékklandi, fæddar 1985 og 1980. Þær höfðu báðar ákveðið að fæða börn sín á eigin heimili. Samkvæmt tékkneskum rétti er heilbrigðisstarfsfólki óheimilt að aðstoða við heimafæðingar. Fyrri kærandi eignaðist barnið heima án aðstoðar en síðari kærandi eignaðist barn sitt á sjúkrahúsi. Tékkneski Stjórnlagadómstóllinn vísaði kæru fyrri kæranda frá sökum þess að hún hafði ekki reynt allar kæruleiðir. Þó var tekið fram í úrskurðinum að vafasamt væri að þessi ákvæði tékknesks réttar stæðust 8. gr. sáttmálans.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandur byggðu á því að það bryti gegn friðhelgi einkalífs þeirra í skilningi 8. gr. sáttmálans að þær verði að eiga barn sitt á sjúkrahúsi vilji þær njóta aðstoðar heilbrigðisstarfsfólks.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að barnsfæðing sé afar mikilvægur þáttur í einkalífi móður. Ákvarðanir kvenna sem lúta að fæðingu barns falli því innan 8. gr. sáttmálans. Sú staðreynd að kærandur gátu ekki notið aðstoðar ljósmóður við heimafæðingu fól í sér skerðingu á einkalífi þeirra. Sú skerðing átti sér stöð í lögum og var fyrirsjáanleg. Skerðingin stefndi jafnframt að því lögmæta markmiði að vernda heilsu bæði móður og barns.

Dómstóllinn taldi að við mat á nauðsyn skerðingarinnar hefði tékkneska ríkið talsvert svigrúm. Þar kæmu til skoðunar vísindaleg gögn um áhættu af fæðingu á sjúkrahúsi og heimafæðingu og þörf barna á því að njóta sérstakrar verndar

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

frá ríkinu. Enn fremur tók dómstóllinn fram að aðildarríki sáttmálans væru ekki sammála um hvort heima-fæðingar væru æskilegar og að tékkneska ríkið réði hvernig það ráðstafaði fjármunum sínum til heilbrigðismála, þar með talið til heima-fæðinga.

Þrátt fyrir að valfrelsi kæranda hefði verið skert í þessum kringumstæðum þá var ljóst að tékkneska ríkið hafði það markmið að leiðarljósi að gæta hagsmuna barnsins. Hagsmunir barnsins gætu í tilteknum tilvikum gengið frammar hagsmunum foreldrisins enda fæli 8. gr. ekki í sér rétt foreldra til að taka ákvarðanir sem gætu skaðað barnið. Ákvörðun um heima-fæðingu gætu aukið áhættu við fæðingu og þar með ógnað heilsu barns.

Þrátt fyrir að flestar rannsóknir sýni að heima-fæðingar séu öruggar og ekki áhættusamari en fæðing á sjúkrahúsi þá er það einungis rétt ef nánar tiltekin skilyrði eru uppfyllt. Þeirra á meðal eru að ljósmóðir sé á staðnum, að fæðingin sé ekki sérlega áhættusöm og að heimilið sé nálægt sjúkrahúsi ef neyðartilvik kemur upp. Ákvörðun tékkneska ríkisins jók því áhættu sem fylgir heima-fæðingum. Hins vegar var það mat tékkneska ríkisins að áhættan væri meiri ef illa færi í miðri fæðingu og sérfræðilegt inngríp lækna þyrfti ef fæðingin væri heima. Sú staðreynd ásamt því að kærundur báru ekki ósanngjarna byrði í sambandi við hagsmunina sem í húfi voru leiddu til þess að tékkneska ríkið var ekki talið hafa farið út fyrir svigrúm sitt til mats á nauðsyn skerðingar á einkalífi kæranda við val á fæðingarstað barna sinna. Dómstóllinn tók þó fram að tékkneska ríkinu bæri að endurskoða þessa löggjöf reglulega og hafa í huga læknisfræðilega, vísindalega og lagalega þróun.

10. gr. Tjáningarfrelsi

A.B. gegn Sviss

Dómur frá 1. júlí 2014

Mál nr. 56925/08

10. gr. Tjáningarfrelsi

Birting einkalífssupplýsinga. Umfjöllun um sakamál. Fjölmíðlar.

1. Málsatvik

Kærandi, A.B., er svissneskur ríkisborgari, fæddur 1965 og býr í Porrentruy í Sviss. Hann er blaðamaður að vinnu. Þann 15. október 2003 birtist tímaritsgrein eftir hann um sakamál á hendur manni að nafni M.B., sem sat í varðhaldi eftir að þrír höfðu látist og átta aðrir slasast þegar hann ók á gangandi vegfarendur. Ökumaðurinn fleygði sér síðar fram af Lausanne-brúnni. Hafði atvikið verið mikið í opinberri umræðu í Sviss. Í greininni var fjallað um bakgrunn sakborningsins og birt ágríp af spurningum lögreglu og rannsóknardómara til hans ásamt svörum hans. Nokkrar ljósmyndir fylgdu af gögnum málsins, þar á meðal af bréfi sakbornings til dómara í málinu ásamt ágrípi úr skýrslum eiginkonu hans og læknis.

Blaðamaðurinn var ákærður fyrir birtingu trúnaðargagna og dæmdur skilorðsbundið til eins mánaðar fangavistar, sem síðar var breytt í sekt að upphæð 4000 svissneskir frankar (um 2667 evrur).

Áfrýjun hans til innlendra dómstóla bar ekki árangur.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi sakfellingu sína hafa skert tjáningarfrelsi sitt á ólögmætan hátt og þar með brotið gegn 10. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að almenningur hefði almennt lögmæta hagsmuni af því að fá upplýsingar um sakamál. Þeir sem neyttu tjáningarfrelsisins, þ. á m. blaðamenn hefðu ákveðnar skyldur og ábyrgð, sem færu eftir aðstæðum og þeim tækniáferðum sem nýttar væru.

Í þessu máli hefðu innlendir dómstólar álitid að reyndum blaðamanni gæti ekki hafa dulist að um væri að ræða málsskjöl sem ekki væru opinber vegna dómsrannsóknarinnar. Mannréttindadómstóllinn lagði áherslu á að þótt fjölmíðlar gegndu mikilvægu hlutverki í lýðræðisþjóðfélagi leysti vernd 10. gr. sáttmálans að meginstefnu til blaðamenn ekki undan skyldu þeirra til að hlíta almennum refsilögum.

Dómstóllinn áleit innlenda dómstóla hafa einskorðað sig við þá niðurstöðu að ótímabær uppljóstrun skýrslanna og bréfanna hefði bæði gengið á rétt sakbornings til að teljast saklaus uns annað sannaðist og til réttlátrar málsmeðferðar.

Dómstóllinn lagði þó áherslu á að skrif kæranda hefðu ekki fyrst og fremst

10. gr. Tjáningarfrelsi

snúist um sekt eða sýknu ökumannsins. Meginhluti réttarhaldanna hefði ekki átt sér stað fyrr en meira en tveimur árum eftir birtingu greinarinnar. Auk þess hefði verið óumdeilt að skjölin hefðu ekki gefið tilefni til ályktana um ásetning ökumannsins. Loks hefðu setið í málinu atvinnudómarar, en ekki kviðdómur skipaður leikmönnum. Varð það niðurstaða dómstólsins að ríkinu hefði ekki tekist sönnun þess hvernig uppljóstrun þessarar tegundar trúnaðarupplýsinga hefði eins og á stóð getað haft neikvæð áhrif bæði á réttinn til að teljast saklaus og á niðurstöðu sakamálsins.

Svissneska ríkið hélt því fram að uppljóstrun trúnaðarskjalanna hefði skert rétt ökumannsins til friðhelgi einkalífs. Dómstóllinn benti hins vegar á að samkvæmt svissneskum lögum hefðu honum staðið til boða úrræði til að leita réttar síns vegna árása á mannorð sitt og einkalíf. Hann hefði ekki notfært sér nein slík úrræði, enda þótt það stæði honum næst til að tryggja að einkalíf sitt væri virt. Ríkið hefði því ekki nægilega réttlætt þau viðurlög sem kærandi hefði verið beittur.

Hvað snerti form og framsetningu hinnar umþrættu greinar yrði að hafa hugfast að 10. gr. sáttmálans verndaði ekki einungis efni hugmynda og upplýsinga, heldur einnig þann buning sem þær væru færðar í. Það væri ekki hlutverk dómstólsins fremur en innlendra dómstóla að setja eigin skoðanir í stað skoðana fjölmiðla á framsetningu efnis. Frelsi fjölmiðla tæki einnig til þess að ýkja eða ögra í framsetningu á efni.

Dómstóllinn ítrekaði að tjáningarfrelsi ætti ekki einungis við um upplýsingar eða hugmyndir sem féllu í góðan jarðveg eða væru álitnar meinlausar eða þýðingarlitlar, heldur jafnframt þær sem móðguðu og yllu hneykslan. Það útheimti fjölhyggju, umburðarlyndi og víðsýni, en án þeirra væri ekki til staðar „lýðræðislegt þjóðfélag“. Auk þess væri ekki hægt að líta svo á að greinin fjallaði strangt til tekið um upplýsingar um einkalíf einstaklings. Öllu heldur fjallaði greinin um hvernig dómskerfið starfaði í tilteknu sakamáli. Dómstóllinn ítrekaði enn fremur að hann yrði að vera þess fullviss að viðurlögin fælu ekki í sér eitthvert afbrigði ritskoðunar, sem ætlað væri að letja fjölmiðla til gagnrýni. Í samhengi umræðu um efni sem ætti erindi við almenning væru slík viðurlög líkleg til að halda aftur af framlagi blaðamanna til umræðu um málefni sem hefðu áhrif á líf samfélagsins. Að sama skapi væru þau til þess fallin að torvelda fjölmiðlum að rækja hlutverk sitt.

Í þessu tilviki áleit dómstóllinn fjársektina vera fram úr hófi miðað við það markmið sem stefnt var að. Sakfelling kæranda svaraði ekki brýnni þjóðfélagsþörf. Dómstóllinn taldi að ekki væru nægilega sterk rök til að réttlæta slíka skerðingu á rétti kæranda til tjáningarfrelsis. Hefði því verið brotið gegn 10. gr. sáttmálans. Svissneska ríkinu var gert að greiða kæranda 5000 evrur í málskostnað.

Karácsony o.fl. gegn Ungverjalandi

Dómur frá 16. september 2014

Mál nr. 42461/13

10. gr. Tjáningarfrelsi

Þingmenn. Stjórn málaumræða. Þingsköp. Agaviðurlög.

1. Málsatvik

Kærandur voru þingmenn í stjórnarandstöðu á ungverska þinginu þegar atvik málsins áttu sér stað. Við atkvæðagreiðslu á þinginu héldu þeir uppi mótmæla-spjöldum þar sem ríkisstjórnin var sökuð um spillingu. Forseti þingsins sektaði kærandur um 170 til 600 evrur vegna þessarar háttsemi, þar sem þeir hafi truflað þingstörf. Ákvörðunin um að sekta kærandur var tekin á opnum þingfundi, en án þess að sérstök umræða færi fram um ákvörðunina.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandur töldu að ákvörðun forseta þingsins um að sekta þá hafi falið í sér skerðingu á tjáningarfrelsi þeirra og brotið gegn 10. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn taldi að sektirnar sem lagðar voru á kærandur hafi falið í sér takmörkun á rétti þeirra til frjálsrar tjáningar. Skerðingin hafi verið lögum samkvæmt og hafi verið í þeim lögmæta tilgangi að vernda réttindi annarra og koma í veg fyrir ringulreið. Því næst lagði dómstóllinn mat á hvort gætt hafi verið meðalhófs við takmörkun á tjáningarfrelsi kæranda. Við það mat yrði að skoða sérstaklega eðli og áhrif þeirrar tjáningar sem skert var með sektarákvörðuninni, hver áhrif þeirrar tjáningar voru á skipulag og virðingu þingfundarins og með hvaða hætti ákvörðunin um sektargreiðslurnar var tekin. Dómstóllinn taldi að efni tjáningar kæranda hafi snúið að mikilvægu pólitísku deilumáli og hafi falið í sér kröfu um lýðræðislegt stjórnkerfi. Megintilgangur mótmælanna hafi verið að gagnrýna störf þingmanna stjórnarflokkanna, en hafi ekki falið í sér persónulegar árásir. Þó að kærandur hafi haft tækifæri til að koma skoðunum sínum á framfæri í ræðum sínum á þinginu, yrði að telja það til stjórnmálalegrar tjáningar þeirra að halda uppi kröfuspjöldum á þinginu. Þegar litið væri til mikilvægi þess í lýðræðisríkjum að stjórnarandstaða fengi að koma sjónarmiðum sínum óheft á framfæri, ætti að ljá þingmönnum talsvert svigrúm til frjálsrar tjáningar. Dómstóllinn taldi að mikilvægt væri að menn bæru virðingu fyrir störfum þjóðþinga og að gerðar væru ráðstafanir til þess að friði þingsins yrði ekki raskað. Þó taldi dómstóllinn að kærandur hefðu ekki raskað friði þingsins með mótmælum sínum og að þau hefðu ekki haft í för með sér tafir á atkvæðagreiðslu eða þingfundinum. Þá hafi ásanir þeirra gegn stjórnarmeirilutanum ekki verið til þess fallnar að hæða eða rýra virðingu þingsins.

Dómstóllinn taldi að þar sem ljá yrði aðildarríkjunum talsvert svigrúm á þessu sviði, yrði ekki talið að ákvörðunin um álagningu fésektarinnar, þó að hún hafi

10. gr. Tjáningarfrelsi

litast af flokkapólitík, hafi falið í sér brot á ákvæðum sáttmálans. Hinsvegar taldi dómstóllinn ýmsa ágalla hafa verið á málsmeðferðinni við álagningu sektarinnar. Kærendur hafi ekki fengið viðvörðun um að háttsemi þeirra gæti leitt til sektar og forseti þingsins rökstuddi ekki á neinn hátt ákvörðun sína um sektina. Þá var sektin lögð á án þess að umræður gætu farið fram um ákvörðunina, en með slíkri umræðu hefði verið hægt að rökstyðja ákvörðunina og upplýsa betur um lagalegan grundvöll hennar. Dómstóllinn taldi að álagning fésektar með þessum hætti væri til þess fallin að hafa letjandi áhrif á stjórn málaumræðu og tjáningu þingmanna. Því yrði ekki talið nauðsynlegt að skerða tjáningarfrelsi kæranda með svo afgerandi hætti og að slík takmörkun á tjáningarfrelsi teldist ekki nauðsynleg í lýðræðisþjóðfélagi. Því var talið að um brot gegn 10. gr. sáttmálans væri að ræða.

Dómstóllinn dæmdi ungverska ríkið til þess að greiða kærendum skaðabætur sem nam þeim sektargreiðslum sem höfðu verið lagðar á þá.

Erla Hlynsdóttir gegn Íslandi (nr. 2)

Dómur frá 21. október 2014

Mál nr. 54125/10

10. gr. Tjáningarfrelsi

Hlutverk fjölmiðla. Bláðamenn. Ábyrgð á ummælum. Grundvöllur takmörkunar á tjáningarfrelsi.

Í máli Erlu Hlynsdóttur gegn Íslandi (Nr. 2),

kveður Mannréttindadómstóll Evrópu (önnur aðaldeild), sem situr í deild skipaðri:

Guido Raimondi, *forseta*,

Işıl Karakaş,

András Sajó,

Nebojša Vučinić,

Egidijus Kūris,

Robert Spanó,

Jon Fridrik Kjølbro, *dómurum*,

og Abel Campos, *aðstoðarritara aðaldeildar*,

eftir að hafa fjallað um málið á lokuðum fundi hinn 30. september 2014,

upp eftirfarandi dóm, sem var samþykktur þann dag:

MÁLSMEDFERÐ

1. Mál þetta á upphaf sitt í kæru (nr. 54125/10) sem Erna Hlynsdóttir („kærandi“), sem er íslenskur ríkisborgari, lagði fram gegn Íslandi samkvæmt 34. gr. Samningsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis („Mannréttindasáttmálans“) hinn 17. ágúst 2010.

2. Í fyrirsvari fyrir kæranda var Gunnar Ingi Jóhannsson, lögmaður í Reykjavík. Í fyrirsvari fyrir ríkisstjórn Íslands („ríkið“) var Ragnhildur Hjaltadóttir, ráðuneytisstjóri í innanríkisráðuneytinu, sem umboðsmaður þess.

10. gr. Tjáningarfrelsi

3. Kærandi taldi að samkvæmt 10. gr. Mannréttindasáttmálans hefði dómur Hæstaréttar Íslands, sem kveðinn var upp 18. febrúar 2010, falið í sér afskipti af málfrelsi hennar, sem „ekki bæri nauðsyn til í lýðræðisþjóðfélagi“.

4. Kæran var send ríkinu hinn 6. september 2012.

MÁLSATVIK

I. MÁLAVEXTIR

5. Kærandi er íslenskur ríkisborgari, fædd 1978, og búsett í Reykjavík. Hún er blaðamaður og starfar hjá dagblaðinu DV. Í helgarblaði 31. ágúst til 2. september 2007 birtist í DV grein um umtalað sakamál, sem til rannsóknar var á þeim tíma og varðaði Y og eiginkonu hans, X. Y var forstöðumaður kristinnar meðferðarstofnunar, Byrgisins, sem hann hafði stofnað árið 1996 í þeim tilgangi að aðstoða fólk sem glímdi við lyfja-, áfengis- og spilafíkn. Ásakanir á hendur Y höfðu komið fram í desember, þegar í sjónvarpsfréttapætti birtist frásögn þar sem hann var ásakaður um kynferðisbrot gegn nokkrum vistkonum í Byrginu og fyrir að draga sér fé af opinberum styrkjum sem veittir höfðu verið Byrginu. Gögn, þ.m.t. kynferðislega djarfar myndbandsupptökur, sem virtust styðja ásakanirnar á hendur Y, voru birt í sjónvarpsþættinum. Eftir að þátturinn hafði verið sýndur lögðu þrjár konur fram kærur hjá lögreglu gegn Y vegna kynferðislegrar misbeitingar meðan þær voru vistkonur á Byrginu. Y og eiginkona hans höfðu bæði réttarstöðu sakbornings við rannsókn málsins.

6. Í greininni sem birtist í DV var að finna viðtöl og ummæli sem höfð voru eftir A, sem var ein kvennanna sem lagt höfðu fram kæru á hendur Y, og B, fjármála- stjóra Byrgisins og náins vinar Y, og X. Greinin bar fyrrsögnina „Árásir Satans“ og var þar m.a. að finna lýsingu A á því hvernig X hefði verið virk í svonefndum kynlífsleikjum sem Y hefði staðið fyrir, þar sem vistkonur í Byrginu hefðu verið beittar áhrifum og taldar á að taka þátt, þar sem það væri hluti lækningarferlis þeirra. Að sögn A hafði X hjálpað til að tæla konurnar og jafnvel sóst sjálf eftir kynmökum við þær, án eiginmannsins. A gagnrýndi að X starfaði á þeim tíma sem stuðningsfulltrúi við skóla og sagði: „Ég er hvorki sálfræðingur né geðlæknir en þessi manneskja er kolrugluð. Ég get ekki séð að hún hafi nokkuð að bjóða sem stuðningsfulltrúi eða í hjálparstarfi yfirhöfuð. Ég veit ekki hvað hún er að gera í þessum skóla. Miðað við hugaróra [Y] um stelpur á grunnskólaaldri finnst mér ekki við hæfi að sú sem veiðir fyrir hann vinni í grunnskóla.“

7. B staðhæfði einnig að bæði Y og X hefðu misnotað nokkra vistmenn Byrgisins kynferðislega og fannst undarlegt í ljósi stöðu X að henni væri leyft að vinna með börnum.

8. Í greininni var einnig vísað til ummæla lögmanns X og Y, sem sagði ásakanirnar gegn hjónunum fráleitar. Sagði hann einnig að mjög algengt væri að fólk hefði réttarstöðu sakbornings í yfirheyrslum án þess að til ákæru kæmi og því væri ekki sanngjarnt að bendla X við refsivert athæfi af neinu tagi. Auk þess hefði hvorugt þeirra gerst brotlegt við lög og hefði hann enga trú á að ákæra yrði gefin

10. gr. Tjáningarfrelsi

út í málinu.

9. Í greininni var jafnframt að finna ummæli lögregluþjóns við embættið sem annaðist rannsóknina. Staðfesti hann að X hefði haft réttarstöðu sakbornings við rannsóknina.

10. Hinn 28. febrúar 2008 höfðaði X meiðyrðamál gegn A, B og kæranda fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Í stefnu sinni, þar sem hún setti fram neðangreinar dómkröfur, byggði hún á því að eftirfarandi ummæli, sem birtust í DV, teldust ærumeiðandi aðdróttanir samkvæmt 236. gr., samanber 234. og 235. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og krafðist hún þess að þau yrðu dæmd dauð og ómerk skv. 1. mgr. 241 gr.

Dómkrafa nr. 1 [ummæli sem viðhöfð voru og birt af kæranda og (að sögn) A]

- a. „[A] ... segist hafa stundað kynlíf með þeim hjónum.“
- b. „[A] ... segir X hafa tekið þátt í kynlífsathöfnum með sér og [Y].“
- c. „[A] segir [X] hafa verið virka í kynlífsleikjum þeirra [Y] til að byrja með en þegar líða tók á hafi [X] orðið mjög afbrýðisöm og þá hafi Guðmundur ekki lengur viljað hafa hana með.“
- d. „Hún tók þátt í fyrstu skiptunum okkar saman.“
- e. „Síðan fór hún að hringja í mig og senda mér skilaboð um að hún vildi hitta mig eina.“
- f. „[A] segir að [X] hafi leitað eftir kynferðislegu samneyti við hana í einrúmi.“
- g. „Hann laug hana líka fulla, ...“
- h. „Hann sagði líka að hann væri að skilja við konuna sína.“
- i. „... þessi manneskja er kolrugluð. Ég get ekki séð að hún hafi nokkuð að bjóða sem stuðningsfulltrúi eða í hjálparstarfi yfirhöfuð. Ég veit ekki hvað hún er að gera í þessum skóla ekki við hæfi að sú sem veiðir fyrir hann vinni í grunnskóla.“
- j. „ ...hafi dreift ljótum sögum um hana. „Konan hans gerði þetta líka. Þau komu jafnvel með nýjar sögur á hverjum degi.““

Dómkrafa nr. 2 [ummæli sem viðhöfð voru og birt af B og kæranda]

- k. „Þær voru í þjálfun sem drottningar í lesbísku kynlífi. Að sögn [B] var kona hans þáttakandi í þessu.“
 - l. „Að sögn [B] ... var misnotkun [Y] á vistmönnum með fullri vitneskju hennar og tók hún á tíðum þátt í kynlífsleikjunum.“
 - m. „Þau djöfluðust bæði á þeim með tólum og tækjum.“
 - n. „[B] telur undarlegt að kona í þessari stöðu vinni með börnum.“
11. Krafðist X að kærandi, A og B, yrðu dæmd til refsingar. Að auki krafðist hún 3.000.000 króna (sem á þeim tíma svaraði til u.þ.b 30.365 evra) í miskabætur ásamt vöxtum og að stefndu yrði gert, með vísan til 2. mgr. 241. gr., að greiða henni 800.000 krónur til að kosta birtingu forsendna og dómsorðs í meiðyrðamálinu, auk málskostnaðar.

10. gr. Tjáningarfrelsi

12. X taldi að ábyrgðin á ummælunum lægi hjá A og B, þar sem þau væru nafngreind sem viðmælendur, en einnig hjá kæranda sem væri nafngreindur sem höfundur greinarinnar.

13. Í málflytningi sínum fyrir héraðsdómi vísaði kærandi til tjáningarfrelsis síns, sem varið væri með 73. gr.stjórnarskrár Íslands. Ennfremur byggði hún á 15. gr. laga nr. 57/1956, um prentrétt, en samkvæmt þeirri grein ber höfundur ummæla ábyrgð á birtingu efnis þeirra. Í greininni hefðu verið nafngreindir höfundar hinna umstefndu ummæla, sem höfð hefðu verið beint eftir A og B. Ómögulegt væri því að kalla kæranda til ábyrgðar sem höfund ummælanna.

14. Kærandi taldi ennfremur að ummælin væru sönn og rétt og því bæri að sýkna hana. X hefði verið sakborningur í lögreglurannsókn kynferðisafbrotamáls. Þá hefði X ekki leitt sönnur að þeirri staðhæfingu sinni að kærandi, sem enn teldi ummælin sönn, hefði af ásetningi brotið gegn tilvitnuðum ákvæðum almennra hegningarlaga.

15. Í skriflegum málflytningi sínum fyrir héraðsdómi neitaði A að hafa viðhaft þau ummæli sem eftir henni voru höfð. Við munnlega skýrslutöku fyrir réttinum kvaddst hún hins vegar minnst þess að hafa átt samræður við blaðamann dagblaðsins DV um Byrgismálið en að hún myndi ekki hvað hún hefði sagt.

16. Með dómi, sem kveðinn var upp 4. desember 2008, taldi héraðsdómur að ein ummæli, sem höfð voru eftir A (sjá i-lið hér að framan), væru ærumeiðandi en að ekki væri sannað að þau hefðu orðrétt verið eftir henni höfð. Því var kæranda einni gert að greiða X miskabætur að fjárhæð 100.000 krónur (u.þ.b 550 evrur). Ummælin voru jafnframt dæmd dauð og ómerk en öllum öðrum kröfum var hafnað.

17. X og kærandi áfrýjuðu báðar dómi héraðsdóms til Hæstaréttar. Í skriflegum greinargerðum sínum til Hæstaréttar byggði A á því að ekki væri unnt að kalla hana til ábyrgðar, m.a. á þeim forsendum að ummæli hennar hefðu ekki verið rétt eftir höfð í greininni af hálfu kæranda.

18. Með dómi, sem kveðinn var upp 18. febrúar 2010, staðfesti Hæstiréttur dóm héraðsdóms að því er varðar A og B. Einnig var staðfest niðurstaða héraðsdóms varðandi ábyrgð kæranda, en aðeins að því er varðar síðari hluta ummælanna („... ekki við hæfi að sú sem veiðir fyrir hann vinni í grunnskóla.“). Kæranda var gert að greiða X 300.000 krónur (u.þ.b. 1.650 evrur) í miskabætur og 100.000 til að standa straum af kostnaði við birtingu dómsins, ásamt vöxtum. Í dóminum var m.a. að finna eftirfarandi rökstuðning:

„Eins og að framan sagði lauk rannsókninni, sem var tilefni þeirra ummæla sem hér er deilt um, með dómi Hæstaréttar í máli nr. 334/2008. Í þeim dómi var meðal annars lagður til grundvallar sakfellingu [Y] framburður vitna sem báru jafnframt að [X] hafi verið þáttakandi í kynlífsathöfnum hans og vistkvenna á meðferðarheimilinu með hliðstæðum hætti og lýst er í þeim ummælum sem höfð eru eftir stefnda [B] í staflidum k. til m. Af þeim sökum verður að líta svo á að sönnur hafi verið leiddar að þeim ummælum og verður ómerking þeirra því ekki reist á 241. gr., sbr. 235. gr. almennra hegningarlaga. Þá felst í ummælum í n. lið í ómerkingarkröfu [X] gildisdómur sem ekki varðar við tilgreind ákvæði XXV. kafla almennra hegningarlaga. Samkvæmt framansögðu verður hafnað kröfu [X] um ómerkingu þeirra ummæla sem höfð eru eftir stefnda [B] og tilgreind eru í staflidum k. til n.

10. gr. Tjáningarfrelsi

Í skýrslu fyrir héraðsdómi kvaðst [kærandi] hafa við undirbúning greinarinnar rætt við [A] í síma. Símtalið hafi verið hljóðritað en upptakan ekki varðveitt. Kvað hún þau ummæli sem eignuð eru [A] í greininni rétt eftir henni höfð. [A] kvaðst í skýrslu fyrir héraðsdómi muna óljóst eftir samtali við blaðamann á DV þar sem rætt hafi verið „eitthvað um bara Byrgismálið“. Hún kannaðist hins vegar ekki við að hafa viðhaft þau ummæli við blaðamanninn sem um ræðir í staflíðum a. til j., en hver og einn liður var borinn undir hana. Þegar litið er til þess að ummæli, sem höfð eru eftir [A] í liðum a., b., c., d. og h., eru samkvæmt forsendum héraðsdóms í fyrrgreindu sakamáli efnislega að miklu leyti í samræmi við það, sem hún bar fyrir lögreglu skömmu áður en greinin birtist, svo og að stefnda kannaðist við að hafa rætt við blaðamann DV um Byrgismálið en gat ekki skýrt frá því hvað hún teldi sig þá hafa sagt um það við blaðamanninn, verður að leggja til grundvallar að sannað sé að ummælin í þessum staflíðum séu eftir henni höfð. Ummælin í staflíðum e., f., g., i. og j. eiga sér á hinn bóginn ekki á sama hátt hliðstæðu í skýrslum, sem [A] gaf við rannsókn málsins á hendur [Y]. Er því ekki unnt að líta svo á að [kærandi] hafi tekist sönnun um að þessi ummæli séu eftir [A] höfð.

Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 334/2008 var [Y] meðal annars sakfelldur fyrir að hafa átt kynferðismök við stefndu [A] á meðan hún var vistmaður í Byrginu. Til grundvallar þeirri sakfellingu var þó ekki lagður sá hluti framburðar [A], sem laut að þátttöku [X] í kynlífsathöfnum þeirra. Án tillits til þess hvort tekist hafi að leiða sönnur að þeim ummælum í lið a. til d., sem að þessu líta, verður að líta til þess að hér að framan voru talin sönnuð ummæli, sem höfð voru eftir [B] og lutu á almennan hátt að þátttöku [X] í kynferðisathöfnum eiginmanns hennar með vistkonum í Byrginu. Að því virtu verður ekki séð að ummæli þau sem höfð voru eftir [A] hafi verið til þess fallin að verða virðing [X] frekar til hnekkis. Er því ekki forsendur til ómerkingar þeirra samkvæmt 241. gr., sbr. 235. gr. almennra hegningarlaga.

Ummæli í staflíðum e., f., g., h. og j. varða eftir efni sínu hvorki við 234. gr. né 235. gr. almennra hegningarlaga og verður kröfu [X] um ómerkingu þeirra því hafnað. Ummælin í i. lið eru tvíþætt. Fyrri hluti þeirra, þar sem segir „... þessi manneskja er kolrugluð. Ég get ekki séð að hún hafi nokkuð að bjóða sem stuðningsfulltrúi eða í hjálparstarfi yfirhöfuð. Ég veit ekki hvað hún er að gera í þessum skóla ...“, fela í sér gildisdóm sem ekki varðar við tilfærð ákvæði XXV. kafla almennra hegningarlaga og verða þau því ekki ómerkt. Öðru máli gegnir um síðasta hluta ummælanna í i. lið, þar sem segir eftirfarandi: „... ekki við hæfi að sú sem veidir fyrir hann vinni við grunnskóla.“ Með þessum orðum var gefið til kynna að [X] hafi gerst sek um refsivert athæfi, sem að engu hefur verið sannað að eigi við rök að stöðjast. Verður því fallist á kröfu aðaláfrýjanda um ómerkingu þeirra með vísan til 241. gr., sbr. 235. gr. almennra hegningarlaga.

Eins og að framan er rakið hafa ekki verið leiddar sönnur að því að framangreind ummæli í staflíð i. hafi verið höfð eftir [A]. [Kærandi] var með fullnægjandi hætti nafngreind sem höfundur greinarinnar og ber því skaðabótaábyrgð á þessu efni hennar samkvæmt 1. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1956. Í ummælunum fólst gróf aðdróttun að [X] um refsiverðan verknað. Ummælin birtust með áberandi hætti í víðlesnu blaði og voru þau fallin til að hafa áhrif á æru og starfsheildur [X]. Á hinn bóginn verður ekki litið fram hjá þeim áhrifum sem fyrrnefnt refsímál og umræða um það hljóta þegar að hafa haft í þeim efnunum. Þegar til alls þessa er litið eru miskabætur til handa [X] hæfilega ákveðnar 300.000 krónur.

[Kærandi] verður með vísan til 2. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga dæmd til að standa straum af kostnaði við birtingu dómsins. [X] hefur ekki stutt kröfu sína um greiðslu kostnaðar af slíkri birtingu neinum gögnum. Er hæfileg fjárhæð vegna þess kostnaðar 100.000 krónur.“

10. gr. Tjáningarfrelsi

II. TILVÍSUN TIL LAGA

19. 71. gr. stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands, lög nr. 33/1944, er svohljóðandi:

„Allir skulu njóta friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu.

Ekki má gera líkamsrannsókn eða leit á manni, leit í húsakynnum hans eða munum, nema samkvæmt dómsúrskurði eða sérstakri lagaheimild. Það sama á við um rannsókn á skjölum og póstsendingum, símtölum og öðrum fjarskiptum, svo og hvers konar sambærilega skerðingu á einkalífi manns.“

20. 73. gr. stjórnarskrárinnar er svohljóðandi:

73. gr.

„Allir eru frjálssir skoðana sinna og sannfæringar.

Hver maður á rétt á að láta í ljós hugsanir sínar, en ábyrgjast verður hann þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar sambærilegar tálmanir á tjáningarfrelsi má aldrei í lög leiða.

Tjáningarfrelsi má aðeins setja skordur með lögum í þágu allsherjarreglu eða öryggis ríkisins, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða vegna réttinda eða mannorðs, annarra, enda teljist þær nauðsynlegar og samrýmist lýðræðishefðum.“

21. Í XXV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sem ber yfirskriftina „Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs“ er að finna eftirfarandi ákvæði sem við eiga:

234. gr.

„Hver, sem meiðir æru annars manns með móðgun í orðum eða athöfnum, og hver, sem ber slíkt út, skal sæta sektum eða fangelsi allt að 1 ári.“

235. gr.

„Ef maður dróttar að öðrum manni einhverju því, sem verða myndi virðingu hans til hnekkis, eða ber slíka aðdróttun út, þá varðar það sektum eða fangelsi allt að 1 ári.“

236. gr.

„Sé ærumeiðandi aðdróttun höfð í frammi eða borin út gegn betri vitund, þá varðar það fangelsi allt að 2 árum

Sé aðdróttun birt eða borin út opinberlega, enda þótt sakaráberi hafi ekki haft sennilega ástæðu til að halda hana rétta, þá varðar það sektum eða fangelsi allt að 2 árum.“

241. gr.

„Í meiðyrðamáli má dæma óviðurkvæmileg ummæli ómerk, ef sá krefst þess, sem misgert var við.

Dæma má þann, sem sekur reynist um ærumeiðandi aðdróttun, til þess að greiða þeim, sem misgert var við, ef hann krefst þess, hæfilega fjárhæð til þess að standast kostnað af birtingu dóms, atriðisorða hans eða forsendna jafnframt, eftir því sem ástæða þykir til, í opinberu blaði eða riti, einu eða fleirum.“

22. Í 1. mgr. 26. gr. Skaðabótalaga nr. 50/1993 er kveðið svo á:

“Heimilt er að láta þann sem:

a. af ásetningi eða stórfelldu gáleysi veldur líkamstjóni eða

b. ábyrgð ber á ólögmatrí meingerð gegn frelsi, friði, æru eða persónu annars manns greiða miskabætur til þess sem misgert var við.“

10. gr. Tjáningarfrelsi

23. Í 15. gr. laga nr. 57/1956, um prentrétt, er kveðið svo á:

15. gr.

„Um ábyrgð á efni annarra blaða eða tímarita en þeirra, er getur í 14. gr., gilda þessar reglur:

Höfundur ber refsí- og fébótaábyrgð á efni ritsins, ef hann hefur nafngreint sig og er auk þess annaðhvort heimilisfastur hér á landi, þegar ritið kemur út, eða undir íslenskri lögsögu, þegar mál er höfðað.

Ef enginn slíkur höfundur hefur nafngreint sig, ber útgefandi rits eða ritstjóri ábyrgðina, því næst sá er hefur ritið til sölu eða dreifingar, og loks sá, sem annast hefur prentun þess eða letrun.“

24. Í siðareglum Blaðamannafélags Íslands er að finna eftirfarandi ákvæði:

1. gr.

„Blaðamaður leitast við að gera ekkert það, sem til vanvirðu má telja fyrir stétt sína eða stéttarfélag, blað eða fréttastofu. Honum ber að forðast hvaðeina sem rýrt gæti álit almennings á starfi blaðamanns eða skert hagsmuni stéttarinnar. Blaðamaður skal jafnan sýna drengskap í skiptum sínum við starfsfélaga.“

2. gr.

„Blaðamanni er ljós persónuleg ábyrgð á öllu sem hann skrifar. Hann hefur í huga að almennt er litið á hann sem blaðamann þó að hann komi fram utan síns eiginlega starfssviðs, í riti eða ræðu. Blaðamaður virðir nauðsynlegan trúnað við heimildarmenn sína.“

3. gr.

„Blaðamaður vandar upplýsingaöflun sína, úrvinnslu og framsetningu svo sem kostur er og sýnir fyllstu tillitssemi í vandasömum málum. Hann forðast allt, sem valdið getur saklausu fólki, eða fólki sem á um sárt að binda, óþarfa sársauka eða vanvirðu.“

LAGAATRIÐI

I. MEINT BROT GEGN 10. GR. MANNRÉTTINDASÁTTMÁLANS

25. Kærandi taldi að dómur Hæstaréttar Íslands, sem kveðinn var upp 18. febrúar 2010, hefði falið í sér afskipti af tjáningarfrelsi hennar, sem „ekki bæri nauðsyn til í lýðræðisþjóðfélagi“ og þar með brotið gegn 10. gr. Mannréttindasáttmálans, sem er svohljóðandi:

„1. Sérhver maður á rétt til tjáningarfrelsis. Sá réttur skal einnig ná yfir frelsi til að hafa skoðanir, taka við og skila áfram upplýsingum og hugmyndum heima og erlendis án afskipta stjórnvalda. Ákvæði þessarar greinar skulu eigi hindra ríki í að gera útvarps-, sjónvarps- og kvikmyndafyrirtækjum að starfa aðeins samkvæmt sérstöku leyfi.

2. Þar sem af réttindum þessum leiðir skyldur og ábyrgð er heimilt að þau séu háð þeim formsreglum, skilyrðum, takmörkunum eða viðurlögum sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi vegna þjóðaröryggis, landvarna eða almannaheilla, til þess að firra glundroða eða glæpum, til verndar heilsu eða siðgæði manna, mannorði eða réttindum og til þess að koma í veg fyrir uppljóstran trúnaðarmála eða til þess að tryggja vald og óhlutdrægni dómstóla.“

26. Ríkið mótmælti þessari röksemdafærslu.

10. gr. Tjáningarfrelsi

A. Meðferðarhæfi

27. Að mati dómstólsins er kæra þessi ekki augljóslega illa grunduð í skilningi a-liðar 3. mgr. 35. gr. Mannréttindasáttmálans. Ennfremur telur dómstóllinn að hún sé ekki ómeðferðarhæf á neinum öðrum forsendum Hún verður því að teljast meðferðarhæf.

B. Málsástæður

28. Dómstóllinn telur að hin umþrætta ráðstöfun hafi falið í sér „afskipti stjórnvalda“ af tjáningarfrelsi kæranda, sem tryggt er samkvæmt 1. mgr. 10. gr.

29. Afskiptin áttu sér lagastoð í 235. gr. og 1. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga, 2. mgr. 15. gr. prentlaga og 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga og því voru þau „lögmælt“ í skilningi 2. mgr. 10. gr.

30. Dómstóllinn telur ennfremur að afskiptin hafi haft þann lögmæta tilgang að vernda „réttindi og mannorð annarra“.

31. Eftir stendur að taka afstöðu til þess hvort afskiptin hafi verið „naudsynleg í lýðræðislegu þjóðfélagi“.

1. Sjónarmið aðila

(a) Kærandi

32. Í fyrsta lagi mótmælti kærandi þeirri niðurstöðu Hæstaréttar að sem blaðamaður beri hún ábyrgð á skoðun þess sem hún hafi tekið viðtal við. Viðmælandinn, A, væri fyrrum vistmaður í Byrginu og fórnarlamb kynferðisbrota sem Y hefði framið. Hún hefði lýst því fyrir dagblaðinu hvernig X hefði verið þátttakandi í misgerðum eiginmanns síns gagnvart „skjólstæðingum“ stofnunarinnar. X hefði ekki verið ákærð, en fram hefði komið í sakamálinu að hún hefði tekið þátt í sumum athöfnum eiginmanns síns.

33. Kærandi mótmælti einnig því sjónarmiði að hin umþrættu ummæli mætti skilja sem svo að hún væri að gefa í skyn að X hefði gerst sek um refsivert athæfi. Að mati kæranda skorti í dómi Hæstaréttar rökstuðning fyrir því hvers vegna ummælin teldust ærumeiðandi og hvers vegna afskiptin teldust naudsynleg í lýðræðislegu þjóðfélagi. Ekki hefði verið vikið að því hvers konar saknæmt athæfi ummælin ættu við. Taldi kærandi að í ummælunum fælist einungis gildisdómur er lýsti skoðun A á veru X í grunnskóla.

34. Kærandi benti á að fyrir lægi að X hefði reynt að tæla A til kynklifsathafna með Y meðan hún hefði verið vistkona í Byrginu, þá aðeins 18 eða 19 ára. Vísaði hún til annarra ummæla í viðtalinu sem dómstólar hefðu hafnað að ómerkja á þeim forsendum að þau teldust sönn, þar sem A hefði lýst fyrir kæranda hvernig X hefði verið virk í svonefndum „kynlífsleikjum“ þeirra Y og vistkvenna í Byrginu og hvernig X hefði oftsinnis hringt og sent skilaboð til A til þess að tæla hana til Y og hennar sjálfrar. Kærandi benti á að Hæstiréttur hefði talið sannað að þessi ummæli ættu uppruna sinn hjá A, sérstaklega þar sem þau komu heim og saman við skýrslu sem hún hefði áður gefið við rannsókn sakamálsins. A hefði því haft fullan rétt á

10. gr. Tjáningarfrelsi

því, að mati kæranda, að setja fram þá skoðun sína að ekki væri við hæfi að X, sem hefði „veitt“ fyrir Y, ynni í grunnskóla.

35. B, sem hefði verið starfsmaður í Byrginu og náinn vinur X og Y, hefði viðhaft mjög svipuð ummæli við kæranda, þ.e. að honum fyndist undarlegt að konu í stöðu X væri leyft að vinna með börnum. Benti kærandi á að Hæstiréttur hefði talið að í ummælunum fælist gildisdómur. Af þeim sökum, og í ljósi þess að hin ummælin þrettán, sem öll hefðu varðað smánarlegt, svívirðilegt og jafnvel ólöglegt athæfi X, hefðu ekki verið ómerkt, mótmælti kærandi því harðlega að hin umþrættu ummæli gætu hafa skaðað æru og orðspor X.

36. Ennfremur mótmælti kærandi því að skorðurnar sem henni hefðu verið settar sem blaðamanni og einstaklingi hefðu verið nauðsynlegar í lýðræðislegu þjóðfélagi. Taldi hún að X ætti engra mikilvægra hagsmuna að gæta í málinu sem nauðsynlegt væri að vernda með þessum hætti. Umfjöllun blaða um sakamálið, þar með talin hin umþrættu ummæli, hefði varðað alvarlegt mál sem ætti erindi við almenning. Um hefði verið að ræða umtalað sakamál á Íslandi og jafnvel þótt Y, sem væri þjóðþekkt persóna, hefði verið aðalpersónan hefði A séð ástæðu til þess að upplýsa einnig um þátt X.

37. Með vísan til *Jersild gegn Danmörk*, (23. september 1994, A-deild nr. 298), *Observer og Guardian gegn Bretlandi* (26. nóvember 1991, A-deild nr. 216) og *Bergens Tidende o.fl. gegn Noregi*, nr. 26132/95, 52. mgr., ECHR 2000 IV) benti kærandi á að það væri rötgróin réttarframkvæmd hjá dómstólnum að fréttaflutningur byggður á viðtölum, hvort sem þeim er ritstýrt eða ekki, sé ein mikilvægasta aðferð fjölmiðla til þess að gegna nauðsynlegu hlutverki sínu sem „varðhundur almennings“. Refsing blaðamanna fyrir að hafa milligöngu um miðlum staðhæfinga annarra í viðtali mundi torvelða með alvarlegum hætti framlag fjölmiðla til umræðu um efni sem erindi ætti við almenning. Að mati kæranda ætti þetta við í þessu máli. Málið gegn Y hefði hafist í fjölmiðlum þegar gögn hefðu komið fram um hvernig hann hefði misnotað „skjólstæðinga“ sína og notað almannafé í eigin þágu. Viðtalið í DV, þar sem hin umþrættu ummæli hefðu komið fram, hefði verið hluti af þeirri fjölmiðlaumfjöllun og umræðan um sömu frétt, sem hefði reynst sönn og rétt, hefði haldið áfram.

38. Dómarnir í fyrirbyggjandi máli hefðu því falið í sér alvarlegar skorður við frelsi blaðamanna og ógnun við tjáningarfrelsi á Íslandi. Við fréttaflutning um mál af þessu tagi yrði að vera svigrúm til þess að láta í ljósi skoðanir á borð við þá sem ákærandi hefði hlotið dóm fyrir. Ennfremur væri skoðunin í samræmi við staðreyndir málsins, eins og bent er á hér að framan, þar sem X hefði tælt konur fyrir eiginmann sinn og tekið þátt í kynlífsathöfnum með honum og „skjólstæðingum“ þeirra. A hefði því viðhaft þau réttmætu ummæli að X hefði „veitt“ fyrir eiginmann sinn, sem í sjálfu sér væri ekki lögbrot. A hefði síðan aðeins sagt að henni fyndist óviðeigandi, í ljósi þessa, að X væri að vinna í grunnskóla. Engin efni hefðu verið til þess að telja ummælin ærumeiðandi og því væri niðurstaða Hæstaréttar brot gegn 10. gr. sáttmálans.

39. Við málf lutning fyrir Hæstarétti taldi kærandi einnig að niðurstaða

10. gr. Tjáningarfrelsi

réttarins hefði ekki verið fyrirsjáanleg. Vísaði kærandi til tveggja fyrri dóma frá 25. nóvember 1977 og 19. mars 1993, þar sem Hæstiréttur taldi að ekki væri unnt að kalla blaðamenn til ábyrgðar vegna ummæla sem höfð væru beint eftir höfundu, einkum þegar þau væru birt með samþykki höfundar, eins og í fyrirliðgjandi máli.

40. Ennfremur, með vísan til *Perna gegn Ítalíu* [GC], nr. 48898/99, 39. mgr., ECHR 2003-V, og *De Haes og Gijssels gegn Belgíu* (24. febrúar 1997, *Reports of Judgments and Decisions* 1997-I), taldi kærandi að í ljósi þess að Hæstiréttur hefði talið að stærsti hluti viðtalsins, sem hefði varðað efni sem brýnt erindi átti við almenning, væri sannur og réttur og byggður á fullnægjandi staðreyndagrunni, hefði það verið réttinum skylt að standa vörð um grundvallarreglur tjáningarfrelsisins með því að líta á greinina í heild í stað þess að refsa kæranda fyrir ærumeiðingu vegna lítils brots af ummælunum sem viðhöfð höfðu verið.

41. Kærandi mótmælti þeirri athugasemd ríkisins að grundvallarreglurnar, sem m.a. mætti finna stað í *Prager og Oberschlick gegn Austurríki* (26. apríl 1995, A-deild nr. 313), um að réttur fjölmiðla nái hugsanlega einnig til þess að ýkja að vissu marki eða jafnvel ögra, ættu ekki við í fyrirliðgjandi máli. Taldi hún að X hefði mátt gera ráð fyrir að þola ítarlegri umfjöllun um þetta tiltekna málefni en annars hefði verið og að henni bæri því ekki sama verndarstig og öðrum sem þátt tækju í umræðunni um sakamálið þar sem hún hefði gegnt svo veigamiklu hlutverki. Ennfremur gætu hin umþrættu ummæli ekki talist fela í sér ýkjur þar sem komið hefði fram bæði í sakamálinu og ærumeiðingarmálinu (sjá 18. mgr. hér að framan) að X hefði tekið virkan þátt í að tæla og misnota vistkonurnar í Byrginu. Í þessu sambandi vísaði kærandi til *Scharsach og News Verlagsgesellschaft gegn Austurríki* (nr. 39394/98, ECHR 2003 - XI), þar sem dómstóllinn hefði ítrekað að nákvæmnina sem lögbær dómstóll þyrfti að gæta við ákvörðun á því hvort ákæra um saknæmt athæfi ætti við rök að styðjast væri varla unnt að bera saman við þá nákvæmni sem blaðamanni bæri að gæta er hann lýsti skoðun sinni á málefnum sem erindi ættu við almenning, einkum þegar skoðunin væri sett fram í formi gildisdóms.

42. Loks taldi kærandi að sú fjárhæð sem henni væri gert að greiða ásamt vöxtum jafngilti þriggja mánaða launum hennar. Hún hefði því ekki verið sérlega hófleg, einkum þar sem hún fæli ekki í sér málskostnað hennar. Hvað sem því liði, eins og dómstóllinn hefði tekið fram í *Jersild* (sjá hér að framan), skipti það að sektin væri hófleg ekki máli; það sem skipti máli væri sú staðreynd að blaðamaðurinn hefði verið sakfelldur.

(b) Ríkið

43. Ríkið lagði á það áherslu í upphafi að Mannréttindasáttmálinn hefði verið tekin upp í íslensk lög og það væri viðurkennd íslensk réttarframkvæmd að túlka ákvæði stjórnarskrárinnar til samræmis við ákvæði Mannréttindasáttmálans og framkvæmd Mannréttindadómstólsins.

44. Benti ríkið á að aðeins ein ummæli af fjórtán hefðu verið ómerkt í héraði og aðeins hluti þeirra ummæla hefði verið ómerktur af Hæstarétti. Íslensku dómstól-

10. gr. Tjáningarfrelsi

arnir hefðu vandlega metið sérhver hinna fjórtán ummæla á forsendum sem viðurkenndar væru í framkvæmd Mannréttindadómstólsins. Á grundvelli þess mats hefði nærri öllum kröfum X verið hafnað.

45. Skýr greinarmunur hefði verið gerður á gildisdómum og fullyrðingum um staðreyndir. Sumar staðhæfingarnar varðandi kynferðislegar athafnir X með Y og vistkonunum í Byrginu hefðu reynst sannar og voru ekki taldar líklegar til þess að skaða æru hennar frekar. Að því er varðar hin umþrættu ummæli benti ríkið á að ekkert í hinu opinbera máli á hendur Y hefði stutt þann grun að X hefði með virkum hætti stuðlað að kynferðisbrotum hans með því að „veiða“ fórnarlömb til misnotkunar af hans hálfu. Engin ákæra hefði verið lögð fram gegn henni og hún hefði ekki verið sakfelld þrátt fyrir að hafa verið kölluð til skýrslugjafar sem sakborningur í málinu. Hin umþrættu ummæli hefðu falið í sér fullyrðingu um staðreynd þar sem gefið var í skyn að X hefði gerst sek um saknæmt athæfi.

46. Ennfremur, þar sem hin umþrættu ummæli hefðu verið sett fram sem fullyrðing um staðreynd, bæri íslenskum dómstólum aukið svigrúm til mats á því hvort setja ætti tjáningarfrelsi kæranda skorður en ef ummælin hefðu verið gildisdómur.

47. Með vísan til *Bjarkar Eiðsdóttur gegn Íslandi* (nr. 46443/09, 71. mgr., 10 júlí 2012), lagði ríkið á það áherslu að líta yrði á greinina sem kærandi hefði skrifað í heild með sérstöku tilliti til orðanna sem notuð voru í umdeildum hlutum greinarinnar og samhengi birtingarinnar, svo og framsetningarmáta hennar. Það hefði Hæstiréttur gert í fyrirliggjandi máli og talið að í hinum umþrættu ummælum hefði „falist gróf aðdróttun að [X] um refsiverðan verknað [sem hefði birst] með áberandi hætti í víðlesnu fréttablaði og voru þau fallin til að hafa áhrif á æru og starfsheiður [hennar]...“ . Benti ríkið á að hún hefði ítrekað verið nafngreind og að einnig hefði fylgt fjöldi ljósmynda. Augljóst væri að tilgangurinn með birtingunni hefði verið að gefa þá mynd af X að hún væri líkleg til þess að veiða fórnarlömb fyrir Y í grunnskólanum þar sem hún starfaði. Því væri staðhæfingin alvarlegri en ella.

48. Ríkið taldi einnig að skilja mætti milli fyrirliggjandi máls og máls *Bjarkar Eiðsdóttur* (sbr. hér að framan), þar sem enginn vafi léki á því að ummælin sem kærandi hefði hlotið sakfellingu fyrir í síðarnefnda málinu hefðu verið rétt höfð eftir viðmælanda. Í fyrirliggjandi máli hefði kærandi verið tilgreindur með fullnægjandi hætti sem höfundur greinarinnar og hefði hann ekki fært fram nein gögn til stuðnings staðhæfingunni um að X hefði „veitt fórnarlömb“ fyrir Y. Ríkið lagði áherslu á að það sem fram hefði komið í greinargerð kæranda til Mannréttindadómstólsins um að A hefði staðhæft að X hefði „oft hringt í [A] og sent henni skilaboð í því skyni að tæla hana kynferðislega fyrir [Y] og hana sjálfa“ væri rangt og að engar slíka staðhæfingu væri að finna í greininni.

49. Ríkið benti á að í viðurlögunum sem lögð hefðu verið á kæranda hefði ekki falist refsiréttarviðurlög og að sérstakt tillit hefði verið tekið til stöðu X og þeirra áhrifa sem sakamálið og umfjöllunin um það hefði þegar haft á mannorð hennar. Þá hefðu miskabæturnar ekki verið íþyngjandi og viðurlögin ekki falið í

10. gr. Tjáningarfrelsi

sér ritskoðun. Væri dómurinn og viðurlögin ekki til þess fallin að mati ríkisins að að koma í veg fyrir að blaðamenn legðu til málanna í umræðum um málefni sem vörðuðu alvarleg afbrot.

50. Að mati ríkisins hefði hin umþrætta takmörkun á tjáningarfrelsi kæranda í þessu máli byggt á ríkri þjóðfélagslegri þörf og verið studd viðeigandi og fullnægjandi rökum. Í húfi hefðu verið mikilvægur réttur einstaklings – verndun starfsheilds og æru – og það væri skylda ríkisins að vernda þann rétt. Hefði Hæstiréttur nýtt það svigrúm til mats sem hann hefði haft til að finna sanngjarnan meðalveg milli hagsmuna sem rækjust á í málinu og hefðu afskiptin verið hófleg í ljósi þess lögmæta markmiðs sem stefnt hefði verið að.

Álit dómstólsins

(a) Meginreglur

51. Vegna skilyrðisins um „naðsyn í lýðræðisþjóðfélagi“ ber dómstólnum að ákvarða hvort hin kærðu afskipti hafi leitt af „ríkri samfélagslegri þörf“. Aðildarríki hafa ákveðið svigrúm til mats við ákvörðun á því hvort slík naðsyn sé fyrir hendi, en svigrúmið er háð evrópsku eftirliti. Það er því á valdi Mannréttindadómstólsins að kveða upp endanlegan úrskurð um hvort „takmörkun“ samrýmist tjáningarfrelsi sem verndað er samkvæmt 10. gr. (sbr., m.a., *Perna*, sjá fyrri tilvísun, 39. mgr.; *Association Ekin gegn Frakklandi*, nr. 39288/98, 56. mgr., ECHR 2001 VIII; og *Pedersen og Baadsgaard gegn Danmörku* [GC], nr. 49017/99, 68. mgr., ECHR 2004-XI).

52. Hins vegar er það ekki hlutverk Mannréttindadómstólsins að koma í stað innlendra dómstóla heldur að fara yfir ákvarðanir þeirra samkvæmt 10. gr. (sjá *Fressoz og Roire gegn Frakklandi* [GC], nr. 29183/95, 45. mgr., ECHR 1999-I; og *Pedersen og Baadsgaard*, sjá fyrri tilvísun, 69. mgr.). Þetta merkir ekki að eftirlitið einskorðist við það eitt að ganga úr skugga um hvort ríki, sem kært er, hafi nýtt það svigrúm sem því ber af sanngirni, varfærni eða í góðri trú. Dómstólnum ber að skoða afskiptin sem kærán varðar í ljósi málsins í heild, þ.m.t. efni ummælanna sem kærendur sæta ámæli fyrir svo og samhengi ummælanna (sbr. *News Verlags GmbH & Co. KG gegn Austurríki*, nr. 31457/96, 52. mgr., ECHR 2000-I; og *Pedersen og Baadsgaard*, sjá fyrri tilvísun).

53. Einkum ákvarðar dómstóllinn hvort ríkið hafi byggt á „viðeigandi og fullnægjandi“ (e. „relevant and sufficient“) rökum til að réttlæta afskiptin og hvort ráðstöfunin sem gripið var til hafi verið „hófleg í ljósi þeirra lögmætu markmiða sem stefnt var að“ (e. „proportionate to the legitimate aims pursued“) (sbr. *Chauvy o.fl. gegn Frakklandi*, nr. 64915/01, 70. mgr., ECHR 2004-VI; og *Pedersen og Baadsgaard*, sjá fyrri tilvísun, 70. mgr.). Dómstóllinn þarf að fullvissa sig um að innlend yfirvöld hafi, á grundvelli viðunandi mats á málavöxtum, uppfyllt kröfur sem samrýmdust þeim meginreglum sem felast í 10. gr. Mannréttindasáttmálsins (sbr., m.a., *Zana gegn Tyrklandi*, dómur frá 25. nóvember 1997, *Reports* 1997-VII, bls. 2547-48, 51. mgr.; og *Pedersen og Baadsgaard*, sjá fyrri tilvísun).

10. gr. Tjáningarfrelsi

54. Við mat á því hvort niðurstöður innlendra dómstóla séu viðeigandi og fullnægjandi tekur Mannréttindadómstóllinn þannig mið af því, í samræmi við nálægðarregluna, að hvaða marki landsdómstólar gættu jafnvægis milli réttinda sem stangast á í málinu, með hliðsjón af dómaframkvæmd Mannréttindadómstólsins á viðkomandi sviði. Beri rökstuðningur landsdómstóls þess merki að hann hafi ekki haft nægjanlega hliðsjón af almennum meginreglum Mannréttindadómstólsins samkvæmt 10. gr. sáttmálans verður ofangreint svigrúm yfirvalda til mats óhjákvæmilega þrengra. Eins og Mannréttindadómstóllinn hefur áður komist að niðurstöðu um í samhengi 10. gr. eru „gæði... könnunar dómstóla á nauðsyn ráðstöfunarinnar sérlega mikilvæg í þessu samhengi, þ. á m. hvernig viðkomandi svigrúmi til mats er beitt“ (sbr. *Animal Defenders International gegn Bretlandi* [GC], nr. 48876/08, 108. mgr., ECHR 2013 (útrættir)).

55. Hvað varðar mat á nauðsyn afskipta af grundvallarréttindum samkvæmt 10. gr., með hliðsjón af efni þeirrar tjáningar sem um ræðir, hefur dómstóllinn einatt komist að þeirri niðurstöðu að tjáningarfrelsi eigi ekki aðeins við um „upplýsingar“ eða „hugmyndir“ sem falla í góðan jarðveg eða sem teljast meinlausar eða skipta engu máli, heldur einnig þær sem misbjóða, hneyksla eða koma illa við fólk. Eins og kemur fram í 2. mgr. 10. gr. sáttmálans lýtur þetta frelsi undantekningum, sem ber þó að túlka þröngt, og þörfina á takmörkunum verður að styðja sannfærandi rökum (sbr., m.a., *Jersild*, sjá fyrri tilvísun, bls. 23-24, 31. mgr.; *Janowski gegn Póllandi* [GC], nr. 25716/94, 30. mgr., ECHR 1999-I; og *Nilsen og Johnsen gegn Noregi* [GC], nr. 23118/93, 43. mgr., ECHR 1999-VIII; *Lindon, Otchakovsky-Laurens og July gegn Frakklandi* [GC], nr. 21279/02 og 36448/02, 45. mgr., ECHR 2007-I; V og *Björk Eidsdóttir*, sjá fyrri tilvísun, 63. mgr.).

56. Dómstóllinn ítrekar einnig að rétturinn til æruverndar er varinn af 8. gr. sáttmálans sem hluti af réttinum til friðhelgi einkalífs (sbr. *Chauvy o.fl.*, sjá fyrri tilvísun, 70. mgr.; *Cumpănă og Mazăre gegn Rúmeníu* [GC], nr. 33348/96, 91. mgr., ECHR 2004-XI; *Pfeifer gegn Austurríki*, nr. 12556/03, 35. mgr., 15. nóvember 2007; *Polanco Torres og Movilla Polanco gegn Spáni*, nr. 34147/06, 40. mgr., 21. september 2010; og *Axel Springer AG gegn Þýskalandi* ([GC], nr. 39954/08, 83. mgr., 7. febrúar 2012). Til að falla undir 8. gr. verður atлага að mannorði að ná tilteknu alvarleikastigi og vera með þeim hætti að hún skerði rétt viðkomandi til þess að njóta friðhelgi einkalífs (sbr. *Axel Springer AG og Björk Eidsdóttir*, 64. mgr., sjá fyrri tilvísanir um hvort tveggja; *A. gegn Noregi*, nr. 28070/06, 64. mgr., 9. apríl 2009; og *Sidabras og Džiautas gegn Litháen*, nr. 55480/00 og 59330/00, 49. mgr., ECHR 2004-VIII).

57. Hið mikilvæga hlutverk sem fréttamiðlar gegna í lýðræðisþjóðfélagi er grundvallaratriði að því er varðar ákvörðun dómstólsins í fyrirbyggjandi máli. Fréttamiðlum ber skylda til að miðla upplýsingum og hugmyndum, þ. á m. um öll málefni sem varða almannahagsmuni, í samræmi við skyldur sínar og ábyrgð. Hins vegar mega þeir ekki fara yfir ákveðin mörk, fyrst og fremst hvað varðar æru og réttindi annarra og nauðsyn þess að koma í veg fyrir birtingu trúnaðarupplýsinga. Almennigur hefur auk þess rétt á því að slíkum upplýsingum og hugmyndum sé

10. gr. Tjáningarfrelsi

miðlað til hans. Dómstóllinn hefur enn fremur hugfast að frelsi fréttamiðla nær einnig til þess hugsanlega að ýkja að vissu marki eða jafnvel ögra. Í málum á borð við það sem hér er til umfjöllunar takmarkast svigrúm ríkja til mats enn frekar vegna hagsmuna lýðræðisþjóðfélags af því að gera fréttamiðlum kleift að sinna nauðsynlegu hlutverki sínu sem „varðhundur almennings“ með því að miðla upplýsingum sem varða veigamikla almannahagsmuni (sbr. *Von Hannover gegn Pýskalandi* (nr. 2) [GC], nr. 40660/08 og 60641/08, 7. febrúar 2012, 102. mgr., *Bladet Tromsø og Stensaas gegn Noregi* [GC], nr. 21980/93, 59. og 62. mgr., ECHR 1999-III; *Tønsbergs Blad A.S. og Haukom gegn Noregi*, nr. 510/04, 82. mgr., 1. mars 2007, sjá fyrri tilvísun; og *Björk Eiðsdóttir*, sjá fyrri tilvísun, 65. mgr.).

(b) Gildi þessara meginreglna fyrir þetta mál

58. Af hálfu dómstólsins er tekið fram í upphafi að Hæstiréttur hafi í dómi sínum frá 18. febrúar 2010 hafnað meidyrðamáli X að því er varðar nokkur ummæli í grein kæranda þess efnis að X hefði tekið þátt í kynferðislegum athöfnum ásamt Y og nokkrum vistkonum í Byrginu. Hins vegar komst Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu að kærandi bæri bótaábyrgð vegna síðari hluta setningarinnar í staflíð i, sem kærandi hafði eignað A: „... ekki við hæfi að sú sem veiðir fyrir hann vinni við grunnskóla.“

59. Hæstiréttur taldi að með framangreindum orðum hefði verið „gefið til kynna að [X] [hefði] gerst sek um refsivert athæfi, sem að engu [hefði] verið sannað að [ætti] við rök að styðjast“ og að í ummælunum hefði falist „gróf aðdróttun að [henni] um refsiverðan verknað“. Að auki hefðu „[u]mmælin bir[st] með áberandi hætti í víðlesnu blaði og [verið til þess] fallin að hafa áhrif á æru og starfsheiður [X].“ Ennfremur hefðu ekki verið færðar sönnur á að ummælin væru rétt höfð eftir A og komst því Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu að kærandi, sem höfundur greinarinnar, bæri ábyrgð á efni hennar (235. gr. almennra hegningarlaga og 1. mgr. 15. gr. laga um prentrétt) og ómerkti ummælin (241. gr. almennra hegningarlaga).

60. Ásakanirnar á hendur Y komu fram þegar Ríkissjónvarpið birti í fréttapætti fréttaskýringu þar sem hann var sakaður m.a. um þau kynferðisbrot sem voru efni umþrættar blaðagreinar. Í kjölfarið hófst umtöluð lögreglurannsókn gegn Y og X, sem höfðu bæði tvö formlega réttarstöðu sakbornings, sem leiddi til ákæru á hendur Y en ekki á hendur X. Það var í þessu samhengi sem fréttaumfjöllun kæranda var birt og ekki getur leikið nokkur vafi á, þegar á heildina er litið, að umfjöllunin hafi átt brýnt erindi við almenning á Íslandi.

61. Á dómstólnum hvílir sú skylda að taka mál til gaumgæfilegrar athugunar ef ráðstafanir eða refsiaðgerðir stjórnvalda gætu orðið til þess að letja fjölmiðla frá þátttöku í umræðu um málefni sem eiga lögmætt erindi við almenning (sbr. *Björk Eiðsdóttir*, 69. mgr.; *Jersild*, sjá fyrri tilvísun, 35. mgr.; *Bergens Tidende o.fl.*, sjá fyrri tilvísun, 52. mgr.; og *Tønsbergs Blad A.S. og Haukom*, sjá fyrri tilvísun, 88. mgr.; sbr. *MGN Limited gegn Bretlandi*, nr. 39401/04, 150. og 155. mgr., 18. janúar 2011; *Von Hannover gegn Pýskalandi* (nr. 2), sjá fyrri tilvísun, 106.-107. mgr., 7. febrúar 2012; og *Axel Springer AG*, sjá fyrri tilvísun, 87.-88. mgr.).

10. gr. Tjáningarfrelsi

62. Verndun réttar blaðamanna til að miðla upplýsingum um málefni sem eiga erindi við almenning krefst þess að þeir starfi í góðri trú og á grundvelli staðreynda og veiti „áreiðanlegar og nákvæmar“ upplýsingar í samræmi við siðareglur blaðamanna (sbr. t.d. *Goodwin gegn Bretlandi*, 27. mars 1996, 39. mgr., *Reports of Judgments and Decisions* 1996-II; *Fressoz og Roire*, sjá fyrri tilvísun, 54. mgr.; *Bladet Tromsø og Stensaas*, sjá fyrri tilvísun, 65. mgr.; *McVicar gegn Bretlandi*, nr. 46311/99, 73. mgr., ECHR 2002-III; og *Pedersen og Baadsgaard*, sjá fyrri tilvísun, 78. mgr.). Samkvæmt 2. mgr. 10 gr. Mannréttindasáttmálans leiða af tjáningarfrelsinu „skyldur og ábyrgð“ sem einnig gilda um fjölmiðla, jafnvel þegar um er að ræða alvarleg mál sem eiga erindi við almenning. Þessar „skyldur og ábyrgð“ hafa þýðingu þegar um er að ræða atlögu að mannorði nafngreinds einstaklings og brot gegn „réttindum annarra“. Þannig þarf sérstakar forsendur til að leysa fjölmiðla undan venjulegri skyldu sinni til að sannreyna fullyrðingar um staðreyndir sem eru ærumeiðandi fyrir einstaklinga. Hvort slíkar forsendur séu fyrir hendi veltur einkum á því hvers eðlis og hversu alvarleg ærumeiðingin er og að hvaða marki sé eðlilegt að ætlast til að fjölmiðlar geti reitt sig á heimildir sínar að því er varðar staðhæfingarnar (sbr., m.a., *Björk Eiðsdóttir*, 70. mgr.; *McVicar*, 84. mgr.; *Bladet Tromsø og Stensaas*, 66. mgr.; og *Pedersen og Baadsgaard*, 78. mgr., sjá fyrri tilvísanir um allt frangreint).

63. Að mati dómsins eru engar slíkar sérstakar forsendur fyrir hendi í þessu tilviki. Samkvæmt mati innlendu dómstólanna á sönnunargögnunum var ekki talið sannað að hin umþrættu ummæli hefðu komið frá A. Dómstóllinn gerir ekki athugasemd við þá niðurstöðu enda geta niðurstöður Hæstaréttar um þetta málefni ekki talist augljóslega ósanngjarnar.

64. Dómstóllinn mun því snúa sér að því að meta hina umdeildu grein í heild með sérstöku tilliti til orðanna sem notuð eru í umþrættum hluta hennar og samhengi birtingarinnar, svo og framsetningarmáta greinarinnar (sbr. *Sürek gegn Tyrklandi (nr. 1)* [GC], nr. 26682/95, 62. mgr., ECHR 1999-IV). Fyrir dómnum liggur að kanna hvort kærandi hafi verið í góðri trú og uppfyllt þá almennu skyldu blaðamanna að kanna fullyrðingu um staðreynd. Í þessari skyldu fólst krafa um að blaðamaðurinn reiddi sig á nægjanlega nákvæmar og áreiðanlegar staðreyndir, sem telja mætti hæfilegar í ljósi þess hvers eðlis og hversu alvarleg staðhæfingin um þær væri, með hliðsjón af því að þeim mun alvarlegi sem staðhæfingin er, því traustari þarf staðreyndagrunnurinn að vera (sbr. *Björk Eiðsdóttir*, 71. mgr.; og *Pedersen og Baadsgaard*, 78. mgr., sjá fyrri tilvísanir um hvort tveggja).

65. Í þessu tilliti bendir dómstóllinn á, í fyrsta lagi, að ofangreind merking sem lögð er í hina meiðandi setningu, þ.e. það að hún hafi falið í sér grófa aðdróttun um refsiverða háttsemi, leiddi ekki beint af setningunni sjálfri heldur var sú merking niðurstaða túlkunar innlendra dómstóla. Innlendu dómstólarnir útskýrðu ekki í dómum sínum hvernig venjulegur lesandi myndi skilja orðið „veiða“, sem notað er í ummælunum „sú sem *veiðir* fyrir hann“, sem aðdróttun um refsiverða háttsemi. Raunar er hvergi í dómnum vísað til nokkurs lagaákvæðis sem hægt er að heimfæra háttsemina undir með hlutlægum hætti, né veita þeir nokkra skýringu eða lýsingu

10. gr. Tjáningarfrelsi

á meintu afbroti. Þetta var þeim mun nauðsynlegra í ljósi þess að Hæstiréttur hafði þegar hafnað meidyrðamáli X varðandi nokkur ummæli í grein kæranda þar sem vísað var til virkrar þátttöku X í kynferðislegum athöfnum með nokkrum vistkonum í Byrginu, þ.m.t. að hún hefði leitað eftir kynferðislegu samneyti við A í einrúmi (sjá staflíð f, sem vísað er til í 10. mgr.), auk þeirrar staðhæfingar að X hefði haft fulla vitneskju um misnotkun Y á vistkonunum og að hún hefði tíðum tekið þátt í kynlífsleikjunum (sbr. staflíð l, sem vísað er til í 10. mgr.). Því er dómstóllinn ekki sannfærður um að rökin, sem innlendu dómstólarnir byggðu á, hafi átt við hvað varðar það lögmæta markmið að vernda réttindi eða mannorð X (sbr. *Erla Hlynsdóttir gegn Íslandi*, nr. 43380/10, 62. mgr., 10. júlí 2012, og *Bergens Tidende o.fl.*, sjá fyrri tilvísun, 56. mgr.).

66. Í öðru lagi ber, í samræmi við dómaframkvæmd dómstólsins, að gera grundvallargreinar mun á milli ummæla sem flokka ber annars vegar sem fullyrðingar um staðreyndir og hins vegar gildisdóma. Í athugun sinni út frá sambengi á hinum umdeildu ummælum í heild ber dómstólnum að leggja sitt eigið mat á hin umþrættu ummæli (sbr., m.a., *Nikowitz og Verlagsgruppe News GmbH gegn Austurríki*, nr. 5266/03, 25.-26. mgr., 22. febrúar 2007). Auk þess hefur dómstóllinn viðurkennt (sbr. t.d. *Vides Aizsardzības Klubs gegn Letlandi*, nr. 57829/00, 43. mgr., 27. maí 2004; og *Katamadzje gegn Georgíu* (ákv.), nr. 69857/01, 2. febrúar 2001) að greinarmunurinn milli gildisdóma og fullyrðinga um staðreyndir geti orðið óskýr og að e.t.v. þurfi að leysa úr slíkum málum með því að kanna að hvaða marki færðar hafa verið sönnur á staðreyndir.

67. Á þessum forsendum bendir dómstóllinn á að Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að fyrri hluti hinnar umþrættu staðhæfingar í staflíð i („... þessi manneskja er kolrugluð. Ég get ekki séð að hún hafi nokkuð að bjóða sem stuðningsfulltrúi eða í hjálparstarfi yfirhöfuð. Ég veit ekki hvað hún er að gera í þessum skóla ...“) hafi falið í sér gildisdóm sem taldist ekki ólögmeitt meidyrði samkvæmt viðeigandi ákvæðum landslaga. Þessi ályktun er studd eigin niðurstöðu Hæstaréttar um að svipuð ummæli í staflíð n (sbr. 10. mgr.), þess efnis að B hefði fundist það „undarlegt að kona í þessari stöðu [ynni] með börnum“, hafi falið í sér gildisdóm. Hins vegar taldi Hæstiréttur „[ö]ðru máli gegn[a],“ um síðari hlutann („... ekki við hæfi að sú sem veiðir fyrir hann vinni í grunnskóla“), án þess þó að tilgreina á hvaða hátt (sbr. 18. mgr. hér að framan).

68. Í ljósi framangreinds telur dómstóllinn að sú staðhæfing að það hafi ekki verið „við hæfi“ að X „[ynni] í grunnskóla“ hefði átt að teljast gildisdómur. Hins vegar fól lýsingin á X sem „[þeirri] sem veiðir fyrir“ Y, sem var hinn tilgreindi grundvöllur gildisdómsins, í sér staðreyndarþátt, þ.e. það að X hafi tekið þátt í kynferðislegum athöfnum með Y og vistkonum í Byrginu. Hæstiréttur taldi þann þátt vera staðreynd sem sýnt hefði verið fram á og tók fram að Y hefði verið sakfelldur fyrir háttsemi sína (sbr. 18. mgr. hér að framan). Þegar orðin „veiðir fyrir hann“ eru metin í ljósi greinarinnar í heild, einkum staðreynda sem sýnt hafði verið fram á hvað varðar að X tók virkan þátt í kynferðislegu athæfi, m.a. að hún leitaði eftir kynferðislegu samneyti við A í einrúmi og virkrar þátttöku hennar

10. gr. Tjáningarfrelsi

í kynlífsleikjum (sbr. 65. mgr. hér að framan), liggur beinna við að skilja þessi orð sem gildishlaðna lýsingu á atburðum sem sýnt hefur verið fram á að áttu sér stað frekar en hreina fullyrðingu um staðreyndir (sbr., að breyttu breytanda, *Nilsen og Johnsen*, sjá fyrri tilvísun, 50. mgr.).

69. Eins og dómstóllinn hefur áður komist að niðurstöðu um, jafnvel í tilfellum þar sem ummæli teljast gildisdómur, kann spurningin um meðalhóf afskipta að velta á því hvort fullnægjandi staðreyndagrunnur liggi fyrir um hin umþrættu ummæli, enda getur jafnvel gildisdómur án nokkurs staðreyndagrunns sem styður hann verið óhóflegur (sbr. *Jerusalem gegn Austurríki*, nr. 26958/95, 43. mgr., ECHR 2001-II; og *Ferihumer gegn Austurríki*, nr. 30547/03, 24. mgr., 1. febrúar 2007; sbr. einnig *De Haes og Gijssels*, sjá fyrri tilvísun, 47. mgr.; og *Oberschlick gegn Austurríki* (nr. 2), 1. júlí 1997, 33. mgr., *Reports* 1997-IV). Munurinn á fullyrðingu um staðreynd og gildisdómi í þessu sambandi liggur, eins og áður greinir (í 66. mgr.), í því að hvaða marki staðreyndir hafa verið sannaðar (sbr. *Scharsach og News Verlagsgesellschaft*, sjá fyrri tilvísun, 40. mgr.).

70. Í fyrirliggjandi máli tók kærandi viðtal við tvo einstaklinga sem höfðu nán tengsl við lögreglurannsóknna: A, fyrrum vistkonu í Byrginu, meint fórnarlamb, og B, fyrrum starfsmann. Talið var að öll ummæli B ættu við rök að styðjast.

71. Hvað varðar þau ummæli sem voru eignuð A bar kærandi að hún hefði hljóðritað símtöl sín við hana en að upptakan hefði ekki verið varðveitt (sbr. 18. mgr. hér að framan). Í skriflegri greinargerð sinni, sem lögð var fram í héraðsdómi, neitaði A því að ummælin – þ.m.t. stafliður i – sem henni voru eignuð í greininni væru frá henni komin, en í munnlegum málflutningi sagðist hún muna eftir að hafa rætt málið við blaðamann frá DV en ekki muna hvað hún hefði sagt (sbr. 15. og 18. mgr. hér að framan). Fyrir Hæstarétti hélt hún því fram að kærandi hefði ekki haft ummæli hennar rétt eftir henni. Hins vegar féllst Hæstiréttur á að þau ummælanna sem komu heim við staðhæfingar A við lögreglu í skýrslutöku í lögreglurannsókninni væru eftir henni höfð.

72. Við þessar aðstæður, einkum þegar horft er til þess að dómstólar hafa staðfest að X hafi tekið þátt í þeim kynferðislegu athöfnum sem um ræðir, telur dómstóllinn að fullnægjandi staðreyndagrunnur hafi legið fyrir um hina umþrættu staðhæfingu þegar hún er skoðuð í samhengi greinarinnar í heild og annarra staðhæfinga, þar sem vísað er til eðlis athæfis X, sem Hæstiréttur hafnaði í meiðyrðamáli hennar (sbr. 58. og 65. mgr. hér að framan).

73. Auk þess gerði kærandi ítrekaðar tilraunir til að taka viðtal við Y. Hún tók viðtal við fyrirsvarsmann hans og X, sem sagðist hafa ráðlagt þeim báðum að ræða ekki við fjölmiðla. Því til viðbótar sagði hann m.a. að skjólstaðingar sínir væru saklausir af ásökununum og, sér í lagi, að ósanngjarnt væri að bendla X við hvers kyns refsiverða háttsemi. Að síðustu tók kærandi viðtal við lögregluþjón sem starfaði að rannsókninni, sem staðfesti að X hefði réttarstöðu sakbornings. Því verður að telja að kærandi hafi leitast við að tryggja jafnvægi í umfjöllun sinni. Hafa ber í huga að aðferðir til að gæta hlutlægni og jafnvægis í umfjöllun geta verið talsvert mismunandi, sem veltur meðal annars á viðkomandi fjölmiðli; það er ekki

10. gr. Tjáningarfrelsi

hlutverk dómsins, frekar en innlendu dómstólanna, að setja eigin sjónarmið í stað sjónarmiða fréttamiðla varðandi hvaða aðferðum blaða- og fréttamenn ættu að beita í umfjöllun sinni (sbr. *Jersild*, sjá fyrri tilvísun, 31. og 34. mgr., og *Bergens Tidende o.fl.*, sjá fyrri tilvísun, 57. mgr.).

74. Meiðyrðamáli X gegn kæranda, A og B lauk með því að ummælin voru dæmd dauð og ómerk og var kæranda gert að greiða X 300.000 krónur (um 1.650 evrur) í miskabætur og 100.000 kr. til þess að standa straum af kostnaði við birtingu dómsins, auk vaxta.

75. Í ljósi framangreinds kemst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu, á grundvelli málavaxta fyrirbyggjandi máls, að Hæstiréttur hafi ekki byggt dóm sinn á viðeigandi og fullnægjandi rökum er sýni fram á með sannfærandi hætti að kærandi hafi aðhafst í vondri trú eða að öðru leyti í ósamræmi við þá kostgæfni sem ætlast má til af ábyrgum fréttamanni sem flytur fréttir af málefni sem á erindi við almenning. Ennfremur, og sem miklu varðar, ítrekar dómstóllinn að jafnvel ef gert er ráð fyrir því að röksemdir Hæstaréttar hafi átt við um afskiptin sem um ræðir hefur ekki verið sýnt fram á að innlendi dómstóllinn hafi gætt jafnvægis milli tjáningarfrelsis kæranda sem blaðamanns og réttar X til mannorðs í samræmi við viðurkenndar meginreglur í dómaframkvæmd Mannréttindadómstólsins og þannig kannað ítarlega hvort ráðstöfunin byggði á ríkri samfélagslegri þörf. Þar af leiðandi byggðist dómur Hæstaréttar ekki á fullnægjandi forsendum til að meðalhófs teldist gætt við ráðstöfun samkvæmt 2. mgr. 10. gr. sáttmálans (sbr., t.d., *Wizerkaniuk gegn Póllandi*, nr. 18990/05, 87. mgr., 5. júlí 2011; og *Erla Hlynsdóttir*, sjá fyrri tilvísun, 72. mgr.).

Af því leiðir að brotið hefur verið gegn 10. gr. Mannréttinasáttmálans.

II. BEITING 41. GR. MANNRÉTTINDASÁTTMÁLANS

76. 41. gr. Mannréttinasáttmálans er svohljóðandi:

„Dómstóllinn skal ef nauðsyn krefur veita sanngjarnar bætur til þess aðila sem orðið hefur fyrir tjóni ef hann kemst að þeirri niðurstöðu að um brot á samningnum eða samningsviðaukum við hann hafi verið að ræða og ef löggjöf viðkomandi samningsaðila heimilar aðeins að veittar séu bætur að hluta.“

A. Fjárhagslegt tjón

77. Kærandi krafðist þess að fá bætt fjárhagslegt tjón að samanlagðri fjárhæð kr. 400.000 (sem svaraði til um 2.500 evra í mars 2013) vegna miskabóta sem henni hefði verið gert, með dómi Hæstaréttar frá 18. febrúar 2010, að greiða til X (kr. 300.000) og til að standa straum af birtingu rökstuðnings dómsins og dómsorðsins (kr. 100.000). Hún krafðist einnig vaxta af framangreindri fjárhæð.

78. Ríkið mótmælti ekki endurgreiðslu framangreindra fjárhæða en gerði þá athugasemd að það gengi evru sem notað yrði ætti að byggja á genginu á þeim degi sem kærandi greiddi fjárhæðirnar.

79. Í ljósi þess að dómstóllinn telur að orsakatengsl hafi verið milli brotsins og meints fjárhagstjóns eru kæranda tildæmdar 2.500 evrur samkvæmt þessum lið.

B. Miskabætur

80. Kærandi krafðist ennfremur 5.500 evra „auk dráttarvaxta á reiknaða fjárhæð í [íslenskum krónum], sem jafngilda mánaðarlegum dráttarvöxtum samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands, frá 18. febrúar 2010 til greiðsludags“ í bætur fyrir miska sem hún varð fyrir vegna brotsins gegn Mannréttindasáttmálanum sem leiddi af dómi Hæstaréttar frá 18. febrúar 2010. Málið sem höfðað hefði verið gegn henni hefði lagt á hana þunga byrði sem blaðamann á hóflegum launum. Vísað hefði verið til hennar sem „sakfellds blaðamanns“ og æra hennar og orðspor hefðu beðið hnekki. Auk þess hefði málið valdið henni og fjölskyldu hennar tilfinningalegri og andlegri þjáningu og sárindum.

81. Ríkið mótmælti framangreindri kröfu og taldi að niðurstaða dómsins þess efnis að brot hefði verið framið fæli í sér fullnægjandi bætur. Í öllu falli, ef dómstóllinn teldi rétt að tildæma fébætur væri kröfufjárhæðin augljóslega of há og hærri en tíðkast hefði í dómaframkvæmd dómstólsins í sambærilegum málum. 2.000 evrur væru eðlilegri fjárhæð í ljósi dómaframkvæmdar dómstólsins.

82. Dómstóllinn fellst á að kærandi hafi orðið fyrir þjáningum og vonbrigðum vegna brotsins gegn Mannréttindasáttmálanum, sem ekki getur talist nægilega bætt fyrir með dómsniðurstöðu um að brot hafi verið framið. Eftir mat á sannngirnigrunni, og með hliðsjón af kröfu kæranda, telur dómstóllinn hæfilegt að dæma kæranda 5.500 evrur undir þessum lið.

C. Kostnaður og útgjöld

83. Kærandi krafðist ennfremur endurgreiðslu málskostnaðar og útgjalda, samtals að fjárhæð 20.409 evrur, vegna eftirfarandi liða:

- (a) kr. 1.265.440 (um 7.909 evrur) vegna eigin málskostnaðar fyrir landsrétti; og
- (b) 12.500 evrur vegna vinnu lögmannna kæranda að málarekstri fyrir Mannréttindadómstólnum.

84. Ríkið taldi kröfuna óhóflega. Hvað varðar a-lið gerði ríkið þá athugasemd að engin gögn væru í málskjöllumum sem sýndu að kærandi hefði greitt umræddan kostnað. B-liður væri óhóflegur að mati ríkisins og fór það þess á leit við dóminn að sá liður yrði lækkaður.

85. Samkvæmt dómaframkvæmd dómstólsins á kærandi aðeins rétt á endurgreiðslu kostnaðar og útgjalda að því marki sem sýnt þykir að til þeirra hafi í raun og óhjákvæmilega verið stofnað og að fjárhæð þeirra sé hæfileg. Í fyrirbyggjandi máli, með hliðsjón af framangreindum forsendum, skorti á fullnægjandi skjöllum og einkum þeirri staðreynd að engar af framangreindum kröfum voru studdar reikningum, hafnar dómstóllinn kröfum kæranda undir þessum lið.

D. Dráttarvextir

86. Dómstóllinn veitir athygli beiðni kæranda um að leggja dráttarvexti við bætur samkvæmt 41. gr. „sem jafngilda mánaðarlegum dráttarvöxtum samkvæmt

10. gr. Tjáningarfrelsi

ákvörðun Seðlabanka Íslands“.

87. Dómstóllinn telur hins vegar að hagsmunir kæranda af því að viðhalda verðgildi bótanna séu nægjanlega tryggðir með matinu hér að framan og með lið 3(b) í dómsorðinu hér að neðan. Samkvæmt viðtekinni venju telur dómstóllinn hæfilegt að dráttarvextir miðist við almenna útlánsvexti (e. marginal lending rate) Seðlabanka Evrópu, með 3% álagi.

AF ÞESSUM SÖKUM HEFUR DÓMURINN KOMIST AÐ ÞEIRRI EINRÓMA NIÐURSTÖÐU,

1. að kæran hafi verið tæk til efnismeðferðar,
2. að brotið hafi verið gegn 10. gr. Mannréttindasáttmálans.
3. *Því er dæmt:*
 - a) að ríkið skuli greiða kæranda, innan þriggja mánaða frá því að dómstóllinn verður endanlegur samkvæmt 2. mgr. 44. gr. Mannréttindasáttmálans, eftirfarandi fjárhæðir, sem umreiknist í íslenskar krónur á því gengi sem gildir á greiðsludegi:
 - (i) EUR 2.500 (tvö þúsund og fimm hundruð evrur) í fébætur, ásamt hvers kyns sköttum sem kunna að leggjast á,
 - (ii) EUR 5.500 (fimm þúsund og fimm hundruð evrur) í miskabætur, ásamt hvers kyns sköttum sem kunna að leggjast á,
 - b) að frá þeim tíma sem áðurnefndir þrjú mánuðir eru liðnir og fram að uppgjöri skuli einfaldir vextir leggjast á fyrrgreindar fjárhæðir sem svara til almennra útlánsvaxta Seðlabanka Evrópu meðan á vanskilum stendur, með 3% álagi.

Matúz gegn Ungverjalandi

Dómur frá 21. október 2014

Mál nr. 73571/10

10. gr. Tjáningarfrelsi

Blaðamenn. Starfs skyldur. Trúnaðarupplýsingar. Efni sem varðar almenning.

1. Málsatvik

Kærandi er ungverskur ríkisborgari fæddur árið 1963. Hann starfaði sem fréttamaður hjá ungverska ríkissjónvarpinu. Árið 2004 var honum sagt upp störfum fyrir að rjúfa trúnað og brjóta þar með trúnaðarákvæði ráðningarsamnings síns með því að gefa út bók þar sem hann sakaði einn af stjórnendum fjölmiðilsins um ritskoðun. Kærandi lét reyna á uppsögn sína fyrir dómstólum þar í landi sem töldu hana lögmæta.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi uppsögn sína hafa falið í sér óréttmæta skerðingu á tjáningarfrelsi og þar með brot á 10. gr. sáttmálans

Niðurstaða

Uppsögn kæranda fól í sér skerðingu á tjáningarfrelsi hans þar sem hún fór fram einungis með vísan til upplýsinga sem komu fram við útgáfu bókar hans en ekki getu hans eða frammistöðu í starfi. Efni bókarinnar átti erindi við almenning. Að teknu tilliti til hlutverks blaðamanna í Lýðræðisþjóðfélagi og skyldu þeirra til að taka þátt í og hvetja til gagnrýnnar þjóðfélagssumræðu geta jafn strangar trúnaðarskyldur gilt um þá og aðra borgara. Enn fremur þurfti að meta í máli kæranda samspil hollustu hans við vinnuveitanda sinn og opinbert eðli þess vinnuveitanda. Hefði ungerska ríkið því átt að veita þeim almannahagsmunum sem háttsemi hans tengdist meiri gaum við meðferð málsins. Enn fremur voru nokkrar staðhæfingar fréttamannsins gildisdómar sem ekki eru undirorpnir sönnun með sama hætti og staðhæfingar um staðreyndir.

Þrátt fyrir að birting sumra skjalanna í bókinni hafi verið trúnaðarbrestur bæri að líta til þess að efni skjalanna hafði verið gert almenningi aðgengilegt á netinu fyrir útgáfu bókarinnar. Góð trú fréttamannsins var heldur aldrei dregin í efa við meðferð málsins, því til viðbótar var bókinn gefin út eftir að kærandi hafði reynt að kvarta yfir háttseminni til vinnuveitanda síns, án árangurs.

Uppsögn án réttar til uppsagnarfrests var harkalegt úrræði við því broti sem átti sér stað. Ennfremur höfðu dómstólar einungis litið til trúnaðarbrestsins við mat málsins en ekki tekið til skoðunar að kærandi var að beita tjáningarfrelsi sínu í þágu almennings. Ungverskir dómstólar höfðu því brugðist þeirri skyldu sinni að meta hvort efni bókarinnar og tilgangur útgáfu hennar gætu hafa haft áhrif á hvað kæranda gæti talist heimilt í þessu sambandi. Gat skerðingin á tjáningarfrelsi kæranda því ekki talist nauðsynleg í lýðræðissamfélagi og var hún því brot á 10. gr. sáttmálans.

Kæranda voru dæmdar 5000 evrur í miskabætur og 1440 evrur í málskostnað.

Gough gegn Bretlandi

Dómur frá 28. október 2014

Mál nr. 49327/11

Sjá reifun dómsins undir 8. gr.

Kærufrestur. Réttur til að vera nakinn á almannaferi. Takmörkun tjáningarfrelsis til verndar siðgæði.

Braun gegn Póllandi

Dómur frá 4. nóvember 2014

Mál nr. 30162/10

10. gr. Tjáningarfrelsi

Bláðamenn. Umræða um málefni sem varðar almenning. Sannleiksgildi ummæla.

1. Málsatvik

Kærandi, Grzegorz Michal Braun, er pólskur ríkisborgari, fæddur árið 1967. Hann er kvikmyndaleikstjóri og sagnfræðingur, en hefur einnig skrifað greinar í dagblöð. Í umræðubætti árið 2007 talaði kærandi um þjóðþekktan prófessor í Póllandi og sagði að hann hefði unnið fyrir yfirvöld á tímum kommúnistastjórnarinnar í Póllandi. Prófessorinn höfðaði einkamál á hendur kæranda og í júlí 2008 var kærandi sakfelldur fyrir ærumeiðandi ummæli og til greiðslu sektar vegna brota sinna. Þá var honum einnig fyrirskipað að birta afsökunarbeiðni vegna ummæla sinna. Í dóminum var tekið fram að sérstök rannsóknarnefnd hefði rannsakað þátt prófessorsins í njósnum á vegum kommúnistastjórnarinnar, en ekki hafi tekist að sýna fram á að hann hefði starfað á vegum stjórnarinnar. Þó var tekið fram að gagnaskrár þjóðskjalasafnsins bentu til þess að til hefðu verið gögn um starf hans fyrir stjórnvöld, en þau gögn væru ekki lengur til staðar. Í dóminum var komist að þeirri niðurstöðu að ekki væri hægt að sanna að prófessorinn hefði tekið þátt í því að njósna um samborgara sína á vegum stjórnvalda, og því yrði að líta svo á að ummæli kæranda um hann væru ósönn.

Kröfur kæranda voru ekki teknar til greina fyrir hæstarétti, en skylda hans til birtingar á afsökunarbeiðni var takmörkuð við einn prentmiðil og eina útvarpsstöð. Í dómi hæstaréttar var tekið fram að samkvæmt dómafordæmum yrði blaðamönnum ekki gert að sanna staðhæfingar sem settar væru fram í umfjöllunum þeirra um mál sem vörðuðu almenning. Þó var ekki talið að kærandi hafi starfað sem blaðamaður þegar hann lét ummælin falla og því ættu fordæmin ekki við í tilfelli hans.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að sakfelling hans vegna ummælanna hafi falið í sér brot gegn 10. gr. sáttmálans. Hann tók sérstaklega fram að hann hefði starfað sem blaðamaður í mörg ár og að umræðubátturinn sem hann tók þátt í hafi fjallað um málefni sem hafi verið mikilvæg og hafi átt erindi til almennings.

Niðurstaða

Dómstóllinn taldi ljóst að málaferlin gegn kæranda hafi falið í sér takmörkun á tjáningarfrelsi hans, og að sú takmörkun hafi verið lögum samkvæmt og í því lögmæta markmiði samkvæmt 2. mgr. 10. gr. sáttmálans að vernda æru annarra. Þá fjallaði dómstóllinn um hvort takmörkunin yrði talin nauðsynleg í lýðræðisþjóðfélagi. Dómstóllinn tók fram að kærandi hafi sett fram alvarlega ásökun á

10. gr. Tjáningarfrelsi

hendur prófessornum, sem var til þess fallin að rýra æru hans. Þó tók dómstóllinn fram að pólskir dómstólar hafi gert greinarmun á blaðamönnum annars vegar og almennum borgurum hins vegar, þegar lagt var mat á hvort tjáningarfrelsi kæranda eða æruvernd prófessorsins ættu að hafa meira vægi í málinu. Samkvæmt dómafordæmum hæstaréttar landsins áttu sjónarmið um að ummæli væru sett fram í góðri trú eingöngu við þegar um blaðamenn var að ræða, en kæranda hafi verið gert að sanna sannleiksgildi ummæla sinna. Þar sem honum hafi ekki tekist það, var talið að hann hafi brotið gegn æruvernd prófessorsins.

Kærandi taldi, andstætt niðurstöðu hæstaréttar, að hann hefði í raun starfað sem blaðamaður í mörg ár. Dómstóllinn taldi ekki skipta máli hvort hann hafi talist blaðamaður samkvæmt pólskum lögum, þegar metið væri hvort brotið hafi verið gegn 10. gr. sáttmálans. Þá skipti heldur ekki máli hvort ummæli hans væru byggð á traustum upplýsingum eða hvort upplýsingarnar hafi réttlætt ásakanir hans.

Dómstóllinn taldi að mestu máli skipti að kærandi hafi verið þátttakandi í opinberri umræðu um mikilvæg málefni. Eins og fram hafi komið fyrir pólskum dómstólum var hann viðurkenndur sem sérfræðingur um málefnið sem fjallað var um í þættinum. Því hafnaði dómstóllinn þeirri afstöðu pólskra dómstóla að krefjast þess að kærandi sannaði sannleiksgildi ummæla sinna og gera þar með meiri kröfur til hans, en gerðar væru til blaðamanna í sambærilegri stöðu. Því taldi dómstóllinn að sakfelling kæranda í málinu hafi falið í sér brot gegn tjáningarfrelsi hans samkvæmt 10. gr. sáttmálans.

Dómstóllinn dæmdi pólska ríkið til að greiða kæranda skaðabætur að fjárhæð 8.000 evrur, 3.000 evrur í miskabætur og 3.000 evrur í málskostnað.

14. gr. Bann við mismunun

Emel Boyraz gegn Tyrklandi

Dómur frá 2. desember 2014

Mál nr. 61960/08

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

14. gr. Bann við mismunun

Opinbert starf. Mismunun á grundvelli kynferðis. Málsmeðferðartími fyrir dómstól.

1. Málsatvik

Kærandi er tyrkneskur ríkisborgari fædd árið 1975 og búsett í Tyrklandi. Árið 1999 stóðst hún hæfnispróf til að gegna opinberum störfum og var í kjölfarið skipuð til starfa sem öryggisvörður hjá ríkisrekna orkufyrirtækinu TEDAS. Þann 5. júlí 2000 var henni svo tilkynnt að skipunin gæti ekki tekið gildi sem hún uppfyllti ekki skilyrðin að vera karlmaður né hefði hún gegnt herþjónustu. Hún kærði þá ákvörðun 18. september 2000. Þann 27. febrúar 2001 komst stjórnsludómstóll að þeirri niðurstöðu að ákvörðunin hefði verið ólögmat og í kjölfarið var henni boðinn samningur hjá TEDAS. Tyrkneska ríkið áfrýjaði til æðri stjórnsludómstóls og þann 31. mars 2003 æðsti stjórnsludómstóll að þeirri niðurstöðu að ekki hafi verið brotið gegn kæranda með skilyrðinu. Var kæranda því vísað frá störfum þann 17. mars 2004. Frekari áfrýjanir kæranda báru ekki árangur, síðast með frávisun 17. september 2008.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi vísaði til þess í kæru sinni að meðferð á henni hafi falið í sér mismunun gagnvart henni á grundvelli kynferðis í skilningi 14. gr. sbr. 8. gr. sáttmálans. Einnig byggði hún kæru sína á að hinn langi málsmeðferðartími í máli hennar hafi falið í sér brot á réttinum til réttlátrar málsmeðferðar í skilningi 1. mgr. 6. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Um 14. gr. sbr. 8. gr.: Tyrkneska ríkið bar því við að hvorki 8. né 14. gr. ættu við í málinu þar sem það varðaði réttinn til að vera ráðinn til starfa hjá ríkinu sem ekki væri að finna í sáttmálanum. Dómstóllinn tók fram að þó viðurkennt væri að rétturinn til opinberra starfa væri ekki tryggður í sáttmálanum hefði kærandi verið ráðin á samningsgrundvelli. Uppsögn byggð einungis á kynferði umsækjenda væri svo alvarleg meingerð gegn persónu, sjálfsmynd og sjálfsvirðingu einstaklings að það gæti haft áhrif á einkalíf einstaklings. Var því hægt að beita 14. gr. sbr. 8. gr. í máli þessu.

14. gr. Bann við mismunun

Dómstóllinn áréttaði að svigrúm til mats um það hvort mismunun sé réttlæt-anleg sé þrengra þegar um mismunun á grundvelli kynferðis sé að ræða enda sé jafnrétti kynjanna eitt af meginmarkmiðum aðildarríkja sáttmálans í dag. Þyrfti því mikið að koma til svo það teldist réttlæt-anlegt. Rök tyrkneska ríkisins um að kærandi hafi verið vanhæf til að sinna starfinu þar sem það væri ætlað karlmönnum benti því til þess að um mismunun milli einstaklinga í sambærilegri stöðu væri að ræða.

Mat tyrkneska dómstólsins í máli kæranda var að konur væri ekki hæfar til starfans þar sem unnið var á næturvöktum og hættan á að þurfa að beita valdi eða skotvopnum væri of mikil. Þetta viðhorf gekk þvert á fyrri dómaframkvæmd Hæstaréttar Tyrklands. Enn fremur tók dómstóllinn fram að ekki hefði farið fram mat á hæfni kæranda heldur hafi verið gengið út frá því að hún væri ekki hæf til að gegna þeim hluta starfans vegna kynferðis. Taldi dómstóllinn því að um ólögmæta mismunun á grundvelli kynferðis hafi verið að ræða.

Um 1. mgr. 6. gr.: Dómstóllinn taldi að átta ár hafi verið of langur tími við meðferð þessa máls, sérstaklega í ljósi þess að í sjö ár og þrjá mánuði af þessum tíma lá málið fyrir hjá æðsta stjórnsludómstól Tyrklands.

Kæranda voru dæmdar 10.000 evrur í miskabætur.

35. gr. Skilyrði þess að mál sé tækt

Gough gegn Bretlandi

Dómur frá 28. október 2014

Mál nr. 49327/11

Sjá reifun dómsins undir 8. gr.

Kærufrestur. Réttur til að vera nakinn á almannaþæri. Takmörkun tjáningarfrelsis til verndar siðgæði.

38. gr. Skoðun máls

Husayn og Al Nashiri gegn Póllandi

Dómur frá 24. júlí 2014

Mál nr. 7511/13 og 28761/11

Sjá reifun dómsins undir 3. gr.

Ólöglegir fangaflutningar. Lögsaga. Ábyrgð á aðgerðum bandarísku leyniþjónustunnar.

46. gr. Bindandi áhrif dóma og fullnusta þeirra

Husayn og Al Nashiri gegn Póllandi

Dómur frá 24. júlí 2014

Mál nr. 7511/13 og 28761/11

Sjá reifun dómsins undir 3. gr.

Ólöglegir fangaflutningar. Lögsaga. Ábyrgð á aðgerðum bandarísku leyniþjónustunnar.

1. gr. 6. viðauka. Afnáam dauðarefsingar

Husayn og Al Nashiri gegn Póllandi

Dómur frá 24. júlí 2014

Mál nr. 7511/13 og 28761/11

Sjá reifun dómsins undir 3. gr.

Ólöglegir fangaflutningar. Lögsaga. Ábyrgð á aðgerðum bandarísku leyniþjónustunnar.

4. gr. 7. viðauka. Réttur til að vera ekki saksóttur eða refsað tvívegis

Lucky Dev gegn Svíþjóð
Dómur frá 27. nóvember 2014
Mál nr. 7356/10

4. gr. 7. viðauka. Réttur til að vera ekki saksóttur eða refsað tvívegis
Viðurlög vegna skattalagabrota. Tvöföld málsmeðferð.

1. Málsatvik

Kærandi, Lucky Dev, er sænskur ríkisborgari, fædd árið 1961. Hún rak tvö veitingahús ásamt eiginmanni sínum. Í júní 2004 hófu sænsk skattayfirvöld rannsókn á rekstri kæranda vegna skila á tekjuskatti og uppgjöri virðisaukaskatts fyrir árið 2002. Henni var gert að greiða vangoldinn skatt ásamt því að greiða álag vegna þess sem vangreitt var. Kærandi kærði úrskurð skattayfirvalda til dómstóla án árangurs, en niðurstaða fékkst í málið í október 2009. Sakamál var höfðað á hendur kæranda í ágúst 2005 og í desember 2008 var hún sakfelld fyrir bókhaldsbrot, en sýknuð af brotum gegn skattalögum þar sem ekki var sýnt fram á ásetning til brotanna. Hún var dæmd í óskilorðsbundið fangelsi og til þess að inna af hendi 160 klst. í samfélagsþjónustu. Málinu var ekki áfrýjað til æðri dómstóls.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að hún hefði verið saksótt og refsað tvívegis fyrir sama brot og taldi að það bryti gegn ákvæðum 4. gr. 7. viðauka sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók sérstaklega fram að að kærandi hefði fullreynt þau úrræði sem henni stóðu til boða að landsrétti, þar sem sakamál á hendur henni varð endanlegt í janúar 2009 og ný úrræði samkvæmt landsrétti tóku ekki gildi fyrr en eftir þann tíma eða 10. febrúar 2009.

Þá teldist málsmeðferð skattayfirvalda og álagning álags vegna skattalagabrota til refsímála, bæði í skilningi 6. gr. sáttmálans og 4. gr. 7. viðauka hans. Dómstóllinn tók fram að 4. gr. 7. viðauka legði bann við því að menn yrðu saksóttir fyrir brot á nýjan leik, ef sýnt væri fram á að brotin ættu í báðum tilvikum rót sína að rekja til sömu málsatvika. Dómstóllinn taldi að bókhaldsbrotin sem kærandi var sakfelld fyrir væru annars eðlis en þau brot sem hafi orðið til þess að henni hafi verið gert að greiða skattálag, enda byggðust þau ekki algerlega á sömu málsatvikum. Því taldi dómstóllinn að kærandi hafi ekki þurft að sæta tvöfaldri refsingu vegna sama brots. Þó hefðu þau skattalagabrot sem hún var ákærð fyrir í sakamálinu verið þau sömu og álagning skattálagsins byggðist á, og því yrði talið að málsmeðferðin bæði hjá skattayfirvöldum og dómstólum hafi snúið að sama broti. Skilyrðum dómstólsins um

að lokaniðurstaða þurfi að liggja fyrir var fullnægt þar sem niðurstöðu dómstólsins um sýknu af skattalagabrotum var ekki áfrýjað til æðri dómstóls.

Dómstóllinn tók þá til skoðunar hvort um tvöfalda málsmeðferð hafi verið að ræða. Þar ítrekaði dómstóllinn að ákvæði 4. gr. 7. viðauka legðu ekki eingöngu bann við því að menn sættu tvívegis refsingu fyrir sama brot, heldur einnig bann við tvöfaldri málsmeðferð. Ákvæðið ætti því við hvort sem máli lyki með sakfellingu eða sýknu. Þó yrði ákvæðið aðeins virkt í þeim tilvikum þar sem endanleg niðurstaða væri fengin í mál á fyrri stigum þess. Dómstóllinn tók fram að ákvæðið kæmi ekki í veg fyrir að mörg mál væru rekin samtímis vegna sama brots, ef lokaákvörðun í einhverju þeirra lægi ekki þegar fyrir. Það yrði því talið brot gegn 4. gr. 7. viðauka ef málsmeðferð héldi áfram eftir að lokaniðurstaða liggur fyrir hjá öðru stjórnvaldi vegna sömu brota. Í tilviki kæranda hafi málsmeðferð skattayfirvalda haldið áfram í rúmlega 9 mánuði eftir að lokaniðurstaða dómstóls lá fyrir í sakamálinu og ákvörðun um greiðslu álags var haldið til streitu þrátt fyrir sýknudóminn. Þá taldi dómstóllinn ekki hægt að líta svo á að málsmeðferð skattayfirvalda og dómstóla teldist til sömu málsmeðferðar, þar sem málsmeðferðin á hvoru stigi væri ekki í beinum tengslum hvað varðaði efni og tímasetningu þeirra. Því væri aðstaðan í máli kæranda ekki sambærileg við fyrri dóma dómstólsins í málum R.T. gegn Sviss og Nilson gegn Svíþjóð. Því taldi dómstóllinn að kærandi hafi sætt tvöfaldri málsmeðferð vegna sama brots, og því hafi verið brotið gegn 4. gr. 7. viðauka sáttmálans.

Dómstóllinn dæmdi sænska ríkið til að greiða kæranda 2.000 evrur í miskabætur.